

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • MAÍ 2016



# Aflandsbælin

Um síðustu aldamót urðu skattyfirvöld á Íslandi þess áskynja að framteljendum færi fjölgandi sem ættu eða hefðu yfirráð yfir erlendum lögaðilum er skráðir voru á lágskattasvæðum. Í framtölum komu fram vísendingar um slíkar breytingar en e.t.v. skipti ekki síður máli að á þessum árum voru til meðferðar mál þar sem við húsleit og haldlagningu gagna komu fram upplýsingar sem gáfu til kynna að hlutaðeigandi væri með eignir skráðar á aflandssvæðum en framtalsskilum um slíkt var ábótavant. Hluti framteljenda, sem átti slíkar eignir, uppfyllti lögbundnar skyldur sínar með því að gera grein fyrir eignarhaldinu og þeim tekjum sem af því stöfuðu og stóðu þannig skil á skattgreiðslum sínum. Flestir sáu þó enga ástæðu til að geta um þær eignir sínar sem komið hafði verið fyrir með framangreindum hætti. Þeir hafa væntanlega talið sér vera óhætt með fjármuni sína á aflandsvæði í skjóli fyrir afskiptum skattyfirvalda.

Frá þessum tíma og fram að hruni efnahagslífsins á Íslandi í október 2008 hafði lögaðilum í eigu Íslendinga á aflandsvæðum fjölgað umtalsvert. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis á árinu 2010 er fjallað ítarlega um þetta ástand. Þá fyrst varð almennungi ljóst hversu víðtæk og mikil aflandsvæðingin hafði verið og sömuleiðis lá þá fyrir hversu alvarlegar afleiðingarnar voru samfélaginu öllu. Enda þótt fjárfestingar Íslendinga erlendis á þessum tíma væru umtalsverðar skýrir slíkt ekki hvers vegna ótrúlega margir kusu að haga málum sínum með þeim hætti að gera enga grein fyrir þessum tekjum sínum og eignum á skattframtölum.

Það er áleitinn spurning hvers vegna fjármagnseignendur hafi í stórum stíl tekið ákvörðun um að færa eignir inn í aflandsfélög og sveipa þær huliðshjúpi með flóknum blekkingum og öðrum ráðstöfunum. Skýringar sem sumir hafa gefið eru oft þær að þetta hafi verið einhliða ákvörðun fjármálafyrirtækis og jafnframt að úrvinnsla lánafyrirgreiðslu hafi verið færð til Lúxemborgar. Aðrir hafa þó viðurkennt að ástæðan hafi einfaldlega verið sú að fyrirkomulagið gerði skattyfirvöldum erfitt fyrir að afla upplýsinga og í trausti leyndarinnar hafi menn látið freistast. Um flókna fjármálagerninga og aflandsfléttur í því samhengi má svo lesa í dómum Hæstaréttar. Þetta vekur hugrenningar um hvort útrásin margfræga hafi þurft á slíkri leynd að halda og hvort samhliða viðskiptagerningum hafi hún falist í því að koma fjármagni undan skattlagningu eða verið af öðrum hvötum. Leyndin ein og sér, t.a.m. um eignarhald í stórum fyrirtækjum, getur tæplega hafa átt sér eðlilegar skýringar. Hvernig sem á er horft fólst jafnframt í þessu fyrirkomulagi að skattgreiðslur eigenda yrðu til langs eða skamms tíma annað hvort engar eða margfalt lægri en ella hefði verið. Því er ástæða til að spyrja um þátt íslensku fjármálafyrirtækjanna í slíkri skipulagningu en mörg þeirra ráku umsvifamikla starfsemi í Evrópu í skjóli þarlendrar bankaleyndar, þaðan sem leiðir lágu m.a. til Panama og Bresku Jómfrúareyja. Kerfið sem byggt var upp af fjármálafyrirtækjunum, með eða án viðeigandi ráðgjafa, reynist hafa verið býsna umsvifamikið. Allt er þetta með einum eða öðrum hætti spunnið upp með leyndina að leiðarljósi og þaðan er stutt í blekkingar til að hindra að sannleikurinn komi í ljós.

## TÍUND

MAÍ 2016 - BLAÐ NR. 71

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.



Fram að árinu 2008 voru það einkum skattyfirvöld sem lýst höfðu áhyggjum af þróun mála, m.a. í skýrslu starfshóps fjármálaráðherra um umfang skattsvika sem skilaði greinargerð um athuganir sínar á árinu 2004. Framteljendur sem hafa allt sitt á hreinu gagnvart skattyfirvöldum með því að færa eignir og tekjur með viðeigandi upplýsingum á skattframtal hafa að eigin sögn ekkert haft nema ama af eignarhaldi aflandsfélaga. Sú staðreynd að eigendur aflandsfélaga eru nú litnir hornauga fyrir slíkt eignarhald er allrar athygli verð. Vindar sem nú blása um stærstan hluta hins vestræna heims gegn skattaskjólum eru hvassari en áður. Það er ástæða til þess að nýta þennan byr og skera upp herör gegn því að notkun félaga af þessu tagi verði látin viðgangast. Sóknarfærin eru nú óvenju sterk gegn þessu athæfi sem varla er unnt að kalla annað en ósóma.

Kerfi blekkinganna er óðum að hrynja sem aumasta spilaborg. Ítrekaðar tilraunir yfirvalda um allan heim til að berjast gegn þessu ástandi með viðræðum, ályktunum og upplýsingaskiptasamningum, sem aflandsríki voru nauðbeygð til að skrifa undir, skiluðu vissum árangri en ekki nægjanlega miklum. Hulunni var ekki svipt frá fyrr en innviðir aflandsbælanna brustu og sýndargerningarnir, leyndin og blekkingarnar urðu heimsbyggðinni ljós. Íslendingar, sem ekki var áður vitað um, reynast koma fram í þessum upplýsingum, reyndar það margir að alþjóðaathygli vekur. Íslendingar voru þannig ekki aðeins mestir og bestir í viðskiptum eins og haldið var fram þegar útrásin stóð sem hæst, með styrkum stuðningi ólíklegasta fólks, heldur virðist Ísland stefna í að setja met í hlutfallslegri þátttöku landsmanna í því alþjóðarugli sem aflandsheimurinn hefur að geyma.

Það er sem sagt að koma enn skýrar en áður í ljós að íslenskir athafnamenn hafa ekki dregið af sér



**Skúli Eggert Þórðarson**  
ríkisskattstjóri



**Ingvar J. Rögnvaldsson**  
vararíkisskattstjóri

við að fela fjármuni og eignarhald fyrir íslenskum yfirvöldum. Svo virðist sem ekki aðeins skattyfirvöld hafi verið blekkt, heldur einnig samkeppnis- og fjármálayfirvöld. Uppsetning á aflandsfélagi ásamt felustjórnendum, verður ekki gerð nema með liðsinni fjármálafyrirtækja eða sérfræðinga í hlutaðeigandi löggjöf sem vinna verkin fyrir eigendur fjármagnsins. Allt virðist þetta hafa verið unnið með skipulegum hætti á öllum stigum og ráðgjafarnir voru ugglaut til taks ef yfirvöld fóru að krefjast óþægilegra upplýsinga. Við þær aðstæður er gjarnan gripið til gamalkunnugra aðferða, að tefja, fara undan í flæmingi, jafnvel að gera yfirvöld tortryggileg og þegar öll sund lokast að hóta starfsmönnum skattyfirvalda. Nú hefur sannast hið fornkveðna að upp komast svik um síðir, þó með óvæntum hætti væri. Panamaskjölin hafa svipt hulinni af felustaðnum og þeir sem töldu sig eiga falinn fjársjóð í jörðu að hætti sjóræningja geta tæplega vænst þess lengur að sitja einir að góssinu.

<b>Leiðarinn</b> .....	<b>2</b>	<b>Framtalsskil 2016</b> .....	<b>31</b>
<b>Virkt eftirlit með viðskiptalífnum og nauðsynleg úrræði</b> .....	<b>4</b>	<b>97% ánægðir með þjónustu RSK</b> .....	<b>33</b>
<b>Skattaskjól</b> .....	<b>8</b>	<b>Atvinnurekstur 2014</b> .....	<b>34</b>
<b>Þjónusta á framtalsfresti</b> .....	<b>16</b>	<b>UTmessan 2016</b> .....	<b>55</b>
<b>Skattumdæmi og skattstjórar</b> .....	<b>18</b>	<b>Aflandsfélög og upplýsingaskipti</b> .....	<b>56</b>
<b>UT-verðlaun SKÝ 2016</b> .....	<b>27</b>	<b>Dómar</b> .....	<b>58</b>
<b>Velta og virðisaukaskattur</b> .....	<b>28</b>	<b>Úrskurðir yfirsattanefndar</b> .....	<b>66</b>
		<b>Lokaorðið</b> .....	<b>70</b>



# Virkt eftirlit með viðskiptalífinu og nauðsynleg úrræði



**Ólafur Þór Hauksson** var skipaður til að vera héraðssaksóknari frá stofnun þess embættis hinn 1. janúar 2016. Áður hafði Ólafur Þór gegnt embætti sérstaks saksóknara frá árinu 2009 og þar áður verið viðloðandi löggæslu frá því hann útskrifaðist úr lagadeild Háskóla Íslands. Hann varð fljótlega sýslumaður og lögreglustjóri og gegndi embættunum um margra ára skeið, fyrst í Strandasýslu og síðan á Akranesi.

Það gustaði um Ólaf Þór í embætti sérstaks saksóknara. Fjöl mörg mál voru til meðferðar hjá því embætti alveg frá stofnun og þar til störfum þess lauk um síðustu áramót. Flest öll þau stærri tengdust hrúni fjármálakerfisins á Íslandi á haustmánuðum 2008. Ólafur Þór hefur þótt ákveðinn saksóknari og hefur hann fylgt málum fram af festu bæði á rannsóknarstigi og síðan undir ákærumeðferð. Í byrjun apríl sl. komu málefni aflandsfélaga til umræðu um allan heim eftir að svokallaður Panamaleki var gerður heyrum kunnugur. Aflandsfélög hafa ítrekað komið við sögu í málum sem ákærvaldið hefur rekið fyrir dómstólum.

Tíund tók hús á Ólafi Þór héraðssaksóknara í tvennum tilgangi. Annars vegar til að fá hans sýn á og reynslu af aflandsmálum og svo til að heyra af stefnu embættis hans í málum er nýverið hafa verið mikið til umræðu og rísa af sviksamlegri háttsemi í byggingargeira.

### **Hversu algengt er að í þeim málum sem sérstakur saksóknari hafði til meðferðar, að félög sem skráð eru í Panama, Tortóla eða Lúxemborg, svo dæmi séu tekin, séu notuð til að komast hjá skattgreiðslum eða til að fela eignarhald?**

Það má segja að við rannsóknir á hrunmálunum þá hafi í nokkuð mörg skipti komið upp sú staða að svokölluð aflandsfélög ættu hlut að máli eða hefðu verið notuð við þá löggerninga sem voru til skoðunar. Í þeim málum sem við höfum haft til rannsóknar koma fyrir félög t.d. skráð á Tortóla, Kýpur, Panama og víðar sem og

ekki fyrir hvernig skattmálum þeirra væri háttáð en engu að síður vakti það athygli í hversu miklum mæli íslenskir aðilar notfærðu sér þessi félög fremur en hefðbundið íslenskt félagaforn.

**Nú er vitað að ákveðin fjármálafyrirtæki lögðu að viðskiptamönnum sínum að nota aflandsfélög. Telur þú að algengasti tilgangur þess hafi verið að blekkja skattfyrivöld eða að það hafi fremur snúið að öðrum yfirvöldum, svo sem samkeppnisyfyrivöldum eða fjármálaeftirliti?**

Það er rétt, bæði var boðið upp á aflandsfélög og þau kynnt viðskiptamönnum fjármálafyrirtækja sem ákjósanlegur kostur á margan hátt. Í þessum viðskiptum felst að eignarhald félaganna var ógagnsætt og því erfiðara um vik framan af fyrir yfirvöld að fá upplýsingar um raunverulega eigendur félaganna auk þess sem lítið eftirlit var með starfsemi þeirra. Slík staða býr vissulega yfir eiginleikum sem eru hagkvæmir þeim er hyggja á skattsvik. Á hinn bóginn fylgdu þessu líka ákveðnir ókostir eins og þeir að þjónusta við þessa gerð félaga kostaði sitt auk þess sem takmarkanir eru á möguleikum til nýtingar þeirra fjármuna sem geymdir eru inni í þessum félögum.

”

Eignarhald félaganna var ógagnsætt og því erfiðara um vik framan af fyrir yfirvöld að fá upplýsingar um raunverulega eigendur félaganna auk þess sem lítið eftirlit var með starfsemi þeirra

sjóðir (e. trusts) sem eru þá gjarnan skráðir á Guernsey, Mön eða Jersey. Þar sem þessi mál voru fyrst og fremst rannsökuð vegna brota tengdum starfsemi bankanna þá lá



”

Nauðsynlegt er að haft sé virkt eftirlit með viðskiptalífínu og að úrræði séu til staðar og virk innan löggæslunnar til að rannsaka og eftir atvikum saksækja í þeim sakamálum sem þar koma upp

Á seinni árum hafa komið fram kröfur um að gerð sé grein fyrir því hver sé raunverulegur eigandi félags (e. beneficial owner) t.d. við stofnun reikninga í bönkum en slík krafa er til þess fallin að vinna gegn þeirri leynd sem félögunum er ella ætlað að bjóða upp á.

**Hvernig gekk að fá upplýsingar í málum aflandsfélaga? Fengust upplýsingar frá yfirvöldum á hlutaðeigandi stöðum eða þurfti embættið einkum að byggja á gögnum sem fengust með haldlagningu eða annarri valdbeitingu?**

Nú er það svo að embætti sérstaks saksóknara óskaði eftir réttaraðstoð með réttarbeiðnum sem sendar voru löggæsluyfirvöldum í viðkomandi landi. Flestar slíkar beiðnir voru sendar til Luxemborgar þar sem umsvif íslenskra

fjármálafyrirtækja voru mikil. Í nokkrum slíkum beiðnum var farið fram á húsleitir. Í flestum tilvikum fundust gögn um aflandsfélög innan þeirra fjármálafyrirtækja sem leitað var í og þau gögn haldlögð. Í framhaldinu voru okkur send gögnin eftir að rannsóknardómari hafði gengið úr skugga um að haldlögð gögn væru í samræmi við réttarbeiðnirnar. Mikið af gögnum um þessi félög bárust okkur eftir þessum leiðum en þess sem upp á vantaði var aflað með því að koma upp samskiptaleiðum til öflunar gagna frá viðkomandi ríkjum.

**Eignarhald hefur oft verið flókið í ýmsum viðskiptum. Hverjar telur þú hafa verið helstu ástæður þess?**

Í ákveðnum tilvikum er grunur um að ætlunin hafi verið að fela aðkomu aðila að viðskiptunum þannig að þau hefðu á sér annað yfirbragð en var í raun. Í ein-



*Ólafur Þór Hauksson gegnir embætti héraðssaksóknara.*

**Nú hefur héraðssaksóknari tekið til rannsóknar málefni lögaðila í byggingariðnaði, m.a. vegna athugasemda sem skattyfirvöld hafa gert. Telur þú að hér sé að myndast vísir að skipulagðri glæpastarfsemi þar sem löglega stofnaðir lögaðilar eru nýttir til að fela brotastarfsemi?**

Enn er of snemmt að draga ályktanir í þeim málum sem nýverið hafa komið upp og eru til rannsóknar. Málin sem vísað er til eru enn á rannsóknarstigi og eftir er að leiða í ljós hvort um brot hafi verið að ræða. Þar til sú niðurstaða liggur fyrir er lítið hægt að tjá sig um þessi mál. Hins vegar er það svo að í efnahagsbrotum almennt er staðan því miður oft þannig að þau leynast innan um annars löglega atvinnustarfsemi. Það gerir þau erfiðari viðfangs en önnur brot sem liggja mun skýrar fyrir.

**Og að lokum hvernig hefur gengið að móta störf nýs embættis og hvað tekur þú með þér í þau störf eftir reynslu undanfarinna ára?**

Embætti héraðssaksóknara hefur nú starfað í þrjá og hálfan mánuð, frá áramótum, en á því tímamarki var embætti sérstaks saksóknara lagt niður. Hjá embætti sérstaks saksóknara hafði safnast reynsla og þekking sem fluttist með starfsfólkinu yfir til embætti héraðssaksóknara. Sú þekking kemur sér ótvírætt vel í þeim verkefnum sem embætti héraðssaksóknara hefur á hendi t.d. varðandi áætlanagerð, undirbúning og framkvæmd rannsókna sem og verklag við saksókn mála. Ég bæði vona og tel að embættið muni standa vel að lausn þeirra verkefna sem því verða falin. ■

hverjum tilvikum var þó bent á tilteknar lögmætar ástæður sem horfðu til hægðar- auka við að nota þessi félög.

**Hvaða lærdóm, hvað viðskiptalífið varðar, telur þú að draga megi af störfum sérstaks saksóknara?**

Nauðsynlegt er að haft sé virkt eftirlit með viðskiptalífinu og að úrræði séu til staðar og virk innan löggæslunnar til að rannsaka og eftir atvikum saksækja í þeim sakamálum sem þar koma upp. Hér er um mikla hagsmuni að ræða sem snerta hag almennings og afkomu og slíkir hagsmunir eiga ekki að vera settir í hættu. Þegar mál er varða viðskiptalífið koma upp þá er yfirleitt brugðist hart við af hálfu þeirra sem hlut eiga að máli og reynt að hafa áhrif á umræðuna sem um þessi mál skapast. Gjalda þarf varhug við slíku.



*Héraðssaksóknara er til húsa að Skúlagötu 17 Reykjavík.*

# Skattaskjól

– umfjöllun undanfarinna ára rifjuð upp –

Skattayfirvöld hafa um langt árabíl þekkt til starfsemi í svokölluðum skattaskjólum á aflandsvæðum og lagt sig í líma um að taka á málum þeim tengdum og hafa áhrif á þau úrræði sem breytta löggjöf þarf til að geta tekið á. Í ljósi nýlegs skjalaleka frá lögfræðistofunni Mossack Fonseca í Panama hafa aflandsfélög, tilgangur þeirra og réttmæti verið mikið í umræðunni. Þykir af því tilefni rétt að endurbirta hér valda kafla úr eldri tölublöðum Tíundar er varða þessi mál auk skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi frá árinu 2004 í von um að varpa skýrara ljósi á aflandsfélög.

## Úr skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi frá desember 2004 sem lögð var fyrir Alþingi af fjármálaráðherra á 131. löggjafarþingi 2004–2005 og einnig var vakin athygli á með grein í 2. tbl. 23. árg. Tíundar í júní 2009

Skattaparadísir og skattavildarreglur geta átt rétt á sér en hafa oftast ekki viss einkenni sem gera það að verkum að þau eru skaðleg og til þess fallin að draga til sín fjármagn og tekjur af því án þess að þar eigi sér stað nokkur raunveruleg starfsemi né virðisauki og þar með tekjur. Talið er að skattaparadís eða skattavildarsvæði feli í sér skaðlega starfsemi ef boðið er upp á mjög lágan eða engan tekjuskatt ásamt því að eitt eða fleira af eftirtöldu sé til staðar: Reglurnar eru eingöngu fyrir erlenda aðila, upplýsingaleynd ríkir og engin raunveruleg starfsemi fer fram.

Skattaparadísir er kölluð þau ríki eða svæði með skattalegt sjálfsforræði þar sem skattareglur eins og að framan er lýst eru í gildi. Má þar nefna ríki eins og Bermúda, Bahama, Caymaneyjar, Bresku-Jómfrúreyjar, Ermarsundseyjarnar, Lichtenstein o.fl. sambærilega staði. Þessi lönd sérhæfa sig m.a. í þjónustu við aflandsfélög hvað skráningu og ýmsa þjónustu varðar. Þau eiga það sameiginlegt að skyldur

varðandi upplýsingagjöf og framtalsgerð eru með minnsta móti. Áðurnefnd félög eru síðan notuð til fjárfestinga, t.d. í fasteignum og hlutabréfum um allan heim, og hafa af þeim tekjur. Þau þjóna einnig oft sem milliliðir og móttakendur tekna eigendanna sem ekki eru gefnar upp í heimalandi þeirra.

Ekki er vafi á að á síðustu árum hefur orðið breyting á viðhorfum og starfsháttum meðal fagmanna og þeirra fyrirtækja sem veita þjónustu og ráðgjöf í skattamálum einstaklinga og fyrirtækja. Það virðist sem nú á dögum sé það viðtekið og þyki sjálfsagt að þessir aðilar veiti ráðgjöf sem beinlínis miðar að því að komast undan eðlilegri skattlagningu. Ýmsir aðilar í ráðgjafarstörfum og jafnvel fjármálastofnanir sérhæfa sig í að ráðleggja mönnum hvernig vista á fé með þeim hætti að það sé utan seilingar skattayfirvalda. Þess eru dæmi að þessi starfsemi sé kynnt og þau skilaboð séu send væntan-





legum viðskiptavinum að unnt sé að leyna upplýsingum með þessum hætti. Það fer ekki á milli mála að þessi þróun hefur haft áhrif á skattsvik, umfang þeirra og eðli og hlýtur að grafa undan þeim trúnaði sem vera þarf á milli skattkerfisins og þeirra aðila sem gefa sig í að þjóna almenningi og fyrirtækjum á þessum vettvangi.

Skatteftirlit og skattrannsóknir síðustu ára hafa í nokkrum tilvikum leitt í ljós skipulegt skattamisferli þar sem stjórnendur stórfyrirtækja hafa með aðstoð skattaráðgjafa reynt að haga viðskiptum sínum eða sett á svið viðskipti í þeim tilgangi einum að komast undan eðlilegum skattgreiðslum. Sömuleiðis hafa komið upp mörg dæmi þess að stofnuð eru fyrirtæki í skattaparadisum og tekjum einstaklinga og fyrirtækja beint þangað og þeim þannig komið undan skattlagningu. Fyrir skattyfirvöldum hafa verið rekin mál þar sem sýnt hefur verið fram á að hluti viðskipta með liðsinni fjármálastofnana, sem m.a. íslenskir viðskiptabankar hafa sett upp sem útibú eða dótturfyrirtæki í löndum sem bjóða upp á vafasamar vildarreglur, fer m.a. fram í því skyni að leyna upplýsingum fyrir íslenskum skattyfirvöldum. Er nefndin þeirrar skoðunar að

starfsemi sinni að koma tekjum undan lögboðinni skattlagningu.


Þróun þessi er ekki bundin við Ísland en miklu fremur að angar af útbreiddri meinsemd séu að teygja sig hingað til lands og hafa skattyfirvöld annarra landa lýst áhyggjum sínum af þessari þróun. Dæmi um það er eftirfarandi sem haft er eftir Mark E. Everson yfirmanni IRS (Internal Revenue Service) í Bandaríkjunum. Þegar hann tók við stöðu sinni í mars 2003 mætti hann fyrir þingnefnd í Washington þar sem hann sagði m.a. eftirfarandi: „Þess sjást glögg merki að grafið hefur undan faglegum stöðlum í sumum afkinnum sérfræðinga samfélagsins. Lögfræðingar og endurskoðendur eiga að vera stóðir skattkerfis okkar en ekki hönnuðir að sniðgöngu á því.“

Þau ákvæði tekjuskattlaganna (57. gr. laga nr. 90/2003) sem beitt er gagnvart skattsníðgöngu eru mjög almennt orðuð og hafa verið túlkuð á þann veg að þau feli í sér almenna grunnreglu sem geri ráðstafanir, sem settar eru á svið í þeim tilgangi einum að komast hjá skattlagningu, ólöglegar og að skattyfirvöldum sé þá heimilt að líta fram hjá þeim og líta til þess sem raunverulega gerðist. Regla þessi mætti vera skýrari og taka af öll tvímæli um að í skattalegu tilliti beri að taka efni gjörninga umfram form þeirra. Enn fremur ætti að athuga að fella niður 2. másl. 2. mgr. greinarinnar sem kveður á um skattlagningu mismunar á undirverði og markaðsverði hjá þeim sem þess nýtur. Sú túlkun sem fram hefur komið í sumum úrskurðum yfirsattanefndar, að einungis skuli endurmeta verðið í hendi kaupandans í þessum tilvikum, skapar réttaróvissu og opnar fyrir undanskot á skatti þegar kaupandinn er skráður erlendis.

Ísland hefur tekið þátt í starfi OECD gegn skaðlegri skattastarfsemi hvort heldur sem er í skattaparadisum eða í skattavinjum innan OECD-landanna. Æskilegt er að Ísland beiti sér ásamt öðrum löndum innan OECD og annarra alþjóðlegra samtaka fyrir aðgerðum til að draga úr því að skattaparadisir séu notaðar til skattsvika, m.a. með því að gert verði kleift að komast

# TÍUND

FRETTLABLAÐ RSK JÚNÍ 2009



**Uppvakinn viðskiptavild**  
– víti til varnaðar  
**Skjól gegn skatti**

að því hverjir eru raunverulegir eigendur félaga og annarra lögaðila sem skráðir eru í öðrum löndum. Þessu samstarfi þarf og að fylgja eftir m.a. með því að íhuga að grípa til einhverra af þeim gagnráðstöfunum sem mælt er með af hálfu OECD gagnvart þeim sem ekki hafa látið af skaðlegri starfsemi.



**Skatteftirlit og skattrannsóknir síðustu ára hafa í nokkrum tilvikum leitt í ljós skipulegt skattamisferli þar sem stjórnendur stórfyrirtækja hafa með aðstoð skattaráðgjafa reynt að haga viðskiptum sínum eða sett á svið viðskipti í þeim tilgangi einum að komast undan eðlilegum skattgreiðslum**

*Jóhanna Sigurðardóttir mætti fyrir þingnefnd skattkerfisins, skattastarfsemi og skattamisferli stórfyrirtækja. Cer H. Skarphéðinn er stjórnari skattkerfisins. Cer H. Skarphéðinn er stjórnari skattkerfisins. Cer H. Skarphéðinn er stjórnari skattkerfisins.*

8,5% til 11,5% af heildarskatttekjum ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt niðurstöðum og svæðislega. Samkvæmt niðurstöðum og svæðislega. Samkvæmt niðurstöðum og svæðislega.

- Nefndin lagði til að gerðar yrðu ýmsar breytingar á lögum sem m.a. beindust að því að koma í veg fyrir að skattalög væru umþeggen með því að íslenskir skattaðilar rýttu sér skattaparadisir og ýmiss konar lögskattavæði til að koma undan tekjum sem setja áttu skattlagningu hér á landi. Þá þyrfti að styrkja upplýsingabætur skattlyfvalda í þessu tilliti.
- Nefndin taldi að styrkja þyrfti skattframlæmd og laga hana betur að broyttum aðstæðum, eða skattveftri og skattrannsóknir og óera starfskilyrði skattlyfvalda þannig að sem bestum árangri verði náð í baráttu gegn skattsvikum.
- Nefndin taldi óhjákvæmlega að ábyrgð ráðgjafa sem stæðu að vafasamt eða óábyrgri persónuleg ábyrgð eigna eða rangri framtalgerð yrði gerð skýrari. Einn fremur að þessu í nafni fyrirtækja þeirra verði skýr.
- Nefndin taldi að með tilliti til þeirra fjármála og aðvafana sem grípa mátti til, bæði í löngjaf skattaráðgjafi, rangfærslu lögskattavæði eða rangri framtalgerð yrði gerð skýrari. Einn fremur að þessu í nafni fyrirtækja þeirra verði skýr.

Núlgætt má skýrsluna í heild sinni á vef ríkisskattgjafa, www.rsk.is og vef skattrannsóknarnefndar, www.skattnefnd.is

TÍUND 25

aðilar sem þannig starfa stuðli beinlínis að því með







hafa á vettvangi dótturfélaganna og skattskyldar eru hér á landi og þá hjá hverjum í samræmi við almennar íslenskar reglur? Þróun í þessa veru er að eiga sér stað í Evrópu á grundvelli svonefnds samstæðuréttar.

”

Þannig eru þessi félög ekkert nema nafnið tómt ásamt raðnúmerinu sem þau fá hjá skráningarstofnuninni. Samþykktirnar eru undirritaðar af þjónustuaðilanum sem hýsir félagið, sem venjulega er aðili með aðsetur í Road Town í Tortola, og vitni, sem jafnan er einnig með aðsetur í Road Town í Tortola, staðfestir undirskriftina

Þeir sem tóku þá ákvörðun að fara með verðbréf sín til Lúxemborgar gátu fengið þar margskonar þjónustu. Þeim bauðst að stofna félög í skattaparadísnum víðsvegar um heim m.a. á British Virgin Islands. Þaðan er engar upplýsingar að fá í alþjóðlegu skattasamstarfi og því er þar að finna hentugt skattaskjól fyrir þá sem eru fráhverfir því að taka þátt í samfélagsþjónustu í heimaríki sínu þótt í reynd fari engin starfsemi fram á þeirra vegum í landinu. Eins er BVI skjólgott

land fyrir fjármagn í felum, eins og þvottapeninga, þótt það sé í raun og veru geymt annars staðar, t.d. í Lúxemborg. Ríkisskattstjóri hefur um nokkurt skeið reynt að afla upplýsinga um félög í eigu Íslendinga sem skráð eru á BVI og hefur margt forvitnilegt komið í ljós í því sambandi. T.d. eru um 50% af tekjum hins opinbera leyfisgjöld svonefndra „offshore“ fyrirtækja, þ.e. fyrirtækja sem hafa skráða heimilisfesti í ríkinu en enga starfsemi eða starfsstöð. Fram kemur að á árinu 2004 hafi yfir 550.000 „offshore“ fyrirtæki verið skráð á BVI hjá skráningarstofnun sem kallast „Registrar of International Business Companies“. Í skýrslu sem KPMG í Bretlandi vann fyrir bresku ríkisstjórnina á árinu 2000 kom líka fram að liðlega 41% af öllum „offshore“ fyrirtækjum í heiminum væru stofnuð á BVI. „Offshore“ fyrirtæki skráð á BVI borga ekki skatta en greiða skráningar- og leyfisgjöld til hins opinbera og þóknarir til heimaaðila sem veita „offshore“-þjónustu.

ans sem kallast „registered office“, og veita svonefnda „offshore service“. Ríkisskattstjóri hefur margtírekað leitað eftir ársreikningum frá félögum sem þarna eru skráð og eru í eigu eða tengjast íslenskum aðilum á einhvern hátt en þeim hefur nánast aldrei verið framvísað. Eftir því sem næst verður komist hvílir sú skylda ekki á „offshore“ félögum sem skráð eru á BVI að semja ársreikninga og það er undir félögunum sjálfum komið hvort þau gera slíkt eður ei. Ríkisskattstjóri hefur undir höndum samþykktir nokkurra félaga sem skráð eru á BVI og virðast þær vera staðlaðar í flestum atriðum. Samþykktirnar eru tvískiptar að því leyti að annars vegar er um að ræða sjálfstætt plagg sem kallast „Memorandum of Association“ og hins vegar „Articles of Association“. Venjulega fylgir þeim umboð eða yfirlýsing um hverjir geti tekið ákvarðanir í nafni félagsins og eins er tilgreint hvert skuli senda upplýsingar um viðskiptaatburði og t.d. greiðsluhreyfingar í bönkum. Slík gögn eru sjaldnast send til BVI heldur til félaga sem eru skráð í öðrum ríkjum og þá að sjá í ríkjum sem teljast til lágs-kattasvæða. Viðskiptabankar „offshore“ félaga eru almennt ekki heldur í sama ríki og þar sem heimilisfestin er skráð en dæmi eru um að þeir séu t.d. í Lúxemborg. Þannig eru þessi félög ekkert nema nafnið tómt ásamt raðnúmerinu sem þau fá hjá skráningarstofnuninni. Samþykktirnar eru undirritaðar af þjónustuaðilanum sem hýsir félagið, sem venjulega er aðili með aðsetur í Road Town í Tortola, og vitni, sem jafnan er einnig með aðsetur í Road Town í Tortola, staðfestir undirskriftina. Í einum kafla „Memorandum“ kemur fram hvað „offshore“ félagi á BVI sé óheimilt að gera en það er eftirfarandi:

1. Starfrækja viðskipti með þátttöku aðila sem eru heimilisfastir á BVI.
2. Eiga hlut í fasteign eða hafa fjárhagslega hagsmuni tengda fasteign á BVI. Það fellur þó ekki þarna undir að leigja skrifstofu fyrir félagið þar sem halda má félagsfundi eða hægt er að færa bækur þess.
3. Starfrækja bankastarfsemi eða „Trust“ nema hafa leyfi til þess samkvæmt „Banks and Trust Companies Act 1990“.
4. Starfrækja váttryggingastarfsemi, endurtryggingastarfsemi, váttryggingamiðlun eða sem umboðsmaður váttrygginga nema hafa til þess sérstakt leyfi.



5. Koma fram sem stjórnandi annars fyrirtækis nema hafa til þess leyfi í samræmi við „Company Management Act“ frá 1990.
6. Starfrækja „Registered Office“ eða starfa sem „Registered Agent“ á BVI.

Þegar horft er yfir viðskiptaumhverfið og regluverkið sem „offshore“ félögum á BVI er búið er ekki hægt að álykta öðruvísi en svo að hvort tveggja séu ansi yfirborðskennd og í raun fátt annað en nafn með skráða heimilisfesti í pósthólfi og raðnúmer. Þessi félög mega greinilega ekki starfrækja neinn rekstur í landinu og þeim er óheimilt að stunda rekstur í öðrum löndum ef sá rekstur er eftirlitsskyldur, eins og banka eða váttryggingastarfsemi, nema hafa til þess tilskilin leyfi. Umhverfið er því augljóslega sérsniðið fyrir eignarhald á verðbréfum og viðskipti með slík bréf án þess að eigendur félagsins þurfi að eiga nokkurt erindi þangað frekar en þeir vilja. Þeir þurfa ekki að semja ársreikning eða skila skattframtali, heldur einungis að greiða hefðbundið árgjald til yfirvalda og um það sér þjónustuaðilinn sem tekur þóknun fyrir þá umsýslu.

Ríkisskattstjóri getur ekki litið öðruvísi á en svo að íslenskir aðilar sem færa eignarhald sitt á félögum, íslenskum sem erlendum, undir „offshore“ félag á BVI séu

að gera það út frá skattasniðgöngusjónarmiðum eða til þess að fela fjármagn nema sýnt sé fram á annað. Þá hafa komið upp dæmi um að fyrirtæki hafi flutt hluta af eignum sínum og skuldum til BVI í þeim eina sýnilega tilgangi að fegra efnahagsreikninginn og hækka eiginfjárlutfallið. Altalæð er um allan heim að félög sem skráð séu á BVI njóti þar skattaskjól og annarrar leyndar með aðstoð yfirvalda þar og þau semji sig ekki að neinu regluverki eins og ríki Evrópusambandsins eða OECD fylgja og fara eftir. Að minnsta kosti hefur ríkisskattstjóri ekki enn fengið í hendur haldbær rök fyrir því að flutningur á eignarhaldi til svona ríkja sé gerður á raunverulegum viðskiptaforsendum.

Eitt af þeim upplaggjum sem hefur verið vinsælt meðal Íslendinga er að stofna skúffufélag í Lúxemborg. Með skúffufélagi er í þessu samhengi átt við félag sem hefur hvorki starfsstöð né sýnilega starfsemi. Bankar í Lúxemborg í eigu íslensku bankanna buðu upp á þessa þjónustu og heimilisfang þeirra er skráð í starfsstöð bankans. Dæmi voru um að í bankanum ytra starfaði sérstakur skúffustjóri sem venjulega var Íslendingur. Hann var framkvæmdastjóri og prókúruhafi félaganna og undir ritaði skjöl og önnur gögn fyrir þeirra hönd. Til þess að fela eignarhaldið kom ekki fram hver eða hverjir voru hluthafar og í sama tilgangi voru valin félög á eyjunni Tortola á BVI

sem skipuðu stjórn félagsins og hlutverk endurskoðanda. Þannig tókst að mestu að girða fyrir að nokkrar vísbendingar væru til merkis um að félagið í Lúxemborg væri í eigu Íslendinga. En með því að skanna þær upplýsingar sem fáanlegar voru hjá fyrirtækjaskránni í Lúxemborg voru samt nokkur atriði sem gáfu til kynna tengsl við Ísland. Í fyrsta lagi var það að skúffustjórinn, sem skráður var sem prókúruhafi, væri Íslendingur. Venjulega voru þá sömu félögin á BVI skráð með forræði yfir stjórnendum og endurskoðendum og sáu um að tilnefna þá. Í öðru lagi má nefna að hlutafé skúffufélaganna var skráð í íslenskum krónum. Ólíklegt er að fyrirtæki með tengsl við önnur ríki en Ísland geri það. Í þriðja lagi var að finna íslensk nöfn á skúffufélagunum eða nöfn sem þekkt voru á Íslandi með viðskeytum eins og t.d. „International“ eða „Group“. Í fjórða lagi má nefna að heimilisfesti skúffufélaganna var að sjá skráð á sama stað og viðkomandi banki. Þá má í fimmta lagi nefna að í nokkrum tilvikum voru nöfn Íslendinga skráð í hópi stjórnarmanna. Gera má ráð fyrir að töluverð fjárfestingarstarfsemi hafi farið fram innan þessara félaga en hér á landi var hvorki um það vitað né hvernig úttektum úr félögum var háttað. Það þykir einsýnt að ekki hafi allar þær tekjur sem skattskyldar voru á Íslandi skilað sér þangað. ■

# Úr greininni „Skjól gegn skatti og markaðsupplýsingum“ í 2. tbl. 23. árg. Tíundar í júní 2009 eftir Sigrúnu Davíðsdóttur

Annars vegar er deginum ljósara að ríkur þáttur í þjónustu banka um allan heim hefur verið að aðstoða viðskiptavinum við að komast hjá skatti. Hins vegar eru einnig dæmi um að bankarnir sjálfir nýti fjallabaksleiðir skattkerfisins í eigin þágu.

En skattaskjól fela fleira í sér en hugsanleg undanskot undan skatti. Með flóknu eignarhaldi og nafnlausum félögum á aflandssvæðum hverfur fleira en skattur. Félög á aflandssvæðum eru iðulega notuð til að leynd eignarhaldi – leyndin er nokkurs konar aukaverkun skattaskjóla. Með þeim hætti geta menn til dæmis komið sér undan yfirtökuskyldu eða stundað aðrar sjónhverfingar á markaðinum. Þeir sem fjárfesta í skráðum félögum fá þá ekki allar upplýsingar um aðstæður þeirra. Á endanum er því verið að minnka gagnsæi og þar með leika á markaðinn. Þetta er ekki séríslenskt vandamál heldur alþjóðlegur vandinn. En í smáðinni á Íslandi eru afleiðingarnar enn magnaðri en í stærri löndum.

”

Með þeim hætti geta menn til dæmis komið sér undan yfirtökuskyldu eða stundað aðrar sjónhverfingar á markaðinum. Þeir sem fjárfesta í skráðum félögum fá þá ekki allar upplýsingar um aðstæður þeirra

Það er æ betur að koma í ljós hvað margt hefur verið á huldu í íslensku viðskiptalífi en jafnframt er það ljóst að allir þræðirnir liggja til bankanna. Þeir stýrðu ekki aðeins fjármagni heldur tóku þátt í spilinu þegar kom að stofnun félaga og fyrirtækja, kaupum, sölum og samrunum. Það er ekkert séríslenskt að bankar taki þátt í

urinn var lítill og í kjarna hópsins voru stórir viðskiptavinir í öllum bönkunum, verkefningum voru stór og það jók áhættuna. Á þennan hátt var fjöldi íslenskra eignarhaldsfélaga í eigu félaga erlendis. Mestur fjöldi þessara erlendu félaga var skráður hjá útibúum íslensku bankanna úti eða tengdust þeim í gegnum félög sem

## Skjól gegn skatti og markaðsupplýsingum

Hliðarverkun skattaskjóra er leynd og launuspil. Hrun íslensku bankanna er dæmi um trústu óhöfnustu í þeim efnum.



**Skattaskjól og fjálg eftir reitum OECD**  
 Í þessari grein hefur athyglisvert verið á þessum skattaskjólum. Annars vegar er dæmi um ljósara að ríkur þáttur í þjónustu banka um allan heim hefur verið að aðstoða viðskiptavinum við að komast hjá skatti. Hins vegar eru einnig dæmi um að bankarnir sjálfir nýti fjallabaksleiðir skattkerfisins í eigin þágu.



Sigrún Davíðsdóttur

**Bankar í feluleik við skattinn**  
 Þetta blábláða launuspil hefur fjallabaksleiðir skattaskjóra og meðal annars um skattamál undanfarna ára. Þetta er sett upp flóknu viðskiptalífi sem tryggir því að skattinn sé minni en hann er. Með þessum hætti geta menn til dæmis komið sér undan yfirtökuskyldu eða stundað aðrar sjónhverfingar á markaðinum. Þeir sem fjárfesta í skráðum félögum fá þá ekki allar upplýsingar um aðstæður þeirra. Á endanum er því verið að minnka gagnsæi og þar með leika á markaðinn. Þetta er ekki séríslenskt vandamál heldur alþjóðlegur vandinn. En í smáðinni á Íslandi eru afleiðingarnar enn magnaðri en í stærri löndum.

Lýsingar sem hafa eiginhagsbætur, til dæmis þess félögunna er þess vegna gefið skattframtal, vinnu af því þetta var skilgreint sem svo á hlögin hefur ekki skilgreint sem skattframtal. Skilgreint sem skattframtal hefur fjallabaksleiðir skattkerfisins í eigin þágu. Þetta er dæmi um ljósara að ríkur þáttur í þjónustu banka um allan heim hefur verið að aðstoða viðskiptavinum við að komast hjá skatti. Hins vegar eru einnig dæmi um að bankarnir sjálfir nýti fjallabaksleiðir skattkerfisins í eigin þágu.

**Féll eignarhald – fall tengi**  
 Það er æ betur að koma í ljós hvað margt hefur verið á huldu í íslensku viðskiptalífi en jafnframt er það ljóst að allir þræðirnir liggja til bankanna. Þeir stýrðu ekki aðeins fjármagni heldur tóku þátt í spilinu þegar kom að stofnun félaga og fyrirtækja, kaupum, sölum og samrunum. Það er ekkert séríslenskt að bankar taki þátt í þessum fjárfestingum. Íslenskir viðskiptalíf erlendis frá. Það er athyglisvert að á meðan íslenskir umsvifamenn og bankar nýttu sér frjálsræði í peningamálum til útrásar og íslenski hlutabréfamarkaðurinn sló sífellt hækkunarmet höfðu útlendingar engan áhuga á að taka þátt í íslenskum fjárfestingum. Íslenskt viðskiptalíf erlendis frá. Það er athyglisvert að á meðan íslenskir umsvifamenn og bankar nýttu sér frjálsræði í peningamálum til útrásar og íslenski hlutabréfamarkaðurinn sló sífellt hækkunarmet höfðu útlendingar engan áhuga á að taka þátt í íslenskum fjárfestingum.

**Málið um skattuskýpningu Barclays er enn eitt dæmi um skattaskjól „whistleblower“ kemur upp um málið sem er algengt í Bretlandi og vilar en næstum óþekkt á Íslandi**  
 Málið varli mikið afþjálgt í Englandi og einnig er það marga hefur grunað um eitt þetta málið. Barclays banka hefur verið ákæfð um skattaskýpningu. Bankinn sýnir fjárfestingar í þessum hluta sínum og einu líkur hefur séu skattamál.

**Féll lögga á eita Ferrar**  
 Málið varli mikið afþjálgt í Englandi og einnig er það marga hefur grunað um eitt þetta málið. Barclays banka hefur verið ákæfð um skattaskýpningu. Bankinn sýnir fjárfestingar í þessum hluta sínum og einu líkur hefur séu skattamál.



# Þjónusta á framtalsfresti

## Annasamasti tími ársins hjá RSK er á framtalsfresti



**Gunnar Karlsson**  
einstaklingsviði


Ljóst er að annasamasti tími ársins hjá RSK er við skil einstaklinga á skattframtölum á almennum framtalsfresti í mars. Þá margfaldast fjöldi símtala og heimsóknna í afgreiðslur vítt og breitt um landið. Auk þjónustuverisins og annarra sérfræðihópa, er þá mannaður sérstakur svarhópur, framtalsaðstoð (442-1414). Þessi hópur er skipaður frá 15 upp í 35 manns á mestu álagsdögunum og taka starfsmenn flestra sviða embættisins meira og minna þátt í að veita þjónustu á þessum tíma. Þá fær mikill fjöldi viðskiptavina aðstoð við gerð framtals og á Laugavegi 166 eru það sem dæmi 5-7 starfsmenn sem annast þá þjónustu til viðbótar við þá starfsmenn er almennt sinna afgreiðslu.

Rafræn framtalsskil og miðlæg framtalsaðstoð eru eitt stærsta skrefið í þróun rafrænna samskipta RSK við viðskiptavini

sína. Markmiðið er að gera framtalsskilin eins auðveld og kostur er. Stóraukin áritun upplýsinga inn á framtalið er liður í því auk þess að gera viðmótið eins þjálft og hægt er. Nú er einnig auðveldara en áður að nálgast leiðbeiningar við útfyllingu eða yfirferð rafræna framtalsins inni í framtalinu sjálfu og stöðugt er unnið að því að bæta upplýsingavefinn rsk.is og þjónustuvefinn skattur.is.

Í eftirfarandi töflu má sjá þann fjölda sem lagði leið sína í afgreiðslurnar á Laugavegi og Akureyri á framtalsfresti, en í ár var almennur frestur einstaklinga til að skila framtölum frá 1. til 15. mars og framlengdur frestur til 20. mars. Í töflunni kemur annars vegar fram sá fjöldi sem fékk beina aðstoð við gerð framtals og hins vegar sá heildarfjöldi sem heim sótti afgreiðslurnar á tímabilinu. ■

### Aðstoð við gerð framtala og heimsóknir í afgreiðslurnar á Laugavegi og á Akureyri 1. - 22. mars



Á starfsstöðvunum veittu starfsmenn aðstoð við gerð 5.537 framtala alls fyrir 6.630 einstaklinga. Þar að auki var veitt aðstoð í síma við gerð 1.885 framtala fyrir 2.287 einstaklinga.

■ Laugavegur - aðstoð	91	190	222	219	348	347	400	336	368	675	503	205	188	197	159	133
■ Laugavegur - alls	329	394	439	480	676	658	725	612	678	1104	824	502	436	450	411	384
■ Akureyri - aðstoð	34	43	36	65	66	63	57	44	41	73	53	27	31	28	21	17
■ Akureyri - alls	45	59	48	68	82	84	83	62	65	107	86	45	57	50	43	41






Það er mikill fjöldi sem nýtur aðstoðar starfsmanna ríkisskattstjóra í marsmánuði í tengslum við skil einstaklinga á skattframtölum.

### Fjöldi símtala inn á framtalsaðstoð og þjónustuver



Júlíus Hafsteinsson aðstoðar viðskiptavini við framtalsgerð.

Auk beinnar aðstoðar við gerð framtala veitir starfsfólk mikla aðstoð í formi upplýsinga og leiðbeininga í afgreiðslum RSK, en þó fyrst og fremst í síma.



■ Framtalsaðstoð	422	686	693	631	1.259	900	859	836	913	2.509	2.386	1.196	1.114	1.619	1.061	1.026	906
■ Þjónustuver	628	610	583	519	667	544	518	515	519	964	821	624	517	628	0	677	648

Friðrik G. Olgeirsson

# Skattumdæmi og skattstjórar 1962–2009

Á árunum 1960 og 1962 voru gerðar meiri breytingar á skattalöggjöfinni, bæði hvað varðar beina og óbeina skatta og sjálft kerfið við álagningu gjaldanna og eftirlit, en gert hafði verið frá árinu 1921. Í þessari grein verður fjallað um einn lið breytinganna, skiptingu landsins í skattumdæmi og skattstjórana sem stjórnðu þeim frá árinu 1962 til 2009 en þá var Ísland gert að einu skattumdæmi og skattstjóraembættin lögð niður.



## Gamalt og úrelt skattkerfi

Til þess að skilja betur þörfina fyrir breytingar á skattkerfinu verður að hafa í huga að kerfið sem Íslendingar notuðu við álagningu opinberra gjalda og eftirlit var gamalt og hafði mótast við allt aðrar þjóðfélagslegar aðstæður en voru um og eftir miðja öldina. Frá því að tekjuskattslög voru fyrst sett árið 1877 sáu þriggja manna skattanefndir í hverjum hrepp og kaupstað um að leggja á skatta til ríkisins og niðurföfnunarnefndir jöfnuðu niður útsvörum til sveitarsjóðanna. Í hverri sýslu og kaupstað voru svo yfirsattanefndir. Árið 1961 voru skattanefndirnar 219 með 657 nefndarmönnum og yfirsattanefndirnar 24 með 72 nefndarmönnum. Í fæstum tilvikum höfðu þessar einstaklingar menntun sem tengdist viðfangsefni þeirra. Snemma fóru að heyrast raddir þess efnis að mikið ósamræmi væri í álagningu á landsmenn eftir því hvar þeir ættu heima. Liður í því að bæta kerfið var stofnun skattstjóraembættis í Reykjavík 1. janúar 1922 og árið 1932 var sett á fót ríkisskattanefnd með því yfirlýsta markmiði að stuðla að auknu samræmi í álagningu skattanna. Á árunum 1944–1956 var skattstjórur fjölgað í tíu og voru skattstofurnar í stærstu bæjunum. Engin krafa var gerð um menntun skattstjóranna og umdæmi þeirra miðuðust við bæina. Skattanefndirnar voru því áfram við lýði og umræðan um ósamræmi í álagningu þagnaði ekki.



Jónas Guðmundsson og Páll Línadal fóru til sex landa sumarið 1960 til að kynna sér hverjir væru helstu tekjuskattstofnar sveitarfélaga í löndunum.

## Ný grunnlög um tekjuskatt og eignarskatt samþykkt árið 1962

Skattkerfisbreytingarnar voru gerðar í áföngum og kom fyrri hlutinn til framkvæmda árið 1960. Hann fólst í fyrsta lagi í bráðabirgðalögum um útsvör, í öðru lagi 3% söluskatti á vörusölu, vinnu og þjónustu á síðasta stigi viðskipta og 7% skatti af innfluttum vörum og í þriðja lagi miklum lækkunum á tekjuskatti einstaklinga. Áfram var svo unnið að enn meiri breytingum sem urðu að veruleika árið 1962. Með nýjum tekjuskattslögum sem samþykkt voru 17. apríl það ár voru lögin




Seinni áfangi skattalagabreytinga Viðreisnarstjórnarinnar átti sér stað árið 1962. Frétt Morgunblaðsins 8. febrúar 1962.

endurskoðuð frá grunni. Sá hluti breytinganna sem hér er til umfjöllunar fólst í því að gömlu skattstjóraembættin í stærstu kaupstöðunum voru lögð niður, nema í Reykjavík, einnig skattanefndirnar 219, sem annast höfðu álagninguna í hreppum og minnstu bæjunum, og yfirsattanefndirnar 24. Þess í stað voru stofnuð níu skattumdæmi og var einn skattstjóri í hverju þeirra. Miðuðust þau við kjördæmin átta sem urðu til við kjördæmabreytinguna árið 1959 en Alþingi gerði þá breytingu á skattalagafrumvarpinu að í stað þess að Vestmannaeyjar tilheyrðu Suðurlandsumdæmi, eins og ráðgert hafði verið, voru þær gerðar að sérstöku skattumdæmi. Var það rökstutt með tilliti til stærðar kaupstaðarins og erfiðra samgangna. Jafnframt þessu voru stofnuð embætti ríkisskattstjóra og vararíkisskattstjóra. Ríkisskattanefnd starfaði áfram, þó með þeirri breytingu að hún varð hreinn úrskurðaraðili kærumála en önnur störf sem hún hafði haft með höndum voru færð til hins nýja embættis ríkisskattstjóra. Af umræðunum á Alþingi um frumvarpið að dæma var nokkuð almenn sátt um þessa kerfisbreytingu.



Á fyrsta starfsdegi ríkisskattstjóra: Sigurbjörn Þorbjörnsson ásamt Þórlífi Ólafssyni skrifstofustjóra, síðar vara-ríkisskattstjóra.




Bréf Sigurbjörns Þorbjörnssonar frá 20. maí 1964 um framlengingu á framtals-fresti.

## Skattumdæmin ný

Það sem aðallega bjó að baki þess að leggja niður gamla skipulagið með skattanefndum, yfirskattanefndum, 729 nefndarmönnum og tíu skattstjórum með starfslíði og búa til níu stór skattumdæmi voru bættar samgöngur, krafan um sérhæfða starfsmenn, samræmda álagningu og von um ódýrara kerfi. Af sömu ástæðum var ákveðið að í hverju umdæmi skyldi aðeins vera einn skattstjóri. Skattumdæmin ný voru Reykjavíkumumdæmi, Vesturlandsumdæmi, Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi vestra, Norðurlandsumdæmi eystra, Austurlandsumdæmi, Suðurlandsumdæmi, Vestmannaeyjaumdæmi og Reykjanesumdæmi. Reykjavík var stærsta umdæmið með rúmlega 34 þúsund framteljendur, þá Reykjanes með tæp 11 þúsund og Norðurland eystra í þriðja sæti með rúmlega 9 þúsund framteljendur. Hin umdæmin voru mjög svipuð með 4700 til 5500 framteljendur nema Vestmannaeyjakaupstaður þar sem voru rúmlega 2 þúsund framteljendur. Fjármálaráðherra ákvað aðsetur skattstjórnanna í hverju umdæmi og fyrir valinu urðu þeir kaupstaðir þar sem skattstjórar höfðu áður starfað, með þeim undantekningum að skattstjóraembættin í Kópavogi og Keflavík voru lögð niður og skattstjórinn á Austurlandi fluttist til Egilsstaða. Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi fékk aðsetur á Hellu. Þannig voru greinilega valdir stærstu bæirnir í hverju umdæmi eða þeir staðir sem þóttu mest miðsvæðis en þó er vitað að reynt var að hafa áhrif á staðarval fjármálaráðherra í vissum tilvikum. Má sem dæmi nefna að til stóð að skattstofa Norðurlandsumdæmis vestra yrði á Sauðárkróki en á endanum varð Siglufjörður fyrir valinu. Í frumvarpinu hafði verið gert ráð fyrir embættum varaskattstjóra en þau voru felld út í meðförum þess á þingi vegna ótta þingmanna við

of dýra yfirbyggingu. Í fyrsta sinn voru sett ákvæði í lög um hvaða menntun skattstjórar yrðu að hafa. Þeir þurftu að hafa lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, vera löggiltir endurskoðendur eða hafa aflað sér sérmenntunar í skattalöggjöf og framkvæmd hennar. Fjármálaráðherra mátti víkja frá kröfunum ef umsækjandi hafði áður gegnt skattstjórastarfi.



Þar sem umdæmin voru stór höfðu skattstjórnarnir umboðsmenn í bæjar- og sveitarfélögum þar sem þeir bjuggu ekki sjálfir. Í hreppum voru hreppstjórar umboðsmenn en á öðrum stöðum skipaði fjármálaráðherra þá til sex ára. Umboðsmennirnir voru 215 og hlutverk þeirra var að taka við skattframtölum, aðstoða fólk við að telja fram ef óskað var, afla upplýsinga fyrir skattstjóra og láta athugasemdir fylgja framtölum. Vitað er að yfirvöld voru beitt töliverðum þrýstingi af hálfu margra sveitarstjórna að gera umboðsmenn að

Íslandi var skipt í níu skattumdæmi árið 1962. Átta þeirra fylgdu þáverandi kjördæmaskipan en Vestmannaeyjar voru sjálfstætt skattumdæmi.

Embætti ríkisskattstjóra var til húsa á Klapparstíg 26 á árunum 1962–1967.



Magnús Jónsson var fjármálaráðherra á árunum 1965–1971.

skattstjórum. Slíkum kröfum var hafnað með þeim rökum að því fylgdi of mikill kostnaður og gæti leitt til meiri ósamræmis í álagningu skatta.

### Ýmis ný ákvæði

Samkvæmt nýju lögnum bar einstaklingum að skila framtölum sínum fyrir lok janúar á landinu öllu en áður hafði fólk í dreifbýli haft lengri frest. Atvinnurekendur höfðu frest til 28. febrúar og gátu fengið framlengingu til 31. mars. Vátryggingafélag þurftu ekki að skila framtölum fyrr en 31. maí. Að framtalsfresti loknum lögðu skattstjórar skatta á samkvæmt framtölum en máttu leiðrétta augljósar villur og það sem stríddi gegn lögum. Nánari fyrirmæli voru með líkum hætti og áður. Fyrir lok maí áttu skattstjórar að hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skattskrá fyrir hvert bæjar- og sveitarfélag með tekjuskatti og eignarskatti hvers gjaldanda. Hún skyldi lögð fram ekki seinna en 1. júní og átti að vera til sýnis í tvær vikur á hentugum stað. Kæur bar að senda skattstjóra skriflega, í Reykjavík innan 15 daga frá því að skráin var lögð fram en 30 daga í öðrum skattumdæmum. Innan mánaðar frá lokum kærufrests átti skattstjóri að hafa úrskurðað kærur og leiðrétt skattskrá samkvæmt úrskurðum sínum. Þeim máttu gjaldendur skjóta til ríkisskattanevndar. Eftir að skattstjóri hafði úrskurðað kærur átti hann að senda skattskrána til ríkisskattstjóra og viðeigandi gögn til innheimtumanna. Innheimta var í höndum lögreglustjóra nema í höfuðborginni þar sem Gjaldheimtan í Reykjavík sá um hana frá hausti 1962. Dráttarvexti mátti innheimta, 1/2–1%, og fjármálaráðherra gat með reglugerð ákveðið fyrirframgreiðslur og fjölda gjalddaga.

### Ráðið í stöðurnar

Umsóknarfrestur um auglýstar stöður skattstjóra rann út 7. ágúst 1962 og var búið að ráða í þær allar fyrir gildistöku laganna 1. október nema í stöðuna í Vestmannaeyjum. Það var gert nokkru seinna. Skattstjórnarnir komu til starfa mánudaginn 1. október og var fyrsta verk þeirra að leggja á söluskatt fyrir þriðja ársfjórðung 1962 og undirbúa álagninguna á árinu 1963. Utan Reykjavíkur voru starfsmenn fáir á skattstofunum í fyrstu, vart nema einn til þrjár starfsmenn á þeim flestum fyrir utan skattstjórnann sjálfan þótt umdæmin væru orðin mörgum sinnum stærri en áður. Yfirvöldum bárust fljótt kvartanir um seinagang við álagninguna og árið 1965 lét Magnús Jónsson, þáverandi fjármálaráðherra, gera könnun og meta lágmarks starfsmannaþörf um land allt. Á næstu misserum og árum var starfsfólkinu því fjölgað töluvert og reynt að bæta þjónustuna. Því fylgdi auðvitað aukinn kostnaður og fram kom á Alþingi árið 1966 að vonir manna um sparnað með kerfisbreytingunni árið 1962 hefðu ekki ræst en á móti kæmi að almennt væri ánægja með breytingarnar og þær hefðu verið til mikilla bóta. Og miðað við fjölgun skattþegna og aukin verkefni skattstofanna hefði kostnaðurinn ekki aukist. Þess má geta að árið 1968 voru lögð á 14 mismunandi gjöld á stofunum.

### Reykjavíkumdæmi

Halldór Sigfússon endurskoðandi var ráðinn skattstjóri í Reykjavíkumdæmi en hann hafði verið skattstjóri í Reykjavík frá árinu 1934. Skattstofan var sem fyrr til húsa á tveimur hæðum í Alþýðuhúsinu á Hverfisgötu til ársins 1971. Undir lokin

var farið að þrengja mjög að starfseminni og fékk skattstofan þá leigða hæð í húsi Garðars Gíslasonar sem var við hliðina á henni. Það stóð ekki á gólfum og var þá byggður stigi utan á húsið portmegin frá efri hæðinni niður á þá næstu þannig að þegar fara þurfti á milli var farið út, niður stigann og inn. Eðlilega var strax farið að kalla mannvirkið skattstígann! Árið 1971 var skattstofan flutt úr Alþýðuhúsinu í Tollstöðvarhúsið í Tryggvagötu 19 sem þá var nýbyggt. Nokkrum árum seinna, 1978, lét Halldór Sigfússon af störfum og tók þá Gestur Steinþórsson lögfræðingur við embættinu. Hann stýrði skattstofunni til ársloka 2009.

Til ársins 1991 var Skattstofan í Reykjavík eina skattstofan sem hafði varaskattstjóra. Dagleg verkefni hans voru þó í fyrstu ekki mikil og þau voru falin Ragnari Ólafssyni deildarstjóra atvinnurekstrardeildar. Aðalhlutverk varaskattstjóra var að



Ásgeir Jónsson skrifstofustjóri að störfum á Skattstofunni í Reykjavík í mars 1965.

fara yfir framtal skattstjórans og fjölskyldu hans. Ragnar var varaskattstjóri til ársins 1976 en þá var Gestur Steinþórsson lögfræðingur skipaður í starfið. Jafnframt var þá gerð sú breyting að aukin verkefni voru færð til hans og varaskattstjóri gerður að raunverulegum staðgengli skattstjóra. Eftirmenn Gestu voru Ásgeir Jónsson 1978–1980, Ingvar J. Rögnvaldsson lögfræðingur 1980–2000 og Jónína B. Jónasdóttir 2000–2009.

Samkvæmt lögum átti ríkisskattstjóri að annast eftirlit með söluskattsskyldum aðilum en fjármálaráðherra gat falið skattstjóranum í Reykjavík að sjá um það. Til loka sjöunda áratugarins sá skattstjórinn í Reykjavík um eftirlitið á landsbyggðinni en þá tók ríkisskattstjóri við því. Yfirstjórn og framkvæmd staðgreiðslu og síðan umsjón með virðisaukaskattinum, sem tók við af söluskattinum árið 1990, var hvoru tveggja í höndum ríkisskattstjóra og varð það til þess að draga úr hlutverki Skattstofunnar í Reykjavík og starfsfólki hennar tók að fækka á tíunda áratugnum.

Þeim sem stýrðu málefnum skattkerfisins í fjármálaráðuneytinu þóttu breytingarnar með staðgreiðslu, virðisaukaskatti og tryggingagjaldi



Hluti starfsfólks Skattstofunnar í Reykjavík á ferðalagi um 1960. Frá vinstri: Bóðvar Pálsson, Þormóður Dagsson, Indriði Indriðason, Guðríður Björnsdóttir, Svavar Jóhannsson, Konráð Kristjánsson, Klara Helgadóttir, Jón Óskar Guðmundsson, Jón Gíslason og Ragnheiður Hermannsdóttir.

fyrir og um 1990 kalla á einhverja uppstokkun hjá stærstu skattstofunum. Það leiddi meðal annars til skipulagsbreytinga hjá Skattstofunni í Reykjavík. Í mars 1991 skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að skoða skipulag og starfshætti skattstofunnar ásamt starfsmannahaldi, tölvumálum, aðstöðu og samvinnu við embætti ríkisskattstjóra. Starfshópurinn lagði til breytingar og 17. maí samþykkti ráðherra nýtt skipurit fyrir skattstofuna sem tók gildi 1. október 1991. Það fól í sér að starfseminni var skipt í þrjár skrifstofur sem hver um sig laut stjórn skrifstofustjóra. Þær voru stjórnunarskrifstofa, atvinnurekstrarskrifstofa og virðisaukaskattsskrifstofa. Skrifstofustjórnarnir þrír, þar af einn þeirra jafnframt varaskattstjóri, og Gestur Steinþórsson skattstjóri mynduðu yfirstjórn stofnunarinnar sem sá um sameiginleg málefni og stefnumótun. Undir skrifstofunum þrjár heyrðu gömlu deildirnar með áorðnum breytingum. Stjórnunarskrifstofan skiptist í skráningardeild, þjónustudeild, þróunardeild og launþegadeild en undir skrifstofustjórnann heyrði




Gestur Steinþórsson var skattstjóri í Reykjavík 1978-2009.



Þrír starfsmenn Skattstofunnar í Reykjavík á leið af skattstjóraráfundi á Laugarvatni árið 1971. Frá vinstri: Ásgeir Jónsson skrifstofustjóri, Halldór Sigfússon skattstjóri og Ragnar Ólafsson deildarstjóri. Myndin er tekin að Syðri Reykjum í Biskupstungum.

líka starfsmannastjóri. Atvinnurekstrarskrifstofa skiptist í atvinnurekstrardeild og endurskoðunardeild og undir virðisaukaskattsskrifstofu heyrðu virðisaukaskattsdeild og rannsóknardeild. Endurskoðunardeild atvinnurekstrar var ný deild, það sama er að segja um þjónustudeildina. Meðal verkefna hennar var afgreiðsla, upplýsingagjöf, símaskiptiborð, skjalavarsla og skattframtalásafn,

*Garðar G. Gíslason hrl.  
var lengi starfsmaður ríkis-  
skattstjóra og skattrann-  
sóknarstjóra á árunum  
1992-2005.*



*Jón Eiríksson skattstjóri  
Vesturlandsumdæmis  
1962-1986.*



*Ólafur Helgi Kjartansson  
skattstjóri Vestfjarðaumdæmis  
1984-1991.*

*Snorri Olsen starfsmaður  
fjármálaráðuneytis og  
Sigmundur Stefánsson  
skattstjóri í Reykjanes-  
umdæmi á árinu 1990.*



daglegur rekstur staðgreiðslunnar, skattkortaútgáfa og tryggingagjald. Í desember voru ráðnir tveir upplýsingafulltrúar að deildinni og er það til marks um breytta tíma. Þróunardeildin var líka ný en hún sá um tölvukerfi skattstofunnar, tölvufræðslu starfsmanna og forritagerð.

Samhliða skipulagsbreytingunum voru undirbúnar úrbætur í húsnæðismálum skattstofunnar og hófust framkvæmdir við endurbæturnar um miðjan janúar 1992. Húsnæðinu var mikið breytt og byggð var þriðja hæðin inn í Tollhúsið í stað bifreiðastæðis sem þar var. Framkvæmdunum þá aukið pláss og meðal annars var afgreiðsluástaða viðskiptavina bætt til mikilla muna á nýju hæðinni. Á sama tíma og nýja húsnæðið var tekið í notkun voru rannsóknardeild og endurskoðunardeild lagðar niður en í þeirra stað stofnuð fjórða skrifstofa, eftirlitsskrifstofa, og tók hún til starfa 1. október.

Skattstofan í Reykjavík var lögð niður 31. desember 2009 í kjölfar laga sem samþykkt voru sama ár en þá var landið allt gert að einu skattumdæmi eins og áður hefur komið fram. Skattstofunni var þó ekki lokað endanlega fyrr en 2. febrúar 2011.

## Vesturlandsumdæmi

Skattstjóri Vesturlandsumdæmis hafði aðsetur á Akranesi. Jón Eiríksson lögfræðingur, sem verið hafði skattstjóri í Vestmannaeyjum, var skipaður í stöðuna frá 1. október 1962. Frá sama tíma var Kristján Jónsson, fyrrverandi skattstjóri á Akranesi, ráðinn sem fulltrúi til hins nýja embættis. Hann lét af störfum árið 1966 en Jón ekki fyrr en árið 1986. Þá tók Stefán Skjaldarson lögfræðingur við og sinnti starfinu til ársloka 2009.

Skattstofa Vesturlandsumdæmis var til húsa á Akurbraut 13 til ársins 1982 en þá var hún flutt í hús Samvinnubankans á Kirkjubraut 28 þar sem hún var til ársins 1996. Þá var hún flutt í Stíllholt 16-18.

## Vestfjarðaumdæmi

Jón Á. Jóhannsson, sem verið hafði skattstjóri á Ísafirði, var settur skattstjóri Vestfjarðaumdæmis árið 1962 og sat áfram á Ísafirði. Hann sinnti starfinu til ársloka 1972. Þá tók Hreinn Sveinsson lögfræðingur við og var skattstjóri til ársins 1984, þá Ólafur Helgi Kjartansson lögfræðingur 1984-1991. Eftir það var meiri hreyfing á skattstjórum umdæmisins en á öðrum stöðum. Kristján Gunnar Valdimarsson lögfræðingur gegndi starfinu á árunum 1991-1993 og Elín Árnadóttir lögfræðingur 1993-1995. Þá stóð til að Ragnar Gunnarsson viðskiptafræðingur tæki við en honum snerist hugur og var Pétur Ólafsson viðskiptafræðingur settur fram á haust 1996. Þá tók Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögfræðingur við starfinu til ársins 2002 en var þó í leyfi frá júlí 2000 til febrúar 2002. Á þeim tíma voru sett til starfsins sitt hvort árið Erla Puríður Pétursdóttir lögfræðingur og Ólafur Páll Gunnarsson lögfræðingur. Guðrún Björg Bragadóttir viðskiptafræðingur var skipuð skattstjóri í september 2002 og starfaði á Ísafirði í sex ár, fram á sumar 2008, en þá tók Rósa H. Ingólfssdóttir viðskiptafræðingur við starfinu og sinnti því til ársins 2009.



Frá skattstofunni á Siglufirði haustið 2007. Frá vinstri: Rósa H. Ingólfssdóttir, Hanna Björnsdóttir, Ingvar Kristinsson, Elín Alma Arthursdóttir og Bogi Sigurbjörnsson.

Skattstofa Vestfjarðasumdæmis á Ísafirði var til húsa í Fjarðarstræti 15 til ársins 1975 en þá var hún flutt á Skólagoðu 10. Þar var hún til desember 1988 að hún var flutt í Stjórnsýsluhúsið við Hafnarstræti.

### Norðurlandsumdæmi vestra

Ragnar Jóhannesson, sem verið hafði skattstjóri á Siglufirði, varð skattstjóri í Norðurlandsumdæmi vestra við kerfisbreytinguna árið 1962. Eins og víðast hvar á minni skattstofunum voru starfsmenn yfirleitt tveir til þrjár en aðstoðarfólki bætt við á álagstímum. Ragnar var skattstjóri þar til hann lést árið 1980. Jón Guðmundsson viðskiptafræðingur, starfsmaður ríkisskattstjóra, tók þá við í þrjá mánuði í afleysingum þangað til Bogi Sigurbjörnsson var skipaður skattstjóri. Hann gegndi stöðunni á árunum 1980 til desember 2007 og síðan Hanna Björnsdóttir frá sama tíma til ársins 2009.

Skattstofa Norðurlandsumdæmis vestra á Siglufirði var í Túngötu 5 til ársins 1972 að hún var flutt í Túngötu 3.

### Norðurlandsumdæmi eystra

Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra var á Akureyri og þar var Hallur Sigurbjörnsson skattstjóri 1962–1986. Gunnar Rafn Einarsson viðskiptafræðingur tók við af honum og starfaði á árunum 1986–1992. Gunnar Rafn þótti strangur og þau ummæli hans í sjónvarpsviðtali árið 1990 að kartöflur sem fólk ræktaði væru skattskyldar ollu miklu fjaðrafoki fyrir norðan. Hann var þó aðeins að ræða þetta fræðilega! Friðgeir Sigurðsson lögfræðingur var settur skattstjóri tímabundið árið 1992 og síðan Kristín Norðfjörð lögfræðingur þar til Sveinbjörn Sveinbjörnsson viðskiptafræðingur var skipaður í embættið síðar á árinu 1992 og hann gegndi því til ársins 1996. Kristín varð fyrst íslenskra kvenna til að gegna störfum skattstjóra. Meðan verið var að ráða nýjan mann til starfsins árið 1996 var Magnús Pétursson, hagfræðingur og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, settur skattstjóri í einn mánuð samhliða starfi sínu í ráðuneytinu. Síðastur í röð skattstjóranna á Ak-



Ragnar Jóhannesson skattstjóri Norðurlandsumdæmis vestra 1962-1980.



Vinnusalur Skattstofunnar í Reykjavík í Tryggvagötu árið 1977.

Skattstofa Norðurlands-  
umdæmis eystra var til  
húsa að Hafnarstræti 95  
á Akureyri.



Steinþór Haraldsson starfs-  
maður ríkisskattstjóra og  
skattstjóri frá árinu 1975 til  
dagsins í dag.

ureyri var Gunnar Karlsson viðskiptafræðingur og hafði hann starfið með höndum á árunum 1996–2009.

Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra á Akureyri var á Strandgötu 1 til ársins 1974 en var þá flutt á fjórðu hæð Hafnarstrætis 93. Haustið 1992 var hún flutt á fimmtu hæð Hafnarstrætis 93–95.

Um tíma hafði Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra útibú á Húsavík og þar voru fjórir starfsmenn þegar mest var. Upp úr 1986 fór að halla undan fæti fyrir útibúinu og þegar verið var að koma dýrum tölvubúnaði fyrir á öllum skattstofunum árið 1987 vegna staðgreiðslunnar var tekin sú ákvörðun að setja hann ekki upp á Húsavík. Eftir það fækkaði starfsmönnum útibúsins og að lokum var umboðið fært á bæjarstjórnarskrifstofuna þegar síðasti starfsmaðurinn lét af störfum.



Skattstofa Austurlands-  
umdæmis flutti árið 2009 í  
nýtt húsnæði á Skjólvangi 2  
á Egilsstöðum.

### Austurlandsumdæmi

Skattstofa Austurlandsumdæmis var færð til Egilsstaða með breytingunum árið 1962 en fram að því hafði verið skattstofa í Neskaupstað. Raunar fékkst ekkert húsnæði strax á Egilsstöðum og því var hún í fyrstu í tveimur litlum herbergjum í húsi Jónasar Péturssonar alþingismanns í Fellabæ. Páll Halldórsson viðskiptafræðingur var ráðinn skattstjóri og hafði hann starfið með höndum til ársins 1979. Fyrst í stað voru starfsmenn hans tveir en árið 1963 bættist sá þriðji við og þá fékk skattstofan þriðja herbergið í nálægu húsi en áfram bjó hún við þröngan kost til ársins 1986. Þá var hún flutt í húsnæði Rafmagnsveitu ríkisins á Egilsstöðum þar sem hún var til ársins 2009 að hún var færð á Skjólvang 2. Bjarni G. Björgvinsson lögfræðingur tók við af Páli árið 1979 og hafði



Karl S. Lauritzson skattstjóri  
Austurlandsumdæmis  
1989–2009.

skattstjórastarfið með höndum til ársins 1989. Þá var Kristján Össur Jónasson viðskiptafræðingur settur skattstjóri tímabundið meðan gengið var frá fastráðningu manns í starfið. Það var Karl S. Lauritzson viðskiptafræðingur og var hann skattstjóri 1989–2009.

### Suðurlandsumdæmi

Skattstofa Suðurlandsumdæmis fékk aðsetur á Hellu. Í fyrstu var hún í einu herbergi í gamla hótelinu en fluttist árið 1963 í kaupfélagshúsið að Prúðvangi 31 og þaðan seinna í hús Búnaðarbankans að Prúðvangi 5 þar sem hún var til ársins 1980. Enn var hún færð til í kaптúninu og þá í íbúðarhúsið að Prúðvangi 20 þar sem hún var starfrækt á árunum 1980–1999 að hún var flutt í janúar í nýtt sérbyggt hús að Vegskálum 1.

Filippus Björgvinsson viðskiptafræðingur var skattstjóri umdæmisins 1962–1968, Hálfán Guðmundsson viðskiptafræðingur 1968–1984, Hreinn Sveinsson lögfræðingur 1984–2008 og Steinþór Haraldsson lögfræðingur 2008–2009. Steinþór tók þó við starfinu um mitt ár 2007 þar sem Hreinn var í leyfi frá júní til áramóta.

### Reykjanesumdæmi

Í Reykjanesumdæmi var skattstofan að Strandgötu 8–10 í Hafnarfirði til loka nóvember 1982. Fyrsta árið hafði hún líka aðsetur í Kópavogi en Haustið 1963 var öll starfsemin flutt til Hafnarfjarðar. Fyrsta desember 1982 var Skattstofa Reykjanesumdæmis flutt á Suðurgötu 14.

Ævar Ísberg viðskiptafræðingur var ráðinn skattstjóri umdæmisins 1. október 1962 og létu þá um leið af störfum þeir þrjár skattstjórar sem fyrir voru í Hafnarfirði, Kópavogi og Keflavík. Ævar Ísberg lét af störfum 1. júlí 1967 og þá tók Sveinn H. Þórðarson viðskiptafræðingur við af honum og starfaði til ársins 1986. Sigmundur Stefánsson lögfræðingur var skattstjóri 1986–2009. Í ágúst 1991 var í fyrsta sinn skipaður varaskattstjóri við Skattstofu Reykjanesumdæmis en slíkt embætti var fram að því aðeins til í Reykjavík. Sá sem tók við embættinu var Guðmundur Björnsson lögfræðingur. Skattstofunni var á sama tíma skipt í sex deildir: staðgreiðsludeild, virðisaukaskattsdeild, eftirlitsdeild, atvinnurekstrardeild, einstaklingsdeild og skráningardeild.

### Vestmannaeyjaumdæmi

Friðþjófur G. Johnsen héraðsdómslögmaður var ráðinn skattstjóri í Vestmannaeyjum seint á árinu 1962, nokkru eftir að lögin um kerfisbreytinguna tóku gildi. Hann varð bráðkvaddur 20. apríl 1963, aðeins 52 ára að aldri. Einar H. Eiríksson var þá ráðinn í hans stað og hafði Einar skattstjórastarfið með höndum til ársins 1977. Eftir að hann lét af störfum tók Ævar Ísberg vararíkisskattstjóri starfið að sér tímabundið. Árið 1978 var Ingi Tómas Björnsson viðskiptafræðingur skipaður skattstjóri og gegndi hann stöðunni til ársins 2009.





Hörður Halldórsson deildarstjóri og Kristján Össur Jónasson skrifstofustjóri hjá ríkisskattstjóra.

Skattstofan í Vestmannaeyjaumdæmi var fyrst í stað á Heimagötu 25 en var síðan flutt að Bárustíg 2, Drífanda, þar sem hún var fram að gosi árið 1973. Þá voru öll gögn hennar flutt til Reykjavíkur og fékk stofan húsaskjól hjá ríkisskattstjóra á fjórðu hæð Skúlagötu 57. Haustið 1974 fluttist skattstofan á ný til Eyja og þá í húsnaði á Heiðarvegi 1. Árið 1988 var hún enn á ný flutt og þá í Stjórnsýsluhúsið á Heiðarvegi 15.

### Vinnan á skattstofunum

Þótt ákvæðum um embætti skattstjóra væri oft breytt lítillega með árunum voru verkefni þeirra lengi að mestu þau sömu. Þeir lögðu á tekju- og eignarskatt, útsvör í flestum tilfellum, aðstöðugjald og höfðu eftirlit með söluskattsskilum og gerð skráa yfir söluskattsskylda aðila. Í þeirra verkahring var jafnframt að rannsaka öll minniháttar undanskot en ef grunur vaknaði um stór brot bar þeim að búa málið í hendur ríkisskattstjóra. Á tíunda áratugnum komu nýir skattar til sögunnar og jafnframt fór tæknin að breyta gömlum vinnubrögðum hraðar en áður.

Með lagabreytingu árið 1978 varð ekki lengur skylt að hafa umboðsmenn skattstjóra í öllum sveitarfélögum og horfið var frá því að lögbinda starfssvið þeirra, þess í stað fengu umboðsmennirnir erindisbréf frá ráðherra. Breytingin leiddi til þess að þeim fækkaði og laust eftir 1990 voru þeir 175. Árið 1981 var sú breyting gerð að hreppstjórar, sveitarstjórar, bæjarstjórar og oddvitar voru skyldaðir til að gegna störfum umboðsmanns væri þess óskað. Sumir þeirra störfuðu fram á síðustu ár og þóttu bráðnaúðsynlegir starfsmenn. Má til dæmis geta umboðsmannanna á Kjalarnesi og í Kjós sem þóttu einkar öflugir, ekki síst við að koma með landbúnaðarskýrslur bænda með góðum fyrirvara en þær ollu oft og einatt erfiðleikum á skattstofunum vegna þess hvað þeim var seint skilað.

Með lagabreytingunni árið 1978 var einnig gerð grundvallarbreyting á gildi skattskráa sem breyta átti vinnu á skattstofunum. Lengi hafði verið gert ráð fyrir að skattstofurnar hefðu lokið yfirferð framtala fyrir útkomu skattskráanna sem átti að gerast fyrir 20. júní eftir að kærufrestur var runninn út. Mál þróuðust þannig í reynd að yfirferðinni var víðast ekki lokið fyrir útkomu skattskráa vegna tímaskorts og oft vildi útkoman dragast. Eftir að þær voru komnar fram varð svo í flestum umdæmum að fara aftur yfir þau framtöl sem ekki hafði tekist að skoða til fulls. Lögunum var því ekki fylgt að öllu leyti. Reynt var að bæta þetta með nýju lögunum. Framtalsfrestur almennings var lengdur til 10. febrúar, sjálfstætt starfandi manna til 15. mars og lögaðila til 31. maí. Skattstjórar máttu sem fyrr leiðrétt augljósar villur í framtölum en fengu nú auknar heimildir til að breyta því sem stríddi gegn þeim upplýsingum sem þeir höfðu úr öðrum áttum, frá atvinnurekendum og stofnunum. Um annað urðu þeir að leita svara hjá framteljendum með bréfi. Álagningu á almenning átti að vera lokið fyrir 31. maí eftir lauslega skoðun og bar skattstofunum þá að senda fólki álagningartilkyrningu og skrá um þá sem á var lagt til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda. Almenningsur gat kært álagninguna ef ástæða þótti til en seinni hluta ársins var tíminn á skattstofunum notaður til að fullskoða framtölin. Álagningu á lögaðila átti að ljúka fyrir 1. október með fullnaðarskoðun og þeim bar líka að fá upplýsingar um álagninguna senda í pósti. Kærufrestur almennings var lengdur úr 14 dögum í 30 og lögaðila úr 21 degi í 30. Í árslok, þegar búið var að yfirfara öll framtöl og úrskurða kærur, bar skattstjórum að semja skattskrár og leggja þær fram. Með þessum breytingum var þess vænst að vinnan á skattstofunum yrði auðveldari og að skrárnar yrðu áreiðanlegri. Þessum verklagsreglum var breytt aftur lítillega strax ári seinna en þá áttu



Sigríður Björk Guðjónsdóttir skattstjóri Vestfjarðaumdæmis frá 1996-2002.



Rósa H. Ingólfssdóttir síðasti skattstjóri Vestfjarðaumdæmis.

Skattframtöl voru gerð einfaldari árið 1989 í kjölfar laga árið 1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Jón Zóphoníasson deildarstjóri og Gunnar Gunnarsson rekstrarstjóri að störfum á Skúlagötu 57.



skattstjórar að hafa lokið álagningu eigi síðar en 30. júní á almenning og áttu svo að leggja fram álagningarskrár eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests. Skattskráin sjálf skyldi eins og áður var búið að ákveða koma út eftir að búíð var að afgreiða kærur.

vegna skattkorta og umsjónar með áætluðu reiknuðu endurgjaldi. Þá voru einmenningsstólvur fyrir fáum árum komnar á borð margra starfsmanna en með staðgreiðslunni tók tölvuvæðingin mikinn kipp. Hún breytti eðlilega allri vinnutilhögun á skattstofunum og í öllu skattkerfinu.

Skattalagabreytingar sem komu til framkvæmda árið 1980 sköpuðu umtalsverða erfiðleika við álagningu fyrst í stað. Mynd frá Skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra á Akureyri um 1980 fyrir daga einmennings-tölvunnar. Framtöl á hillum.



Nokkurn tíma tók að koma sumum þessara breytinga á og það gekk ekki alveg átakalaust því endurskipulögð ríkisskattanevnd túlkaði lögin með öðrum hætti en starfsfólkið á skattstofunum og breytti í rauninni allri skattfrankvæmd í landinu út frá málsmeðferðarreglum. Áður fyrr þegar skattstjórar höfðu talið sig hafa óbyggjandi vitneskju um að gera þyrfti breytingu á framtali þá var breytingin gerð og gjaldandanum tilkynnt um það og svo fékk hann kærufrest. En nýja ríkisskattanevndin taldi að þetta væri ekki rétt samkvæmt nýju lögunum og lagði málið þannig upp að fyrst þyrfti að spyrja gjaldandanann, í öðru lagi þyrfti að boða breytinguna og í þriðja lagi þyrfti að úrskurða og svo í fjórða lagi höfðu menn kærufrest. Við þetta þyngdist málsmeðferðin gríðarlega mikið og breytingar sem gerðar voru á framtölum árið 1980 féllu nánast allar í ríkisskattanevnd. Fyrir vikið varð ríkissjóður af gífurlegum fjármunum. Þetta var alvarlegt mál en fór þó ekki mjög hátt.

Með upptöku staðgreiðslu árið 1988 fengu skattstjórar ný verkefni, til dæmis aukna vinnu

## Aukin deildaskipting

Á áttunda áratugnum voru bara stærstu skattstofurnar deildaskiptar en um miðjan níunda áratuginn voru þær allar deildaskiptar. Fjöldi deildanna var þó mismikill og fór hann að sjálfsögðu eftir stærð umdæmanna. Árið 1988 heimsóttu Snorri Olsen og Skúli Eggert Þórðarson flestar skattstofurnar og í kjölfarið lögðu þeir fram tillögur um bættu skattfrankvæmd. Við gerð fjárlaga og í opinberri stjórnsýslu var skattstofunum frá árinu 1989 skipt í fjóra flokka eftir fjölda deilda þeirra. Í flokki A var Skattstofan í Reykjavík með sjö deildir. Í flokki B voru Skattstofa Reykjanesumdæmis í Hafnarfirði og Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra á Akureyri með sex deildir. Í flokki C voru skattstofur með þrjár deildir. Þær voru Skattstofa Vesturlandsumdæmis á Akranesi, Skattstofa Vestfjarðumdæmis á Ísafirði, Skattstofa Norðurlandsumdæmis vestra á Siglufirði, Skattstofa Austurlandsumdæmis á Egilsstöðum og Skattstofa Suðurlandsumdæmis á Hellu. Skattstofan í Vestmannaeyjum var í flokki D með tvær deildir. Þegar þessi flokkaskipting var innleidd voru starfsmenn embættanna frá 4 upp í rúmlega 80 þar sem þeir voru flestir en það var á Skattstofunni í Reykjavík. Síðasta árið sem skattstofurnar störfuðu sem sjálfstæðar einingar, árið 2009, voru unnin ársverk á Skattstofunni í Reykjavík 65, Skattstofu Reykjanesumdæmis 48, Skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra 21, Skattstofu Vesturlandsumdæmis og Skattstofu Suðurlandsumdæmis 16, Skattstofu Austurlandsumdæmis 11, Skattstofu Vestfjarðumdæmis og Skattstofu Norðurlandsumdæmis vestra 7 og 4 ársverk á Skattstofu Vestmannaeyja. ■

# UT-verðlaun SKÝ 2016

Upplýsingatækniverðlaun Ský 2016 voru afhent laugardaginn 6. febrúar í lokahófi UTmessunnar í Hörpu. Valnefndin hafði að leiðarljósi að verðlaunin væru veitt fyrir framúrskarandi framlag á sviði upplýsingatækni, skapað verðmæti og auðgað líf Íslendinga með hagnýtingu á upplýsingatækni. Áhersla er lögð á að framlagið hafi þegar sannað sig með afgerandi hætti. Í ár voru embætti ríkisskattstjóra og Skúla Eggert Þórðarsyni veitt verðlaunin.

Í greinargerð valnefndar segir meðal annars:

Eitt af stærstu verkefnum Skúla Eggerts á fyrstu árunum sem ríkisskattstjóri var að sameina 10 stofnanir í eina. Gífurleg vinna var lögð í að breyta hugarfari og endurskilgreina starfsemi á meðan á sameiningarferlinu stóð ásamt því að viðhorf til starfsmanna og viðskiptavina RSK var endurskoðað. Mikil áhersla var lögð á mannlega þáttinn og að hafa alla starfsmenn virka í ferlinu. Skúli Eggert hefur eftir sameininguna haldið því starfi áfram og var RSK valin stofnun ársins árið 2015 og hefur fengið fjölda fleiri verðlauna fyrir góðan árangur á liðnum árum.

Af afrekum rafrænnar stjórnsýslu skal fyrst nefna að RSK reið á vaðið árið 1999 þegar fyrst var opnað fyrir skil á vefnum þ.e. hægt var að skrá inn tölur og senda rafrænt. Árið eftir, 2000, var hægt að geyma framtalið og vinna í því áður en það var sent til RSK. Einhver áritun var í framtölunum frá byrjun s.s. hjúskaparstaða, launamiðar og slíkt en síðar jókst áritun jafnt og þétt og komu t.d. inn upplýsingar frá fjármálastofnunum árið 2008. Útbúinn var sérstakur veflykill



sem var undanfari rafrænna skilríkja annars vegar fyrir einstaklinga og hins vegar fyrir fagaðila. Þessir veflyklar eru í notkun hjá mörgum enn í dag. Þessi rafræna leið til að skila skattaframtali þróaðist í gegnum árin og smám saman urðu upplýsingar inn á framtölunum meiri. Frá árinu 2010 hafa framtölin verið fullbúin hjá upp undir helmingi framteljenda þannig að í dag þurfa margir einungis að fara inn og samþykka framtalið og skila rafrænt án þess að þurfa að bæta við upplýsingum.

Ljóst er að embætti ríkisskattstjóra hefur verið í fararbroddi og frumkvöðull í nýtingu upplýsingatækni sem auðgar líf sem flestra Íslendinga. Undir stjórn Skúla Eggerts Þórðarsonar hefur embætti ríkisskattstjóra verið leiðandi í rafrænni stjórnsýslu og nýtt upplýsingatækni á snjallan hátt viðskiptavinum sínum til góða.

Verðlaunagripurinn er glerlistaverk eftir Ingu Elínu listakonu. Í valnefndinni voru Hjálmar Gíslason verðlaunahafi 2015, Rákel Sölvadóttir verðlaunahafi 2014, Svana Gunnarsdóttir fyrir hönd styrktaraðila, Ari Kristinn Jónsson fyrir hönd háskólasamfélagsins, Jóhann Þór Jónsson frá Samtökum upplýsingatæknifyrirtækja, Guðmundur Arnar Þórðarson úr stjórn Ský og Arnheiður Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Ský.

Unnið úr frétt á vefsvæðinu sky.is.

# Velta og virðisaukaskattur

**Virðisaukaskattur er lagður á vörur og flest alla þjónustu sem er seld í landinu. Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu innheimta virðisaukaskatt, útskatt, sem lagður er á verð vörunnar eða þjónustunnar, en fá virðisaukaskatt sem þeir hafa þegar greitt af aðföngum, innskatt, endurgreiddan og greiða því í ríkissjóð mismun á útskatti og innskatti. Skatturinn er því í raun aðeins borinn af endanlegum neytendum.**

Hinn 1. apríl sl. lauk ríkisskattstjóri við að leggja virðisaukaskatt á veltu ársins 2015. Niðurstöður álagningarinnar sýna að velta í þjóðfélaginu hefur aukist mjög hratt á síðustu misserum. Velta jókst um 7,5% á milli ára en tekjur af virðisaukaskatti jukust um 9,3%. Tekjur af virðisaukaskatti án áætlana voru 192 milljarðar árið 2015, eða að heita jafn háar og árið 2008.

Árið 2015 var virðisaukaskattur í almennu þrepi 24% en lagður var á 11% skattur í sérstöku þrepi sem tók m.a. til gistingar, sölu á heitu vatni, matvöru og menningarefnis af ýmsum toga, t.d. bóka, tímarita og hljómdiska. Virðisaukaskattsþrepunum var breytt 1. janúar 2015 en frá 1. janúar 2010 og fram til áramóta 2015 var lagður á 25,5% skattur í almennu þrepi en sérstakt þrep var 7%. Frá árinu 1990 þegar virðisaukaskattur var tekinn

upp og fram til áramóta 2010 var lagður á 24,5% skattur í almenna þrepinu. Lægra þrepíð var hins vegar 14% við gildistöku þess 1. janúar 1993 en var lækkað í 7% í mars árið 2007.

Útflutningur og ýmis sala til erlendra aðila innanlands, s.s. sala til erlendra skipa og flugfélaga, er undanþegin virðisaukaskatti. Þótt ekki sé lagður útskattur á sölu fæst virðisaukaskattur af aðföngum, þ.e. innskattur, hins vegar endurgreiddur eins og um virðisaukaskattsskylda sölu væri að ræða. Stundum er því talað um að þessi sala beri núllskatt.

Þá ber þess að geta að opinber þjónusta og ýmis þjónusta sem fellur undir líknar-, félags-, menningar- og menntamál er undanþegin virðisaukaskatti. Þá er fjármálastarfsemi og váttryggingastarfsemi heldur ekki virðisaukaskattsskyld. Velta í

undanþeginni starfsemi var tæpur þriðjungur veltu tekjuskattsskyldra aðila og því er ljóst að stór hluti efnahagsstarfsemi í landinu ber ekki virðisaukaskatt.

Almennt er virkni virðisaukaskattskerfisins metin út frá því hversu hár skattur er greiddur af virðisauka í landinu en það er ljóst að hann er umtalsvert lægri en mætti ætla ef hið almenna virðisaukaskattsþrep væri eitt haft til viðmiðunar. Undanþágur og þrepaskipting draga úr skilvirkni kerfisins.

Virðisaukaskatti er almennt skilað sex sinnum á ári. Skattskyldir aðilar hafa einn mánuð og fimm daga til að skila virðisaukaskattsskýrslum fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil. Virðisaukaskattsskýrslum fyrir tímabilið nóvember til desember er því skilað að jafnaði 5. febrúar. Í byrjun apríl var búið að skila virðisaukaskattsskýrslum fyrir allt árið 2015 en þar með var ljós álagning virðisaukaskatts á veltu ársins.

## Velta

Árið 2015 var heildarvelta skv. virðisaukaskattsskýrslum 3.844 milljarðar sem var 272 milljörðum eða 7,6% meiri velta að


## Velta og virðisaukaskattur 2009 til 2015

*Í milljónum króna á verðlagi ársins 2015*

Rekstrarár	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014 - 2015 kr. %	
<b>Velta</b>									
Velta hærra þrep	1.479	1.455	1.457	1.514	1.529	1.613	1.758	145	9,0%
Velta lægra þrep	525	562	581	616	627	654	676	22	3,3%
<b>Samtals</b>	<b>2.004</b>	<b>2.017</b>	<b>2.037</b>	<b>2.129</b>	<b>2.157</b>	<b>2.267</b>	<b>2.434</b>	<b>167</b>	<b>7,3%</b>
Undanþegin velta	1.135	1.265	1.284	1.358	1.270	1.298	1.399	101	7,8%
Erlend þjónusta	3	6	4	8	4	5	10	5	86,5%
Heildarvelta	3.143	3.288	3.325	3.495	3.431	3.571	3.844	272	7,6%
<b>Álagning</b>									
Hærra þrep	362	371	371	386	390	411	422	11	2,6%
Lægra þrep	37	39	41	43	44	46	74	29	62,3%
<b>Samtals</b>	<b>412</b>	<b>412</b>	<b>412</b>	<b>429</b>	<b>434</b>	<b>457</b>	<b>496</b>	<b>39</b>	<b>8,6%</b>
Erlend þjónusta	1	1	1	2	1	1	2	1	75,5%
Álagning í tolli	119	134	148	149	144	145	150	5	3,8%
<b>Álagður virðisaukaskattur samtals</b>	<b>532</b>	<b>548</b>	<b>561</b>	<b>580</b>	<b>579</b>	<b>603</b>	<b>649</b>	<b>46</b>	<b>7,6%</b>
Innskattur	364	390	406	417	416	429	457	29	6,7%
Útskattur - innskattur	168	158	155	163	164	175	192	17	9,8%

Milljónir


## Virðisaukaskattsvelta án innflutnings



Velta í hærra þrepi minnkaði um 32,2% að raungildi á milli árána 2007 og 2010. Á sama tíma jókst velta í lægra þrepinu um 10,3% og undanþegin velta um 45,8%. Á árunum 2010 til 2015 jókst velta í efra þrepinu um 20,8%, velta í lægra þrepinu jókst um 20,3% og undanþegin velta um 10,6%. Velta í lægra virðisaukaskattsþrepinu hefur aukist um 63,5% frá árinu 2006.


Milljónir

## Álagður virðisaukaskattur



Árið 2010 var almennt þrep í virðisaukaskatti hækkað um eitt prósentustig, úr 24,5% í 25,5%. Það var svo aftur lækkað í 24% árið 2015. Neðra þrepið var lækkað úr 14% árið 2007 niður í 7%. Það var svo aftur hækkað í 11% árið 2015. Álagning í almenna þrepinu jókst um 2,6% og álagning í neðra þrepi hækkaði um 62,3% á milli árána 2014 og 2015 á sama tíma og stofninn jókst um 9% og 3,3%.

## Tekjur af virðisaukaskatti



Álagður virðisaukaskattur innanlands var 949 milljarðar árið 2015 sem var 7,6% hækkun frá árinu 2014. Á móti álagningunni voru 457 milljarðar greiddir í innskatt sem var 6,7% meira en var greitt 2014. Tekjur ríkisins af virðisaukaskatti voru um 192 milljarðar árið 2015, sem var 17 milljörðum eða 9,8% meiri tekjur en árið 2014.

raunvirði en árið áður. Velta í efra þrepi jókst um 145 milljarða eða 9% á milli ára en velta í neðra þrepinu jókst um 22 milljarða eða 3,3%. Undanþegin velta jókst um 101 milljarð eða 7,8%. Þá seldu erlendir aðilar ýmis konar þjónustu hingað til lands fyrir 10,2 milljarða árið 2015 sem var rúmum 4,8 milljörðum eða 86,5% meiri sala en árið 2014.

Þessu til viðbótar er vörusala erlendra aðila á Íslandi, eða innflutningur. Virðisaukaskattur er lagður á innflutning í tolli og því er hann ekki talinn með í þessum veltutölum. Rétt er að taka fram að hér er miðað við frumálagningu á hverju tímabili en þegar frá líður tekur álagningin nokkrum breytingum vegna leiðréttingarskýrslna sem berast m.a. í stað áætlana.

Velta í almennu skattþrepi hefur aukist mikið á síðustu misserum eftir að hafa snarminnkað á árunum eftir hrún. Reyndar kann bakfærður virðisaukaskattur vegna tapaðra krafna að hafa ýkt áhrif hrunsins nokkuð en þegar virðisaukaskatti hefur verið skilað af sölu sem síðan fæst ekki innheimt er skatturinn bakfærður og dregst þá frá veltu tímabilsins þegar hann er bakfærður. Hluti veltu ársins 2008 var því bakfærður vegna tapaðra krafna og lækkaði því veltu árunum 2009 og 2010.

Heildarvelta án innflutnings dróst saman um 389 milljarða eða 11% á árunum 2007 til 2009. Velta í almennu þrepi minnkaði um 671 milljarð eða um 31,2% á sama tíma og velta í lægra þrepinu jókst um 16 milljarða eða 3,1%. Þá jókst undanþegin velta á þessum árum um 267 milljarða eða 30,8%. Velta í herra þrepinu átti reyndar enn eftir að falla um

24 milljarða fram til ársins 2010.

Frá árinu 2009 fram til ársins 2015 jókst velta um 701 milljarð, eða 22,3%. Velta í almennu þrepi hefur hækkað um 279 milljarða eða 18,8% og velta í lægra þrepinu hefur aukist um 151 milljarð eða 28,8%. Undanþegin velta hefur aukist um 264 milljarða eða 23,3%. Þá hefur aðkeypt þjónusta erlendis frá aukist um sjö milljarða eða 192,2%.

Þótt enn vanti 393 milljarða upp á að velta í almennu þrepi nái þeim hæðum sem hún var í árið 2007 er heildarvelta þegar orðin 311 milljörðum hærri en hún var þá. Hér munar mest um útflutning en undanþegin velta hefur aukist um 531 milljarð eða 61,2% að raunvirði frá árinu 2007.

### Virðisaukaskattur

Á veltu innanlands voru lagðir 499 milljarðar í virðisaukaskatt árið 2015. Þar af voru 422 milljarðar lagðir á veltu í almenna þrepinu og 74 milljarðar lagðir á veltu í lægra þrepi. Þrátt fyrir að skattur í almenna þrepinu hafi verið lækkaður um 1,5 prósentustig eða tæp 6% jókst álagningin um 2,6%. Álagður virðisaukaskattur í neðra þrepinu jókst um 62,3%. Skatthlutfallið hækkaði úr 7% í 11%, eða um 57,1%. Virðisaukaskattur af erlendri þjónustu var rúmum tveir milljarðar, sem var 75,5% meira en var lagt á erlenda þjónustu árið 2014. Útskattur var 40 milljörðum eða 8,8% meiri en árið 2014.

Árið 2015 var meðalvirðisaukaskattur af veltu innanlands 12,9%. Þetta hlutfall hefur lækkað nokkuð eftir því sem undanþegin velta vegur þyngra í heildarveltu. Ef hins vegar aðeins er miðað við skattskylda veltu þá var meðalvirðisaukaskattur 20,4%

eða 0,2 prósentustigum hærri en árið 2014. Ef skatthlutföll hefðu verið óbreytt hefðu 448 milljarðar verið lagðir á veltu í almennu þrepi, þ.e. 26,4 milljörðum meira en var lagt á. Á móti vegur að 27 milljörðum minna var lagt á veltu í lægra þrepinu.

Umtalsverður hluti virðisaukaskatts er lagður á innflutning í tolli. Virðisaukaskattur í tolli var 150 milljarðar, sem var fimm milljörðum eða 3,8% meira en var lagt á árið 2014. Álagður virðisaukaskattur var því samtals 649 milljarðar, 46 milljörðum eða 7,6% hærri að raunvirði en árið 2014.

### Innskattur

Sem fyrr segir er virðisaukaskattur aðeins lagður á þann virðisauka sem verður til á hverju stigi viðskipta. Sá skattur sem hefur verið lagður á og greiddur á fyrri stigum fæst því endurgreiddur. Af þeim 649 milljörðum sem voru lagðir á veltu innanlands og í tolli voru 457 milljarðar greiddir af fyrirtækjum sem seldu vörur eða þjónustu áfram til annarra skattskyldra aðila eða til endanlegra notenda og gátu því innskattað greiddan skatt af aðföngum á móti álöggðum skatti af sölu. Innskattur jókst um 29 milljarða eða 6,7% á milli árunum 2014 og 2015. Stór hluti innskattsins er greiddur útflutningsfyrirtækjum sem skila ekki útskatti af veltu sinni. Þetta á m.a. við um útgerð og stóriðju. Fyrirtæki í stóriðju skila nánast engum útskatti af útflutningi en innskatta innflutt hráefni og raforku. Innskattur sem hlutfall af álöggðum skatti lækkaði úr 70,3% í 69,4% sem gefur til kynna að meira sé selt til endanlegrar neyslu eða minna fjárfest.

### Tekjur af virðisaukaskatti

Tekjur ríkisins af virðisaukaskatti eru útskattur að frádregnum innskatti. Álagður virðisaukaskattur að frádregnum innskatti var um 192 milljarðar árið 2015, um 17 milljörðum eða 9,8% meiri en árið 2014.

Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 22,6% frá árinu 2010. Á þessum tíma hefur veltan innanlands, skattskyld og undanþegin, aukist um 16,9%. Álagður virðisaukaskattur hefur aukist um 20,4% og álagning í tolli hefur aukist um 12%. Álagning í tolli hefur ekki verið hærri síðan 2008 en þá var virðisaukaskattur 1,5 prósentustigi hærri en hann var árið 2015. Af niðurstöðu álagningar virðisaukaskatts árið 2015 að dæma verður ekki betur séð en að landið sé nú að mestu risið upp úr öldudalnum. ■

PK



# Framtalsskil 2016

## og samanburður við skilatölur 2015

Samkvæmt breytingum á skattalögum verða opinber gjöld einstaklinga 2016 lögð á mánuði fyrr en tíðkast hefur undanfarna áratugi. Það þýðir jafnframt að framtalsfrestur styttest nokkuð. Í meðfylgjandi töflu eru settar fram tölulegar upplýsingar um stöðu framtalsskila í byrjun maí og þær bornar saman við tölur frá sama tíma 2015.

<b>Rafræn framtalsskil einstaklinga</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>	<b>Annað um framtalsskil</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>
Netframtöl einstaklinga, skilað á skattur.is	195.808	185.037	Einstaklingar sem skila rekstrarframtali	22.951	16.888
- þar af með einfaldað framtal	73.697	71.376	Skattframtöl barna yngri en 16 ára	6.782	5.862
- einfaldað framtal, hlutfall	37,6%	38,6%	Skattframtöl lögaðila	3.644	3.134
Framtöl einstaklinga, skilað úr framtalsforritum	49.502	35.505			
Framtalsaðstoð og önnur framtöl	10.695	9.453			
<b>Framtalsskil einstaklinga samtals</b>	<b>256.005</b>	<b>229.995</b>	<b>Ýmsar upplýsingar</b>		
Fjöldi á skattgrunnskrá	277.289	271.280	Hafa opnað netframtal en eiga eftir að skila	2.851	8.632
Skil, sem hlutfall af grunnskrá	92,3%	84,8%	Sóttu um framlengdan framtalsfrest	75.407	85.650
			Hafa óskað leiðréttingar á innsendu framtali	2.517	2.240
			Skrá netfang sitt á þjónustusiðu	186.440	169.041
			Afbakka álagningarseðil á pappír	177.621	158.607
<b>Framtalsaðstoð RSK og pappírframtöl</b>					
Framtalsaðstoð í afgreiðslu (bás)	7.262	6.396			
Framtalsaðstoð í síma	2.605	2.425			
Framtalsaðstoð samtals	9.867	8.821			
Skattstjóraframtöl *	118	1			
Framtöl sem skilað er á pappír	710	631			
- pappírframtöl, sem hlutfall af skilum	0,28%	0,27%			

\* „Skattstjóraframtal“ er það kallað þegar ríkisskattstjóri útbýr framtal í stað þess að áætla gjaldstofna, t.d. fyrir fólk á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Tölurnar hér segja ekki mikið þar sem skattstjóraframtöl eru ekki útbúin fyrr en í lok álagningarvinnslu. Við álagningu 2015 voru þau 3.667.

Þrátt fyrir að framtalsfrestur hafi nú verið styttri en áður fækkar þeim um 10 þúsund milli ára sem sækja um framlengdan frest, sem er um 12% fækkun. Þeim sem fá framtalsaðstoð fjölga um tæp 12%.

Pappírinn er nánast horfinn úr framtalskilum. Þeim sem afþakka álagningarseðil

á pappír fjölga um ríflega 19 þúsund og um 99,7% allra móttekinna framtala eru rafræn, bæði í ár og í fyrra.

Þeir sem skila framtölum sínum sjálfir hafa jafnan lokið skilum þegar komið er fram í maí. Mun færri eiga því framtöl á vefnum sem á eftir að klára og/eða staðfesta.

Þótt þeir sem atvinnu hafa af framtalsgerð hafi rýmri frest, styttest hann líka. Þeir hafa lagað sig að breyttum skilafresti og voru skil með framtalsforritum 40% meiri í byrjun maí en á sama tíma í fyrra.

HH

# RSK

Hvernig líkaði þér  
þjónustan í dag?

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI





# 97% ánægðir með þjónustu RSK



Af 1.425 álitsgjöfum voru 92% mjög ánægðir, 5% ánægðir, 1% óánægðir og 2% mjög óánægðir

Ánægja viðskiptavina hefur ávallt skipt miklu máli hjá RSK og leitast stofnunin við að veita eins góða þjónustu og frekast er unnt hverju sinni. Undanfarin 16 ár hefur embættið aukið til muna rafræna stjórnsýslu og geta viðskiptavinir í auknum mæli afgreitt sig sjálfir í gegnum þjónustuvef RSK. Jafnvel þótt sjálfsafgreiðsla hafi aukist umtalsvert undanfarin ár þá er enn ákveðinn fjöldi viðskiptavina sem kys fremur að nýta sér aðstoð starfsmanna RSK og gerir sér ferð á næstu starfsstöð embættisins. Mestur er fjöldi viðskiptavina sem mætir í aðalstöðvar ríkisskattstjóra að Laugavegi í Reykjavík enda þjónar sú starfsstöð mestum fjölda viðskiptavina.

Í aðdraganda framtalskila 2016 var ákveðið að taka inn s.k. ánægjuvog í afgreiðsluna á Laugaveginum og leitast þannig við að fá skýrari mynd af því hve ánægðir eða eftir atvikum óánægðir viðskiptavinir voru með þjónustu stofnunarinnar. Þriðjudaginn 8. mars 2016 tók ríkisskattstjóri því fyrrgreinda ánægjuvog frá Advania í notkun. Það er skemmst frá því að segja að útkoman var afar ánægjuleg og yfir 91% viðskiptavina voru mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu hjá starfsmönnum ríkisskattstjóra m.v. mælingar vikuna 21. – 27. mars sl. Hér að neðan má sjá skiptingu þeirra sem tóku þátt í


könnuninni með því að ýta á einn af ofangreindum hnöppum og voru eins og áður sagði 92% viðskiptavina mjög ánægðir en aðeins 2% viðskiptavina mjög óánægðir. Þó að vissulega sé þetta góð útkoma þá er ávallt rými til bætingar, enda snýst góð þjónusta um það að vera stöðugt í sókn og gæta þess að halla sér aldrei aftur í þeirri trú að verkinu sé nú lokið.

Á súluritinu hér að neðan má sjá hvernig viðhorf viðskiptavina var til þjónustunnar innan dagsins. Minnst var ánægjan um hádegisbilið og má líklegast rekja það til þeirrar staðreyndar að hádegis er jafnan mikill álagstoppur og því lengsta biðin eftir þjónustu á þeim tíma.

Yfir heildina þá voru niðurstöður könnunarinnar mjög góðar en samtals voru 97% viðskiptavina mjög jákvæðir eða jákvæðir gagnvart þjónustunni sem þeir fengu hjá RSK. Þá voru aðeins 3% óánægðir eða mjög óánægðir með þjónustuna.

Í ljósi þessarar góðu útkomu telur ríkisskattstjóri einsýnt að niðurstöður úr ánægjuvoginni komi aðeins til með að efla þá góðu þjónustu sem starfsmenn embættisins leitast við að veita viðskiptavinum og styrkja enn frekar góða áýnd stofnunarinnar út á við.

ÁBJ



# Atvinnurekstur 2014

Nú eru að verða liðin átta ár frá því að íslenskt atvinnulíf varð fyrir efnahagslegu broti sem keyrði það á kaf. Rekstur fyrirtækja á undanförunum árum hefur borið þess vitni að aðstæður í þjóðfélaginu hafa verið mjög óvenjulegar. Þótt enn eimi eftir af hruninu ber ekki á öðru en að nú sé landið loks farið að rísa og tekið að blása byrlega fyrir fyrirtækjunum í landinu.



**Páll Kolbeins**  
rekstrarhagfræðingur

Frjáls samskipti og samtök manna á meðal eru mikilvægur þáttur í lífi flestra einstaklinga. Ánægjan og kostnaðurinn af þessum samskiptum fellur að mestu leyti utan við það sem er mælt í hagtolum. Í þúsundir ára fór framleiðsla að mestu fram innan fjölskyldunnar eða ættarinnar þar sem virði framleiðslunnar var ekki reiknað til fjár. Gagnkvæmnisreglan var í hávegum höfð og menn gerðu eins og skyldan bauð þeim hvort sem þeim líkaði betur eða verr. Með aukinni sérhæfingu og verkaskiptingu urðu sífellt fleiri störf sem áður voru unnin án endurgjalds innan fjölskyldunnar hluti af hinu formlega hagkerfi þar sem viðskipti fara fram gegn peningagreiðslu.

Þó að margt hafi breyst frá því í árdaga telst enn í dag ekki nema hluti efnahagslífsins til skattskyldrar starfsemi þar sem peningalegur mælikvarði er lagður á samskipti manna. Í landinu starfar þó enn mikill fjöldi frjálsra félagasamtaka og

sjálfbóðaliða sem vinna að ýmis konar menningar- og líknarmálum án þess að greiðsla komi fyrir. Ábatinn er ekki færður til tekna í bókhaldi þessara félaga. Það er vert að velta því fyrir sér hversu mikið er framleitt og hversu margir verja óteljandi stundum til þess að skapa og dreifa hugverkum sínum án endurgjalds, eða láta gott af sér leiða með öðrum hætti og hvers virði þessi framleiðsla er þeim fjölmörgu sem hennar njóta.

Nú sem fyrr er athafnaþrá, sköpunarkraftur og samtakamáttur frjálsra manna drifkraftur efnahagslífsins. Á hverju ári er fjöldi fyrirtækja stofnaður um ákveðnar hugmyndir. Menn meta verð og virði, hverju er til kostnað og hvað vinnst. Fyrirtækin veita þúsundum vinnu og eru þannig undirstaða verðmætasköpunar og velferðar í landinu.

## Fyrirtæki

Hér að framan var ímprað á því að samskipti manna geti verið ýmis konar og margslungin í efnahagslífinu. Verðmætasköpun og viðskipti eru forsenda framfara og velferðar í samfélaginu. Viðskipti eru flókin, þau taka til margra óskyldra aðila með mismunandi markmið, þarfir og ástæður og ná yfir langan tíma. Viðskipti eru því yfirleitt stunduð í peningum sem eru verðmælir viðskiptanna. Íslenska krónan er lögeyrir á Íslandi og því er mönnum ekki frjálst að eiga í viðskiptum nema þau séu metin og færð í bókhaldi í krónum og aurum.

Flest fyrirtæki eru rekin með það að augnamiði að skapa hagnað fyrir eigendur fyrirtækisins, sem eru hluthafar í fyrirtækinu. Útgjöld, hráefni og vexti þarf yfirleitt að greiða með fé sem er greitt inn í fyrirtækið með framlagi eigenda, með lánnum og við sölu vöru og þjónustu á markaði. Hluthafar vilja líka fá ávöxtun á eign sína í fyrirtækinu. Þegar á hólminn er komið eru það þó ekki tekjur og gjöld sem ráða úrslitum heldur það hvort kröfur fáist greiddar og hvort fyrirtækið getur staðið í skilum, þ.e. flæði fjár inn og út úr fyrirtækinu.

Það eru þannig tvær hliðar á starfsemi fyrirtækisins. Annars vegar er meginstarfsemi rekstrarins sem snýr að markaði með vöru eða þjónustu, samskipti við neytendur, umboðsaðila, heildsala og birgja. Tekna er aflað þegar vara er seld og ef starfsemin á að standa undir sér þurfa tekjurnar að duga til að greiða laun, aðföng og annan rekstrarkostnað. Hins vegar er það sú hlið sem snýr að fjármálamarkaðinum. Eigendur eru tilbúnir að hætta fé sínu með því að kaupa hlutabréf og öðlast þannig hlut í hagnaði fyrirtækisins og bankar og fjármálastofnanir að lána gegn vöxtum. Tekjur geta því bæði verið af rekstri og fjármálastarfsemi á sama hátt og gjöldin eru bæði vegna rekstrarins, þ.e. framleiðslunnar og fjármögnunarinnar.

Þó að stundum séu skil á milli rekstrar og fjármögnunar fyrirtækja heldur óljós eiga allir sem koma að starfseminni, starfsmenn, viðskiptamenn, hluthafar og lánardrottinnar, það undir rekstrinum að verðmætin sem fyrirtækið skapar dugi til að greiða öllum þeim sem telja sig eiga tilkall til hluta þeirra.

## Fjöldi skattskyldra fyrirtækja

Í október sl. lagði ríkisskattstjóri skatt á tekjur lögaðila árið 2014. Á skattgrunnskrá voru 39.189 tekjuskattsskyld fyrirtæki. Allir sem eru á skattgrunnskrá eiga að skila skattframtali en í byrjun mars höfðu 33.287 framtöl borist. Skattskyldum fyrirtækjum fjölgaði um 1.058 á milli ára en í mars höfðu 494 fleiri framtöl borist vegna rekstrar ársins 2014 en höfðu borist fyrir rekstur ársins 2013.

Á því sem næst hverjum degi er fjöldi nýrra félaga skráður og önnur afskráð. Oft er hér um að ræða fyrirtæki sem hafa farið í þrot. Þá eru félög sameinuð öðrum félögum við samruna eða yfirtökur. Árið 2013 voru 36.564 þeirra félaga sem voru skattskyld árið 2014 á skrá. 4,1% voru því ekki á skattgrunnskrá ári fyrr. Þá voru 9,5% félaganna ekki á skrá tveimur árum fyrr, 21% voru ekki á skattgrunnskrá fimm árum fyrr og 36,9% félaga sem þurftu að skila framtali vegna tekna ársins 2014

voru ekki á skattgrunnskrá árið 2004 eða tíu árum fyrr.

Ef félögin sem voru skattskyld árið 2004 eru hins vegar skoðuð sést að 25.586 félög voru á skrá það árið. 5,4% félöguna voru ekki á skattgrunnskrá ári síðar, 11% höfðu fallið af skrá tveimur árum síðar og 22% félöguna höfðu fallið af skrá fimm árum síðar. Tíu árum síðar árið 2014 höfðu 36,9% félöguna fallið af skrá. Út frá þessu mætti ætla að það væru ekki nema 63% líkur á að fyrirtæki lifi í tíu ár. Þetta er reyndar ekki alls kostar rétt því í flestum tilvikum er það allt annað en tíminn, mældur í árum, sem ræður því hvort félög lifa eða deyja.

## Skattskil

Á undanförunum árum hafa tæp 15% skilaskyldra fyrirtækja ekki skilað framtali á réttum tíma, þ.e. nærri sjöunda hvert fyrirtæki. Ef fyrirtæki sem voru á skrá árið 2014 eru skoðuð sést að 32.656 fyrirtæki voru búin að skila skattframtali en 6.537 voru ekki búin að skila, það eru 16,7% fyrirtækjanna. Þá höfðu 12,9% þessara sömu félaga ekki skilað skattframtali vegna ársins 2013 og 10,4% höfðu ekki skilað framtali vegna ársins 2012. Fimm árum fyrr, árið 2009, voru 28.092 þessara félaga komin á skrá en 5,1% félöguna hefur ekki skilað framtali vegna rekstrar þessa árs. Ef farið er 10 ár aftur í tímann þá vantar ennþá framtal vegna rekstrarársins 2004 fyrir 2,1% þeirra 16.157 félaga félaga sem voru enn á skrá árið 2014.


Það er ekki gott að segja til um hverju þetta sætir. Öll fyrirtæki á skattgrunnskrá eiga, líkt og einstaklingar, að skila rétt útfylltu skattframtali innan skilafrests. Í einhverjum tilvikum er sinnuleysi, gleysku eða vangá um að kenna. Hugsanlega ná einhverjir ekki að klára framtalið og skila því ekki fyrr en skilafrestur er útrunninn. Fyrirtæki sem eru í rekstri skila yfirleitt framtali þó seint eða um síðir sé.

Yfirleitt eru það fyrirtæki með lítinn rekstur sem skila seint og því ættu þær upplýsingar sem koma fram á þeim skattframtölum sem þegar hafa borist að gefa nokkuð góða mynd af rekstri ársins 2014, þróun og horfum.

## Rekstur


Fyrirtæki eru stofnuð til að skapa tekjur og hagnað. Stundum getur verið nokkuð á reiki hvað teljast tekjur og hvað ekki á sama hátt og hvað teljast viðskipti og hvað

## Fyrirtæki á skrá og fjöldi framtala




Á hverju ári er ávallt nokkur hluti fyrirtækja sem skilar ekki skattframtali eins og þeim ber að gera lögum samkvæmt. Í álagningu árið 2015, á tekjur ársins 2014, voru 39.189 félög á skattgrunnskrá. Almennur skilafrestur var í maí en undir lok febrúar árið 2016 höfðu 33.299 fyrirtæki skilað skattframtali. Því áttu hátt í 6.000 félög eftir að skila skattframtali vegna rekstrarársins 2014.

## Framtalskil



Rafræn skattframtöl voru kynnt til sögunnar árið 1997. Fyrst í stað var nokkuð um að fyrirtæki skiluðu pappírframtölum en frá árinu 2000 hafa nær öll framtöl borist rafrænt. Skil fóru batnandi fram til ársins 2006 en þá skiluðu 90% félaga skattframtali. Árið 2010 skilaði um 84,1% félaga skattframtali en síðan hafa skilin farið heldur batnandi. Undir lok febrúar höfðu um 84,9% félaga skilað skattframtali vegna ársins 2014. Framtöl halda áfram að berast fram eftir ári og því er ekki útilokað að þegar upp verður staðið muni ríflega 86% fyrirtækja á skattgrunnskrá skila skattframtali.


## Rekstrartekjur



Rekstrartekjur fyrirtækja jukust mjög hratt í byrjun fyrsta áratugarins þegar alþjóðleg fjármála-starfsemi haslaði sér völl hér á landi. Þær minnkuðu mikið við fall bankanna en frá árinu 2009 hafa þær aukist nokkuð. Enn vantar tæpa 739 milljarða eða 18,9% upp á að tekjurnar nái tekjum ársins 2007.

Milljarðar


## Virðisaukaskattsskyld sala



Rúmur helmingur eða 53,7% rekstrartekna fyrirtækja er virðisaukaskattsskyld velta. Sala á vöru og þjónustu innanlands telst til virðisaukaskattsskyldrar veltu. Árið 1997 var virðisaukaskattsskyld velta um 72,5% rekstrartekna fyrirtækja. Hlutfallið lækkaði eftir því sem umsvif undanþeginnar starfsemi jókst á fyrsta áratugi aldarinnar og var komið niður undir 44,2% árið 2008.

Milljarðar


## Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti



Ýmis starfsemi sem heyrir undir félagsþjónustu, mennta-, menningar- og samgöngumál er undanþegin virðisaukaskatti en það sama gildir um fjármálastarfsemi. Á árunum 2002 til 2008 jókst umfang starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti gríðarlega mikið. Á sex ára tímabili jókst tekjur af þessari starfsemi um tæpa 1.120 milljarða, sem var ríflega fimmföldun tekna.

Milljarðar

## Velta undanþegin virðisaukaskatti



Vara eða þjónusta sem er seld úr landi eða erlendum aðilum innanlands ber engan virðisaukaskatt. Undanþegin velta hefur aukist hægt og bitandi síðasta áratuginn. Á árunum 2007 til 2009 dróst virðisaukaskattsskyld velta saman um 26% og velta af undanþeginni starfsemi um 34,4%. Undanþegin velta jókst hins vegar á þessum tíma um 29,9%. Undanþegin velta var um 19% rekstrartekna árið 2007 en árið 2014 var tæpur þriðjungur rekstrartekna undanþegin velta.

teljast eðlileg samskipti. Greiði gegn greiða og einstaka viðvik, vinna í eigin þágu eða vinna ánægjunnar vegna eru dæmi um það hvernig samskipti geta þróast í átt að viðskiptum án þess að menn geri sér grein fyrir því. Eftirgjöf skulda, veittur afsláttur af uppsettu verði eða endurgjaldslaus afnot og gjafir gætu talist þeim sem þiggur og nýtur til tekna. Fyrirtæki sem starfa í öruggu umhverfi þar sem líkur á þjófnaði og skemmdarverkum eru litlar, þar sem menn standa við samninga og þar sem menn geta sótt rétt sinn fyrir dómi þegar útaf bregður færa sér slíkt ekki til tekna með beinum hætti í bókhaldi félagsins, jafnvel þótt talsverður kostnaður myndi lenda á fyrirtæki ef aðstæður væru aðrar. Það sama má segja um skattalækkanir og varúðarráðstafanir sem eru gerðar til að forðast tjón. Tekjur vísa því iðulega til fjárstreymis eða skipta á verðmætum.

## Rekstrartekjur samtals

Rekstrartekjur fyrirtækja eru þær tekjur sem rekstur fyrirtækisins skapar þegar fyrirtækið selur viðskiptavininum sínum vöru eða þjónustu. Þessar tekjur eiga að standa undir rekstrinum, þ.e. duga fyrir aðföngum, launum, vöxtum, leigu og arði. Fyrirtæki eiga því allt undir því að viðskiptavinir séu tilbúnir til að greiða fyrir vöru eða þjónustu þannig að þau sjálf geti greitt fyrir vöru eða þjónustu sem fyrirtækin kaupa og fellur til sem kostnaður.

Eftir að leiðrétt hefur verið fyrir tekjum af sölu eða afhendingu, söluhagnaði eða öðrum tekjum sem hafa verið færðar með öðrum hætti í ársreikningi en á skattframtali þá standa eftir rekstrartekjur skv. skattframtali. Rekstrartekjur á skattframtali eiga að vera samhljóða rekstrartekjum í ársreikningi félagsins.

Ef byggt er á þeim framtölum sem höfðu borist í byrjun mars þá voru samlagðar rekstrartekjur fyrirtækja um 3.909 milljarðar eða tæpum 32 milljörðum minni en þær voru árið 2013. Rekstrartekjur voru því 0,8% minni en árið 2014 sem er óveruleg breyting, sérstaklega þegar haft er í huga að framtöl eru enn að berast. Það er vert að hafa í huga að fá fyrirtæki eru með stóran hluta tekna og því geta þessar tölur breyst nokkuð ef leiðréttá þarf framtal eins stórs fyrirtækis.

Rekstrartekjur fyrirtækja hafa lítið hækkað frá árinu 2009 en þá voru þær 3.820 milljarðar eða 90,3 milljörðum minni en þær eru nú. Þær hafa því ekki hækkað nema um 2,4% að raungildi frá þeim tíma. Rekstrartekjur voru hins vegar tæpir 4.649 milljarðar árið 2007 eða 739

milljörðum hæri en þær eru nú og hafa því minnkað um 15,9% á þessum tíma.

Fyrirtæki eru stofnuð til að afla tekna og því er athyglisvert að 9.854 eða 29,6% þeirra fyrirtækja sem voru búin að skila framtali fyrir árið 2014 voru ekki með neinar rekstrartekjur. Hlutfall félaga án rekstrartekna hefur hækkað umtalsvert frá síðustu aldamótum. Árið 2000 voru 19,9% félaga sem skiluðu rafrænu framtali ekki með rekstrartekjur, 2004 var þetta hlutfall 25,1%. Hlutfallið hækkaði svo upp í 33,3% árið 2009 en hefur síðan farið lækkanandi aftur.

Rekstrartekjur jukust mikið á uppgangsárum alþjóðlegrar fjármálastarfsemi hér á landi, á árunum 2002 til 2008 jukust þær um 2.436 milljarða eða 112,8%. Þær voru tæpir 2.159 milljarðar árið 2002 og jukust um 277 milljarða eða 12,8% árið 2003, 510 milljarða eða 20,9% árið 2004 og 384 milljarða eða 13% árið 2005. Á þriggja ára tímabili höfðu rekstrartekjur aukist um 1.171 milljarð eða 54,2%. Rekstrartekjur jukust svo aftur um 820 milljarða eða 24,6% árið 2006 og 498 milljarða eða 12% árið 2007. Það er athyglisvert að vöxtur árið 2006 var um 38% samanlagðra rekstrartekna fyrirtækja í landinu fjórum stuttum árum fyrr, árið 2002. Samanlagðar rekstrartekjur fyrirtækja voru þarna orðnar 4.649 milljarðar og hafa hvorki fyrr né síðar verið hæri. Þær höfðu aukist um 2.489 milljarða á fimm árum eða 115,3%. Á þessum fimm árum hafði virðisaukaskattsskyld velta aukist um 1.083 milljarða, starfsemi undanþegin virðisaukaskatti hafði aukist um 997 milljarða og velta undanþegin virðisaukaskatti hafði aukist um 353 milljarða. Á þessu fimm ára tímabili var árlegur vöxtur rekstrartekna um 16,6%.

Frá árinu 2007 hafa rekstrartekjur fyrirtækja minnkað um 739 milljarða eða 15,9%. Þær lækkuðu á árunum 2008, 2009 og 2010, samtals um 832 milljarða eða 17,9% en hafa síðan aukist aftur um 93 milljarða eða 2,4%. Velta hefur aftur á móti aukist um 154 milljarða eða 4,2% frá árinu 2009. Virðisaukaskattsskyld velta hefur aukist um 370 milljarða eða 21,4%, velta undanþegin virðisaukaskatti hefur aukist um 117 milljarða eða 10,2% en velta í undanþeginni starfsemi hefur haldið áfram að dragast saman, samtals um 333 milljarða eða 40,3%.

## Virðisaukaskattsskyld sala

Meginreglan er sú að virðisaukaskattur er lagður á alla vöru á öllum stigum. Sama gildir um alla þjónustu nema viðkomandi

þjónusta sé sérstaklega undanþegin. Fyrirtæki seldu virðisaukaskattsskylda vöru og þjónustu fyrir 2.098 milljarða árið 2014 sem var 103 milljörðum eða 5,2% meira en árið áður. Virðisaukaskattsskyld sala er enn 238 milljörðum eða 10,2% minni en árið 2007. Þá seldu fyrirtæki vöru og þjónustu fyrir 2.336 milljarða. Salan minnkaði um 608 milljarða fram til ársins 2009 eða um 26% en síðan hefur hún aukist hægt og bitandi frá ári til árs.

Árið 2014 voru um 53,7% rekstrartekna fyrirtækja virðisaukaskattsskyld velta. Árið 2013 var þetta hlutfall 50,6%. Hlutfallið fór niður í 44,2% árið 2008. Í gegnum tíðina hefur um helmingur rekstrartekna verið virðisaukaskattsskyld velta.

## Undanþegin starfsemi

Velta af starfsemi sem var undanþegin virðisaukaskatti var 494 milljarðar. Hér er yfirleitt um að ræða sölu á þjónustu sem veitt er af hinu opinbera s.s. starfsemi sem fellur undir mennta- og menningarstarfsemi, heilbrigðis-, félags- og samgöngumál. Þá er ekki lagður virðisaukaskattur á fjármálaþjónustu. Velta í undanþeginni starfsemi var 50 milljörðum eða 9,1% minni árið 2014 en árið áður og hefur ekki verið minni síðan 2003.

Velta í undanþeginni starfsemi jókst mikið á uppgangsárum fjármálastarfsemi í landinu. Hún jókst um tæpa 111 milljarða eða 42% á milli árunum 2002 og 2003, um 145 milljarða eða 38,9% á milli árunum 2003 og 2004, um 112 milljarða eða 21,96% á milli árunum 2004 og 2005. Þegar þarna var komið hafði undanþegin velta aukist um 368 milljarða eða 139,7% á þremur árum. Hún óx svo aftur um 752 milljarða á þremur árum eða um 119,1% fram til ársins 2008, um 358 milljarða eða 56,7% árið 2006 og svo aftur um 271 milljarð eða 27,4% árið 2007 og 123 milljarða eða 9,7% árið 2008. Þarna stóð undanþegin velta í 1.383 milljörðum. Það er athyglisvert að þegar þarna var komið sögu voru 30,5% af veltu fyrirtækja í landinu í undanþeginni starfsemi en þetta hlutfall hafði verið 12,9% árið 2002.

Eftir að kreppan skall á dróst velta í undanþeginni starfsemi mjög saman. Hún minnkaði um 556 milljarða eða 40,2% árið 2009, 34 milljarða eða 4,1% árið 2010 og aftur um 213 milljarða eða 26,9% árið 2011. Þarna hafði velta í undanþeginni starfsemi dregist saman um 803 milljarða eða 58,1% á þremur árum. Hlutur hennar í heildarveltu hafði dregist saman um tæpan helming og stóð nú í 15,8%. Umsvif í undanþeginni starfsemi héldu

áfram að minnka. Veltan dróst saman um 50 milljarða árin 2013 og 2014. Þarna var hún 889 milljörðum minni en árið 2008 og hafði því dregist saman um 64,3% frá hrúni. Um 12,6% rekstrartekna fyrirtækja voru af undanþeginni starfsemi árið 2014.

## Velta undanþegin virðisaukaskatti

Í ákveðnum tilvikum er ekki reiknaður útskattur af starfsemi sem er annars virðisaukaskattsskyld. Hér er um að ræða svokallaða undanþegna veltu en af henni er reiknaður svokallaður núllskattur. Engin skattur er lagður á seldu vöru en virðisaukaskattur sem hefur verið lagður á aðföng fæst hins vegar endurgreiddur eins og almennt gerist um virðisaukaskattsskylda veltu. Undanþegin velta er aðallega útflutningur og þjónusta sem seld er erlendum aðilum.

Undanþegin velta fyrirtækja var um 1.264 milljarðar árið 2014 eða fimm milljörðum minni en árið áður. Þetta er 0,4% minni velta en árið 2013. Ólíkt veltu í undanþeginni starfsemi jókst undanþegin velta umtalsvert eftir að dró úr umsvifum fjármálastarfsemi, sem má vafalaust að miklu leyti þakka falli krónunnar. Undanþegin velta jókst um 238 milljarða árið 2008, 26 milljarða árið 2009 og 133 milljarða árið 2010. Árið 2011 var undanþegin velta um 1.295 milljarðar og hafði aukist um 174 milljarða á sama tíma og velta í undanþeginni starfsemi dróst saman um 803 milljarða. Síðan hefur undanþegin velta minnkað um 31 milljarð.

Þegar krónan féll gagnvart erlendum gjaldmiðlum jukust tekjur í íslenskum gjaldmiðli mikið. Síðan hefur gengi krónu hækkað nokkuð og þar af leiðandi fást færri krónur fyrir erlendan gjaldmiðil sem fæst fyrir íslenskan útflutning. Árið 2014 var tæpur þriðjungur eða 32,8% veltu í núllskatti en þetta er svipað hlutfall og undanfarin ár. Um 35,3% heildarveltu voru undanþegin virðisaukaskatti árið 2011. Á gullalदारárum fjármálastarfsemi í landinu dró úr vægi útflutnings sem vó ekki nema 19,7% í heildarveltu árið 2007.

Það er athyglisvert að árið 2008 jókst velta í undanþeginni starfsemi um tæpa 123 milljarða og undanþegin velta um 238 milljarða á sama tíma og virðisaukaskattsskyld sala innanlands dróst saman um 304 milljarða. Heildarvelta jókst því um rúma 56 milljarða. Ári síðar dróst velta saman um 833 milljarða en þá jókst undanþegin velta um tæpa 26 milljarða. Hún jókst svo aftur um 133 milljarða ári síðar á sama tíma og heildarvelta jókst

um rúma 139 milljarða. Velta dróst svo aftur saman um tæpa 174 milljarða árið 2011 en þá jókst undanþegin velta aftur um rúma 15 milljarða og virðisaukaskattskyld velta um 23 milljarða. Síðan hefur undanþegin velta dregist saman um 31 milljarð á sama tíma og virðisaukaskattskyld velta hefur aukist aftur um 306 milljarða. Velta í undanþeginni starfsemi hefur dregist saman um 86 milljarða á þessum tíma. Árið 2014 jókst heildarvelta um rúma 49 milljarða vegna aukningar á virðisaukaskattskyldri veltu. Undanþegin velta og velta í undanþeginni starfsemi minnkaði um 54 milljarða.

## Söluhagnaður, aðrar tekjur og leiðréttingar

Árið 2014 voru fyrirtæki með 41 milljarð í söluhagnað af rekstrarfjármunum og öðrum eignum en hlutabréfum, sem var 11 milljörðum meiri söluhagnaður en árið 2013. Þá voru félögin einnig með 171 milljarð í aðrar tekjur en hér er um að ræða allar rekstrartekjur sem ekki bera virðisaukaskatt og ekki hafa verið taldar fram í öðrum tekjureitum á skattframtalinu s.s. bætur, styrkir og tekjur þeirra sem eru undanþegnir virðisaukaskatti, t.d. tekjur vegna höfundarlauna, einkaleyfis-tekjur og tryggingabætur. Aðrar tekjur jukust um 26 milljarða árið 2014. Þær hafa tekið nokkrum breytingum en hafa iðulega verið á bilinu 100 til 200 milljarðar. Ef tekjur af sölu eða afhendingu, söluhagnaður eða aðrar tekjur hafa verið

leiðréttingar hækkuðu um 438 milljarða. Árið 2011 höfðu þær verið lækkaðar um 74,9 milljarða. Því mátti rekja 88,8% hækkunar til leiðréttinga sem voru gerðar á rekstrartekjum en ekki veltu eða sölu. Það er ekki ólíklegt að eignir sem höfðu verið færðar niður í hruninu hafi verið færðar upp í bókhaldi fyrirtækjanna þegar þau fóru að rétta úr kútnum og verðmæti eigna jókst.

## Rekstrargjöld

Það er eins með tekjur og gjöld að það er ekki alltaf að fullu ljóst hvað telst kostnaður í fyrirtækinu. Yfirleitt þurfa fyrirtæki að leggja út í kostnað til að afla tekna. Það er þó ekki allur kostnaður gjaldfærður í reikningum fyrirtækisins. Rangar ákvarðanir eða fórnarkostnaður sem geta kostað fyrirtæki gríðarlega mikið í töpuðum tekjum eru ekki gjaldfærð í reikningum fyrirtækisins. Hér er þó oft um raunverulegan kostnað að ræða. Veittur afsláttur er ekki gjaldfærður.

Fyrirtæki starfa ekki í tómarúmi heldur þrífast þau á samskiptum og viðskiptum við fólk og önnur fyrirtæki. Að vonum eiga því margir mikið undir því hvernig fyrirtækin haga sér. Í gegnum tíðina hefur fyrirtækjum verið gert að taka á sig ýmsan kostnað sem hafði fram að því verið borinn af öðrum en fyrirtækinu, starfsfólki, viðskiptavinum, nágrönnum eða samfé-

líkt og tekjurnar, miðaður við greiðslur inn og út úr fyrirtækinu.

Burtséð frá því hvernig kostnaður er skilgreindur þurfa starfandi fyrirtæki í það minnsta að greiða laun og aðföng. Þegar til langs tíma er litið þurfa rekstrartekjur í það minnsta að standa undir rekstrargjöldum. Ef þær gera það ekki er regluleg starfsemi að eyða verðmætum en ekki skapa þau og þá þarf að rífa seglin, breyta um kúrs og halda á önnur mið.

Rekstrargjöld eru sundurliðuð eftir því hvort að greiddur hefur verið virðisaukaskattur af þeim, eins og þegar um aðföng og aðkeypta vinnu er að ræða, eða hvort að gjöldin hafa verið undanþegin virðisaukaskatti, eins og þegar um laun og launatengdan kostnað er að ræða. Rekstrartekjur eins fyrirtækis eru rekstrargjöld annars og munur á rekstrartekjum og rekstrargjöldum er afraksturinn eða virðisaukinn sem verður til í fyrirtækinu.

Árið 2014 vörðu fyrirtækin samanlagt 3.373 milljörðum til að skapa þá 3.910 milljarða sem voru rekstrartekjur fyrirtækja. Þetta er sú hlið á rekstrinum sem snýr að sölu vöru og þjónustu og greiðslu fyrir hráefni, aðföng og vinnu. Samanlögð rekstrargjöld voru um 86,3% rekstrartekna sem þýðir að 13,7% rekstrartekna stóðu eftir fyrir fjármagnsliðina, fjárfestingu, vexti og arð. Þetta er ívið herra hlutfall en árið 2013 en þá voru rekstrargjöld um 88,6% af rekstrartekjum og því var aðeins um 11,4% eftir fyrir fjárfestingu og fjármögnun. Árin 2008 og 2009 skera sig úr en þá voru rekstrargjöld um 228% og 133,2% af rekstrartekjum en fram að þeim tíma voru þau yfirleitt 85% til 95% af tekjum. Rekstrargjöld voru 120 milljörðum lægri árið 2014 en árið 2013 og lækkuðu því um 3,4% á sama tíma og tekjurnar lækkuðu um 0,8%. Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum lækkuðu því úr 88,6% í 86,3%.

Virðisaukaskattsskyldur rekstrarkostnaður var samtals 2.725 milljarðar þannig að um 80,8% af rekstrargjöldum fyrirtækja féll til við kaup á virðisaukaskattsskyldum aðföngum en þar af var 1.431 milljarður eða 52,5% aðföng í núllþrepi. Um 8,3% rekstrarkostnaðar var varið til hráefniskaupa innanlands, 4,7% var varið til erlendra hráefniskaupa og 12,5% var varið til kaupa á rekstrarvörum og öðrum framleiðslukostnaði. Þá var 24,7% skattskyldra hráefniskaupa varið til vörukaupa innanlands og 18,3% til vörukaupa erlendis. Á síðustu árum hafa vörukaup, innlend og erlend, aukist nokkuð frá því sem var á árunum 2008, 2009 og 2010.

”

Árið 2014 vörðu fyrirtækin samanlagt 3.373 milljörðum til að skapa þá 3.910 milljarða sem voru rekstrartekjur fyrirtækja

færðar með öðrum hætti í ársreikningi en á skattframtali þarf að leiðrétta rekstrartekjur þannig að rekstrartekjur á skattframtali séu jafnar rekstrartekjum í ársreikningi fyrirtækisins. Rekstrartekjur voru nú lækkaðar um 158 milljarða með leiðréttingum. Árið 2013 voru þær lækkaðar um 40 milljarða. Árið 2012 voru rekstrartekjur samanlagt hækkaðar um 364 milljarða vegna leiðréttinga. Leiðréttingar voru þá um 8,4% rekstrartekna fyrirtækja. Það árið hækkuðu rekstrartekjur fyrirtækja um 45 milljarða en

laginu. Fyrirtækjum hefur þannig verið gert að leggja í kostnaðarsamar aðgerðir til að minnka eða bæta óþægindi eða tjón sem starfsemi fyrirtækja veldur, t.d. vegna slysa- og atvinnuleysis, gallaðra eða hættulegrar framleiðslu, umhverfisáhrifa s.s. mengunar og hávaða, ágangs eða annarra óþæginda. Þessi kostnaður er þá fyrst gjaldfærður í reikningum fyrirtækisins, þrátt fyrir að fyrirtækið hafi e.t.v. valdið tjóni og skaða um langa hríð með starfsemi sinni. Kostnaðurinn hefur þá verið borinn af öðrum. Yfirleitt er kostnaður þó,

## Afskrifaðar viðskiptakröfur

Það er ekki nóg að fyrirtækin selji eftirsóttu vöru á háu verði eða hafi nóg verkefni og mikinn hagnað. Þau þurfa umfram allt að fá greitt fyrir þá vöru og þjónustu sem þau veita viðskiptavinum sínum. Það eru yfirleitt verðmæti fólgin í vörunni og ef fyrirtækið fær ekki greitt getur það ekki staðið við skuldbindingar sínar og fer í þrot, burtséð frá því hvort það hafi verið mikil sala og góður hagnaður. Fyrirtæki sem eiga í viðskiptum eiga því oft mikið undir því að fá greitt því annars getur farið af stað keðjuverkun þar sem eitt gjaldþrotið leiðir af öðru.


Afleiðingar hrunsins komu glögg fram á árunum 2008, 2009 og 2010. Á þessum árum vógu afskrifaðar viðskiptakröfur mjög þungt í rekstri fyrirtækjanna. Árið 2008 afskrifuðu fyrirtæki 3.652 milljarða í útistandandi kröfum en þá voru gjöld sundurliðuð með hliðsjón af virðisaukaskattsprepi samtals 7.340 milljarðar. Afskrifaðar viðskiptakröfur voru þá um 49,8% virðisaukaskattsskyldra rekstrargjalda fyrirtækja. Ári síðar var 1.561 milljarður afskrifaður sem voru þá um 39,3% gjaldanna og þá voru 243 milljarðar afskrifaðir árið 2010. Árið 2010 var hins vegar aðallega um undanþegna veltu að ræða en árin 2008 og 2009 voru afskriftirnar fyrst og fremst í undanþeginni starfsemi. Árið 2011 voru afskrifaðar viðskiptakröfur um 72 milljarðar. Þær voru 112 milljarðar árið 2012 og 102 milljarðar árið 2013. Árið 2014 voru afskrifaðar viðskiptakröfur 20 milljarðar. Afskrifaðar viðskiptakröfur voru þá áþekkar því sem hafði verið árin fyrir hrún. Á þremur árum frá 2008 til 2010 afskrifuðu fyrirtæki útistandandi viðskiptakröfur upp á 5.455 milljarða. Landsframleiðsla var um 1.860 milljarðar árið 2010.

## Laun og launatengd gjöld

Starfsmenn fyrirtækja fá sinn hlut í verðmætasköpun fyrirtækisins greiddan sem laun. Þó að starfsmenn eigi mikið undir velgengni fyrirtækisins þarf fyrirtækið að greiða þeim laun óháð verðmætasköpuninni sem verður í fyrirtækinu. Sjálfstæðir atvinnurekendur og einyrkjar reyna stundum að sleppa því að greiða sér laun og vinna kauplaust hjá fyrirtækinu fyrsta kastið á meðan verið er að koma starfseminni á legg. Þetta er bannað og á að gjaldfæra vinnuna hjá fyrirtækinu og tekjufæra hjá launamanni. Þá hafa margir lent í því að fá ekki greitt fyrir vinnuna sína þegar fyrirtæki lendir í erfiðleikum.

Milljarðar


## Rekstrargjöld



Líkt og rekstrartekjur jukust rekstrargjöld fyrirtækja nokkuð upp úr aldamótum. Hrun fjármálakerfisins var gjaldfært árið 2008 en þá voru rekstrargjöld fyrirtækja 10.479 milljarðar. Rekstrargjöld voru um 2,3 sinnum hærrí en tekjurnar. Ári síðar, árið 2009, voru þær þriðjungu hærrí en tekjurnar en síðan hafa rekstrargjöld lækkað nokkuð. Árið 2014 voru þau í svipuðu horfi en þó heldur lægri en þau voru um aldamótin eða um 86,3% af rekstrartekjum.

Milljarðar


## Afskrifaðar viðskiptakröfur



Fyrirtæki geta gjaldfært í rekstrinum kröfur sem eru sannanlega tapaðar og verða því ekki innheimtar. Árið 2007 töpuðu fyrirtæki tæpum 34 milljörðum vegna krafna sem ekki fengust greiddar. Ári síðar var tapið tæpir 3.652 milljarðar og árið 2009 voru kröfur upp á tæpan 1.561 milljarð afskrifaðar og tæpir 243 milljarðar árið 2010.

Milljarðar


## Laun og launatengd gjöld



Laun og launatengdur kostnaður fyrirtækja var 741 milljarður í laun, hlunnindi, launatengd gjöld og mótframlag í lífeyrissjóð árið 2014. Um 22% rekstrargjalda voru laun og launatengd gjöld sem var tveimur prósentustigum hærrí hlutfall en árið 2013. Í gegnum tíðina hafa laun vegið um 22% til 23% í launakostnaði fyrirtækja. Hlutfallið lækkaði mikið í hrúninu en eftir að rykið tók að setjast og það dró úr ýmsum óvenjulegum kostnaði tengdum hrúninu hefur hlutfallið stigið aftur.

Milljarðar


## Fyrningar



Vélar og tæki sem notuð eru til framleiðslu slitna og ganga úr sér með tíð og tíma. Þetta slit verður vegna framleiðslunnar og er því hluti af framleiðslukostnaði og er því gjaldfært í samræmi við það. Árin 2008 og 2009 jukust fyrningar mikið. Til að komast hjá skattskyldu var leyft að fyra eignir á móti tekjum af eftirgjöf skulda. Í framtíðinni munu fyrirtæki því ekki geta gjaldfært fyrningar á móti tekjum og skattstofn mun því að öllum líkindum verða hærri en ella.

Milljarðar


## Leiga



Leiga fyrir afnot af húsnæði og rekstrarfjármunum var 93 milljarðar árið 2014. Kostnaður vegna leigu nær tvöfaldaðist á árunum 2002 til 2008. Hann minnkaði um 14,1% fram til ársins 2013 en hækkaði aftur um 3,3% árið 2014. Ef undan eru skilin hrunárin 2007, 2008 og 2009, þá hafa um 3% rekstrarkostnaðar fyrirtækja verið leiga.

Milljarðar

## Sölutap



Á hverju ári selja fyrirtæki eignir með afföllum og er tapið fært til gjalda. Sölutap af seldum eignum, öðrum en hlutabréfum, hefur yfirleitt verið nokkrir milljarðar á hverju ári en árið 2008 tók steininn úr en þá var tap á sölu eigna 811 milljarðar. Sölutap var áfram hátt árin 2009 og 2010, eða 14 og 13 milljarðar en síðan dró úr tapinu. Það var ekki nema þrjár milljarðar árið 2014.

Fyrirtæki greiddu um 613 milljarða í laun, dagpeninga, bifreiðastyrk, önnur laun og reiknað endurgjald árið 2014 sem var 35 milljörðum eða 6% meira en árið áður en þar af voru laun 594 milljarðar eða um 97% launagreiðslanna.

Launagreiðslur voru hæstar 2007 en þá greiddu fyrirtæki í landinu 682 milljarða í laun og hlunnindi. Launagreiðslur árið 2014 voru 70 milljörðum eða 10,2% lægri en þær voru þá. Laun lækkuðu fram til ársins 2009 en þá voru þau 477 milljarðar eða 185 milljörðum lægri en þau höfðu verið tveimur árum fyrir. Launagreiðslur fyrirtækja minnkðu því að raungildi um 28% á tveimur árum. Síðan hafa launagreiðslur hækkað ár frá ári, samtals um 117 milljarða eða 24,5% á fimm árum.

Til viðbótar þeim 613 milljörðum sem fyrirtæki greiddu í þóknun til starfsmanna greiddu þau 60 milljarða í mótframlag í lífeyrissjóð og 64 milljarða í launatengd gjöld önnur en mótframlag í lífeyrissjóð sem reiknast af launum eða á annan hátt miðast við laun, t.d. tillög til sjúkratrygginga, tryggingagjald og önnur hliðstæð gjöld. Hér er fyrst og fremst um tryggingagjald af launum að ræða. Þannig er tekið tillit til atvinnuleysis og almannatrygginga-sjónarmiða í tryggingagjaldi. Það getur brugðið til beggja vona í rekstrinum en starfsfólkið þarf engu að síður að hafa í sig og á. Samanlagður launakostnaður fyrirtækja var því 741 milljarður en þar af voru 16,6% mótframlag í lífeyrissjóð og launatengd gjöld. Þetta hlutfall var 16,8% árið 2013.

Árið 2014 fóru 19% rekstrartekna fyrirtækja í að greiða laun og launatengd gjöld, saman borið við 17,8% árið 2013 og 15,8% árið 2012. Þetta hlutfall er að nálgast það sem það var á árunum 2000 til 2005. Þá voru laun og launatengd gjöld um 22% rekstrargjalda fyrirtækjanna en þetta hlutfall hefur farið hækkanði á undanförunum árum. Um 58% virðisaukans sem varð til í fyrirtækjunum, þ.e. rekstrahagnaður að viðbættum launum, kom í hlut launamanna, sem er þó ívið lægra hlutfall en árið 2013 en þá var 61% virðisaukans laun og launatengdar greiðslur.

## Gjafir og framlög

Þótt ekki sé um háar upphæðir að ræða í stóra samhenginu þá þykja gjafir og framlög til stjórnmalaflokka ávallt forvitnileg. Fyrirtæki geta dregið frá rekstrartekjum gjafir og framlög til menningarmála,



líkna starfsemi o.þ.h. Samanlagt greiddu fyrirtækin 2,7 milljarða í gjafir og framlög sem var 161 milljón meira en árið 2013. Þá greiddu þau einnig 69 milljónir til stjórnmalastarfsemi, hvort heldur til stjórnmalaflokka eða einstakra framþjóðenda. Þetta var minna en árið 2012 og 2013 en þá greiddu fyrirtækin 80 og 137 milljónir til stjórnmalastarfsemi. Árið 2013 var kosið til Alþingis.

## Fyrningar

Fyrirtæki þurfa flest hver einhverjar rekstrareignir til framleiðslunnar. Þessi tæki ganga úr sér hægt og bitandi eftir því sem meira er framleitt og því þarfnast þau endurnýjunar við á ákveðnu árabili, sem kallar á fjárfestingu og fjárútlát af hálfu fyrirtækisins. Kostnaðinum af því að endurnýja vélar og tæki er því dreift eftir því sem við á þangað til búíð er að afskrifa þær að fullu og er þá litið svo á að þær séu að mestu verðlausar þannig að eftir standi hrakvirði, þó svo að raunin kunni að vera allt önnur. Ef rétt er að málum staðið á að vera hægt að endurnýja eignina fyrir fyrningarnar þegar hún hefur verið afskrifuð. Fyrningar eru því færðar til gjalda þó ekkert sé greitt út úr fyrirtækinu. Hættan er ávallt sú að tekjur séu vantaldar og að gjöld séu oftalin. Skattalögin setja mönnum ákveðnar reglur um það hvernig á að afskrifa rekstrareignir en það getur verið nokkur munur á því hvernig fyrirtæki standa að afskriftum eigna í ársreikningi og því sem skattalög leyfa. Þetta misræmi er leiðrétt sérstaklega á skattskýrslunni.

Fyrirtæki gjaldfærðu 159 milljarða í ársreikningi vegna fyrninga. Það er því litið svo á að slit á vélum, tækjum og öðrum eignum sem leyfilegt er að fyrna hafi verið 159 milljarðar. Það er áhugavert að skoða hvernig fyrningar þróuðust á árunum 2006 til 2010 en síðan þá hafa fyrningar ekki tekið stórkostlegum breytingum. Árið 2006 voru fyrningar 127 milljarðar, þær voru 137 milljarðar árið 2007, 208 milljarðar árið 2008 og 399 milljarðar árið 2009.

Fyrningar jukust um 213,1% á þremur árum. Fyrirtæki sem fengu skuldir felldar niður á hrunárunum gátu fyrnt eignir á móti skuldinni og sloppið þannig við að færa eftirgjöfina til tekna á því ári sem skuldin var gefin eftir. Fyrirtæki sem ekki áttu fyrnanlegar eignir gátu hins vegar fært skuldina til tekna með jöfnum fjárhæðum í skattframtali næstu þriggja ára frá og með því tekjuári sem skuld var gefin eftir.

## Leiga

Fyrirtæki sem ekki hafa ráð á að fjárfesta í tækjum og húsnæði geta ýmist tekið lán eða leigt. Fjármálastjórar fyrirtækja hljóta því ávallt að veða og meta hvort að hagkvæmara sé að leigja, taka lán eða kaupa fyrir eigið fé, húsnæði, vélar og tæki sem þarf til starfseminnar. Fyrirtæki greiddu 78 milljarða í leigu af húsnæði árið 2014. Það er fjórum milljörðum meira en árið 2013. Þessu til viðbótar greiddu fyrirtækin 15 milljarða í leigu

”

Árið 2014 voru 16.215 félög rekin með hagnaði og 15.057 með tapi. Þá voru 2.027 félög sem voru hvorki með hagnað né tap

fyrir ýmist lausafé. Leigusalar fengu því um 93 milljarða í sinn hlut árið 2014. Leiga var í kringum 100 milljarðar á árunum 2007 til 2009 en síðan hefur hún lækkað. Það er áhugavert að leiga var um 12,5% af launum, sem er heldur lægra hlutfall en árið 2013. Leigukostnaður hefur minnkað með hliðsjón af launum frá árinu 2009 en þá greiddu fyrirtækin 103 milljarða í leigu en 586 milljarða í laun og launatengd gjöld. Leiga var þá um 17,6% af launakostnaði.

## Sölutap

Sölutap er tap af seldum eignum öðrum en hlutabréfum. Það er athyglisvert að fyrirtæki töpuðu þremur milljörðum af sölu eigna á árinu skv. ársreikningi, öðrum en hlutabréfum. Þetta tap var tæpum átta milljörðum minna en árið 2013, sem væri ekki frásögur færandi nema vegna þess að árið 2008 töpuðu fyrirtækin 811 milljörðum af sölu eigna. Árið áður hafði sölutap verið um fjórir milljarðar. Tapið árið 2008 var því óvenjulegt og áhugavert. Það lítur út fyrir að aðstæður hafi kallað á að fyrirtæki seldu eignir undir bókfærðu verði til að mæta áföllum sem riðu yfir á þessum tíma.

## Rekstrarhagnaður

Rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum voru 537 milljarðar. Þetta er ígildi hagnaðar af rekstri fyrirtækjanna,

afraksturinn eða peningaverð samskipta við viðskiptavini árið 2014. Rekstrarhagnaður fyrirtækja jókst um 88 milljarða eða 19,7% árið 2014. Þegar hefur komið fram að laun og launatengdur kostnaður var 741 milljarður, þá fengu leigusalar 93 milljarða í sinn hlut. Það sem eftir stendur skiptist á milli lánardrottna og hluthafa í fyrirtækinu. Samtals gera laun, leiga og hagnaður 1.371 milljarð, sem skiptist þannig að 54,1% fór í laun, 6,8% fór í leigu og 39,2% stóð eftir til að greiða vexti og arð. Laun, leiga, vextir


og hagnaður voru u.þ.b. 35,1% af rekstrartekjum sem eru heldur hærra hlutfall en undanfarin ár, að árinu 2012 undanskildu. Hrunárin 2008 og 2009 eru auðvitað sér á báti en annars hefur þetta hlutfall verið í kringum 32 til 35%.

Sum fyrirtæki eru rekin með hagnaði og önnur með tapi. Árið 2014 voru 16.215 félög rekin með hagnaði og 15.057 með tapi. Þá voru 2.027 félög sem voru hvorki með hagnað né tap. Fyrirtækin voru með 657 milljarða í hagnað og 120 milljarða í tap af rekstri. Hagnaðurinn er því sem næst óbreyttur á milli ára en tapið hefur minnkað um 91 milljarð.


Fyrirtæki töpuðu samanlagt 7.152 milljörðum af reglulegri starfsemi árin 2008 og 2009 sem þýðir að þegar á heildina er litið voru engin verðmæti sköpuð í landinu þessi árin. Tapið var 8.357 milljarðar en á móti tapinu var hagnaður upp á 1.206 milljarða.

Frá árinu 2010 hefur verið hagnaður af rekstri fyrirtækjanna í landinu. Árið 2010 var samanlagður hagnaður af rekstri 147 milljarðar. Hann var 357 milljarðar árið 2011 og 1.041 milljarðar árið 2012. Það var árið sem rekstrartekjur voru hækkaðar um 364 milljarða vegna leiðréttinga.


Það er mikilvægt að hafa í huga þegar fjallað er um rekstrartekjur fyrirtækja að hér er iðulega um óskyld fyrirtæki að ræða. Hagnaður eins fyrirtækis gengur því ekki á móti tapi annars. Árið 2014 var rekstrarhagnaður fyrirtækja 657 milljarðar, um þremur milljörðum lægri en árið 2013. Rekstrartap fyrirtækja með



Hagnaður var af rekstri tæps helmings fyrirtækja. Þessi fyrirtæki voru með 657 milljarða í hagnað af rekstri en á móti stóð tap upp á 120 milljarða. Rekstrarhagnaður jókst fram til ársins 2007 en þá var hagnaður fyrirtækja 760 milljarðar en á móti hagnaði stóð tap upp á 226 milljarða. Þrátt fyrir að rekstrartap félaga hafi verið 6.414 milljarðar árið 2008 og 1.943 milljarðar árið 2009 þá var enn hagnaður af rekstri fjölda fyrirtækja á þessum tíma, samtals 532 og 674 milljarðar.



Rekstrartap fyrirtækja jókst umtalsvert upp úr aldamótunum. Við fall fjármálakerfisins töpuð-ustu gríðarleg varðmæti en síðan hefur rekstrartap félaga minnkað ár frá ári. Árið 2014 töpuðu fyrirtæki 120 milljörðum í rekstri sem stóð ekki undir rekstrarkostnaði.



Árið 2002 voru hrein vaxtagjöld fyrirtækja 30 milljarðar. Árið 2008 voru þau komin í 705 milljarða og höfðu þá ríflega 23-faldast á sex árum. Vaxtagjöld fyrirtækja voru þá 1.178 milljarðar en vaxtatekjur 357 milljarðar. Síðan hafa vaxtagjöld lækkað. Á árunum 2002 til 2005 voru vaxtagjöld að jafnaði um 17% af hagnaði af rekstri. Þetta hlutfall hækkaði nokkuð og var 261,7% árið 2010 og 78,8% árið 2011. Síðan lækkaði það aftur niður í 22,3% árið 2014.

rekstrartap var 120 milljarðar sem var 91 milljarði minna en árið 2013. Rekstrartap minnkaði því um 43,1% á sama tíma og rekstrarhagnaður minnkaði um 0,4%. Það er rétt að minna á að framtöl eru enn að berast og því kunna þessar tölur eitthvað að breytast.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, aðrar tekjur og önnur gjöld

Venjuleg rekstrarfyrirtæki vinna vöru úr hráefnum eða bjóða þjónustu sem síðan er seld á markaði. Íðulega þarf einnig tæki og tól eða aðstöðu til að hægt sé að framleiða og bjóða vöruna til kaups og þá þarf að greiða fyrir þessi framleiðslutæki. Þau eru ýmist keypt fyrir framlag eigenda, hlutafé, tekin á leigu eða greidd með lánsfé. Þá má heldur ekki gleyma því að menn geta keypt aðföng í reikning, sem er lán, og því leggja viðskiptamenn fyrirtækisins oft talsvert mikið til fjármögnunar fyrirtækja án þess að þiggja vexti fyrir framlag sitt. Þannig má fjármagna fyrirtæki með rekstrarfjármunum. Slík fjármögnun telst hins vegar ekki til fjármagnskostnaðar þó að hún sé það. Hún tilheyrir rekstrarhlíðinni.

Þar sem menn vilja almennt ekki hætta fjármunum sínum án þess að eygja einhverja hagnaðarvon vilja leigusalar, lánardrottinnar og hluthafar fá greidda leigu, vexti eða arð fyrir framlag sitt til fyrirtækisins. Fjárfestar og lánardrottinnar sem geta valið á milli ólíkra fjárfestingakosta reyna að velja þann kost sem gefur hæstu ávöxtun miðað við áhættu. Reksturinn gengur þannig út á að nýta eignirnar þannig að þær skapi arð.

Margir hafa farið flatt á því að taka of mikið að láni. Framtakssamir menn hafa oft og tíðum hrint góðum hugmyndum í framkvæmd og stofnað fyrirtæki um reksturinn. Rekstrartekjur hafa dugað vel fyrir rekstrargjöldum en rekstrarhagnaðurinn hefur allur farið í að greiða bankanum vexti. Bankinn hirti allan hagnaðinn og ekkert var því eftir fyrir eigandann sem átti hugmyndina og lagði á sig alla vinnuna. Slík fyrirtæki hagnast á samskiptum sínum við viðskiptavinum en tapa á samskiptum sínum við peningamenn. Þessi

vandi endurspeglar tvær hliðar fyrirtækja-rekstrar, rekstrarhliðina annars vegar og fjármögnunarhliðina hins vegar. Það er ekki nóg að hafa góða hugmynd og að rekstrartekjur standi undir rekstrar-gjöldum. Hagnaðurinn þarf að duga fyrir fjárfestingu í nýjum vélum og tækjum, leigu, vöxtum og arði.

Því hefur verið haldið fram að fjármálastarfsemi skapi engin verðmæti. Bankar og lánastofnanir miðla fé í hagkerfinu á milli heimila og fyrirtækja, frá þeim sem spara til þeirra sem þurfa að fá peninga að láni. Fæstir einstaklingar vilja lána til langs tíma til áhættusamra verkefna. Þar sem bankar eru mjög umsvifamiklir geta þeir umbreytt áhættu og lánað til verkefna sem einstaka fjárfestir væri e.t.v. ekki tilbúinn að hætta sér út í. Þegar haft er í huga hversu mörg fyrirtæki komast aldrei á legg og hversu mörg fara í þrot á hverju ári þá er þetta skiljanleg afstaða. Lánastofnanir sem eiga hundruð og þúsundir skuldaviðurkenninga sem gefnar hafa verið út af einstaklingum og fyrirtækjum um allan heim geta dreift áhættunni þannig að ekki komi að sök þótt eitt og eitt lán lendi í vanskilum. Bankamenn búa yfir mikilli reynslu í þessari miðlun og eru sérfræðingar í því að stjórna áhættu sem felst í útlánum. Einstaklingar og fyrirtæki geta því átt greiðan aðgang að fjármunum í bankanum sem ávaxtar féð með því að lána til misáhættusamra verkefna. Oft er um gríðarlega mikla hagsmuni að ræða og því geta upplýsingar eða þekking sem minnkar líkur á tapi eða eykur líkur á hagnaði verið mjög verðmætar. Þá annast bankar greiðslumiðlun í landinu og á milli landa sem er alger forsenda þess að hægt sé að stunda nútímavíðskipti. Það er þannig engin tilviljun að þróun fjármála-kerfisins hefur haldist hönd í hönd við þróun efnahagslífsins og aukna almenna hagsæld í hinum vestræna heimi.

## Vextir

Árið 2014 voru fyrirtæki með 165 milljarða í vaxtatekjur og verðbætur af lausafé og viðskiptalánum. Þetta var 14 milljörðum minna en árið 2013 og 305 milljörðum minna en árið 2012. Vaxtatekjur sveiflast nokkuð á milli ára. Árið 2008 voru fyrirtæki með 473 milljarða í vaxtatekjur, árið 2009 voru vaxtatekjur 411 milljarðar og árið 2010 voru þær 308 milljarðar.

Á móti vaxtatekjum stóðu vaxtagjöld upp á 285 milljarða. Hér er um að ræða allan vaxtakostnað og lántökukostnað, innheimtu- og þjónustugjöld banka og

greiðslukortafyrirtækja sem fellur til í rekstrinum. Vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum fyrirtækja árið 2014 voru því samanlagt um 120 milljarðar eða 36 milljörðum meiri en árið 2013. Eftir því sem skuldir lækka minnka vaxtagjöldin.

Gengismunur peningalegra eigna og skulda var 78 milljarðar árið 2014 eða 269 milljörðum meiri en árið 2013. Gengistap var 25 milljarðar og gengishagnaður 102 milljarðar. Það er athyglisvert að árið 2008 sker sig nokkuð úr en þá var gengishagnaður 393 milljarðar en gengistapið 2.589 milljarðar. Síðan hefur gengistap minnkað á sama tíma og gengishagnaður hefur heldur aukist. Gjaldmiðillinn hefur styrkst.

## Arður

Á 10. áratugi síðustu aldar og á fyrsta áratugi þessarar fjölgaði eignarhaldsfélögum mikið. Eins og gefur að skilja halda þessi félög utan um eignarhluti í öðrum fyrirtækjum og eru því lítið annað en verðbréfasöfn. Tekjur þessara félaga verða til þegar verð hlutabréfa hækkar eða þegar arður er greiddur út úr hlutfélögunum.

Venjuleg rekstrarfélög sem hafa með höndum margs konar starfsemi stofna stundum sérstakt félag um ákveðin verkefni eða ákveðinn þátt í rekstrinum. Það getur því verið erfitt að greina á milli tekna sem tilheyra rekstri og tekna sem tilheyra fjárfestingastarfsemi.

Fyrirtækin fengu 38 milljarða greidda í arð af hlutabréfum árið 2014 sem var 55 milljörðum minna en árið 2013. Árið 2007 fengu íslensk fyrirtæki 111 milljarða greidda í arð af hlutabréfum. Þau fengu 58 milljarða árið 2008 en aðeins 12 milljarða árið 2009. Til viðbótar arði af íslenskum hlutabréfum fengu fyrirtækin sex milljarða í arð af erlendum hlutabréfum saman borið við tæpa tvo milljarða árið 2013. Það er athyglisvert að árið 2011 fengu félög 22 milljarða í arð af erlendum hlutabréfum en þau hafa ekki fengið meiri arð greiddan síðan farið var að telja þetta fram.

Hlutdeild félaga í tekjum eða tapi dóttur- og hlutdeildarféлага var 229 milljarðar árið 2014 eða einum milljarði hærri en árið 2013. Það ræðst af stærð eignarhluta hvort að um dóttur- eða hlutdeildarfélag er að ræða. Það er athyglisvert að hlutdeild í tapi dóttur- og hlutdeildarféлага var 2.020 milljarðar árið 2008 og 1.168 milljarðar árið 2009. Tapið var 333 milljarðar árið 2010 en síðan þá hafa hlutdeildar- og dótturfélög skilað hagnaði, 82 milljörðum árið 2011 og 306 milljörðum árið 2012.

Sá sem kaupir hlutabréf kaupir ekki aðeins hlut í bókfærðum eignum félagsins heldur einnig hlut í hagnaðinum sem verður af rekstrinum. Verðið ræðst því ekki síst af væntingum um arðsemi. Arðsemin ræðst aftur af því hvort að eignarnar í félaginu geti skapað tekjur og hagnað fyrir félagið þegar til lengri tíma er lítið. Ef horfur eru á að fyrirtækið geti skapað meiri hagnað og ávöxtun á eignirnar sem eru bundnar í félaginu en fengist annars, þ.e. umframhagnað, greiða menn meira en bókfært verð fyrir eignir í fyrirtækinu. Verð hlutabréfa sveiflast eftir væntingum um gengi einstakra fyrirtækja og markaða. Ef væntingar um vöxt fyrirtækisins og ávöxtun breytast um nokkur prósentustig getur það kostað breytingu á hlutabréfaverði upp á tugi prósent. Það veit enginn hvað framtíðin ber í skauti sér. Verðið ræðst því að miklu leyti af því hvort menn horfa bjartsýnum eða raunsæjum augum til framtíðar. Arður sem er endurfjárfestur í félagi eykur virði félagsins. Félag geta því stjórnað því hvort arður af starfsemi félagsins er tekinn út í hækkanði hlutabréfaverði eða greiddur út úr félaginu sem arður.

Söluhagnaður af hlutabréfum var 323 milljarðar árið 2006, þegar sölutapið var ekki nema rúmir þrjú milljarðar. Sölutapið var 30 milljarðar árið 2007 og 808 milljarðar árið 2008. Söluhagnaðurinn dróst hins vegar saman og fór í 268 milljarða árið 2007 og 69 milljarða árið 2008. Þá töpuðu fyrirtæki 100 milljörðum á sölu hlutabréfa árið 2009 en á móti kom hagnaður upp á 45 milljarða. Frá þeim tíma hefur hagnaður af sölu hlutabréfa aukist og tap minnkað. Söluhagnaður var 49 milljarðar árið 2010 en þá var tapið 33 milljarðar. Hagnaðurinn jókst svo í 102 milljarða árið 2011 og 319 milljarða árið 2012 en á þessum tíma var tapið 47 og 4 milljarðar. Frá árinu 2006 hafa fyrirtæki hagnast um 1.270 milljarða af hlutabréfavíðskiptum en á móti stendur samanlagt tap upp á 1.036 milljarða.

## Tekjur og gjöld af fjármálagerningum

Ýmis konar tekjur og gjöld sem stafa af einhvers konar fjármálagerningum eru talin fram sérstaklega á skattframtali rekstraradila. Hér getur verið um að ræða tekjur eða tap af afleiðusamningum, vaxtaskiptasamningum, öðrum skiptasamningum og valréttarsamningum. Einnig tekjur eða tap vegna færslu eigna til gangvörðis eða óinnleystan gengishagnað af verðbréfum svo eitthvað sé nefnt.

Það er e.t.v. til marks um breytta tíma að frá árinu 2011 hafa tekjur af þessu tagi farið vaxandi eftir hrakfarir árána 2007 til 2010. Fyrirtæki voru með 206 milljarða í tekjur af fjármálagjöningum árið 2006. Gjöld af fjármálagöningum voru þá 48 milljarðar. Árið 2007 voru tekjur af fjármálagöningum 215 milljarðar en gjöldin 293 milljarðar. Hreint tap var því 78 milljarðar. Árið 2008 var 1.128 milljarða tap af fjármálagöningum en tekjurnar voru þá 61 milljarður.

Ef matsverð verðbréfa, skuldabréfa og hlutabréfa lækkar þarf að færa niður verðmæti bréfanna. Bakfærsla niðurfærslunnar er svo dregin frá ef bréfin hækka aftur. Verðbréf voru færð niður um átta milljarða árið 2014. Verðbréf virðast hafa hækkað í verði á undanförunum árum. Árið 2008 var verðbréfaeign færð niður um 688 milljarða, ári síðar var hún aftur færð niður um 92 milljarða og aftur niður um 50 milljarða og 73 milljarða á árunum 2012 og 2013. Samanlagt hafa verðbréf verið færð niður, umfram bakfærslu, um 1.069 milljarða á síðustu átta árum.

## Tekjur af eftirgjöf skulda

Undir venjulegum kringumstæðum er eftirgjöf skulda skattskyldar tekjur hjá félaginu sem nýtur eftirgjafarinnar. Sem kunnugt er urðu alger umskipti í efnahagslífi landsins árið 2008 þegar efnahagslegur brotsjór reið yfir landið. Fyrirtækin stóðu frammi fyrir gerbreyttum aðstæðum. Lítið hald reyndist í áætlunum og ráðagerðum sem byggðu á fenginni reynslu síðustu áratuga og grípa þurfti til örþrifaræða til að bjarga því sem bjargað varð.

Það var ljóst að rekstrarhlið margra fyrirtækja skapaði verðmæti þó að hún stæði ekki undir þeim væntingum sem peningamenn höfðu haft til ávöxtunar, allra síst þegar útlit og horfur höfðu breyst. Í þessum atgangi var þeim því nauðugur sá kostur að sætta sig við orðinn hlut, semja um breytt lánskjör eða gefa eftir skuldir fyrirtækja að hluta, en að öðrum kosti knýja fyrirtækin í þrot, selja eignir með afföllum og eyðileggja atvinnutæki sem gátu, þrátt fyrir allt, skapað atvinnu og verðmæti.

Reglum um skattlagningu eftirgjafar skulda var breytt árið 2009 þannig að eftirgjöfin gekk fyrst til lækunar á tapi ársins, síðan til þess að jafna tap sem var yfirfært frá fyrri árum og loks mátti fyrna eignir á móti eftirgjöf sem hafði verið færð fyrirtækinu til tekna. Loks máttu fyrirtæki dreifa því sem eftir stóð á nokkur ár.

Árið 2011 voru tekjur af eftirgjöf skulda taldar fram á skattframtali rekstraraðila í

fyrsta skipti vegna eftirgjafar skulda árið 2010. Þá færðu fyrirtæki sér rúma 97 milljarða til tekna vegna eftirgjafar skulda. Árið 2011 voru 308 milljarðar færðir til tekna og árið 2012 var þetta 131 milljarður. Árin 2013 og 2014 voru 54 milljarðar bæði árin færðir fyrirtækjum til tekna vegna eftirgjafar skulda.

## Hagnaður skv. ársreikningi

Eftir að tekið hefur verið tillit til fjármunaliða stendur eftir hagnaður eða tap skv. ársreikningi. Hagnaður skv. ársreikningi er það sem kemur í hlut hlutahafanna sem eiga fyrirtækið. Ýmist verður hagnaðurinn rakinn til tekna af reglulegri starfsemi fyrirtækisins, þ.e. rekstrartekna eða fjármunatekna. Sú staða getur vissulega komið upp að reksturinn sé einskis virði og að tekjur af fjármálastarfsemi haldi fyrirtækinu gangandi.

Árið 2014 skiluðu fyrirtækin í landinu 979 milljörðum í hagnað til eigenda sem var 230 milljörðum eða 30,8% meiri hagnaður en árið áður. Árin 2011 og 2012 var hagnaður skv. ársreikningi 1.114 og 2.213 milljarðar. Stór hluti þessara tekna var vegna eftirgjafar skulda og leiðréttinga. Það er merkilegt að rekstur sem skilar ekki nema 657 milljörðum í rekstrartekjur umfram rekstrargjöld skuli sýna 979 milljarða í hagnað skv. ársreikningi. Hagnaður skv. ársreikningi var 25% af rekstrartekjum, saman borið við 19% árið 2013.

Árið 2014 töpuðu fyrirtæki í landinu 190 milljörðum sem var 113 milljörðum eða 37,3% minna tap en árið áður. Þeir sem hafa hætt fé sínu í þessum rekstri hafa því glatað því að hluta eða að fullu. Í versta falli hafa starfsmenn tapað launum, viðskiptamenn ekki fengið greitt fyrir vöru, aðföng eða tæki og vélar sem fjárfest hefur verið í og bankinn þarf að afskrifa lán. Annars er tapið greitt af eigin fé hluthafa, af fé sem hefur orðið til annars staðar á öðrum tíma og verið fjárfest í fyrirtækinu.

Það lítur út fyrir að rekstur í landinu sé að færast í eðlilegt horf. Árið 2008 töpuðu fyrirtækin í landinu 13,7 billjónum, sem var þá hátt í sjöföld landsframleiðsla. Þá var hagnaður fyrirtækja 443 milljarðar, 1.066 milljörðum minni en hann hafði verið árið áður. Tapið jókst hins vegar um 12,8 billjónir á milli ára. Þetta var árið sem

fjármálakerfi landsins endaði í vegleysu með kunnnum afleiðingum. Síðan hefur landið náð að vinna sig út úr þessum erfiðleikum af mikilli seiglu og harðfygli. Tap fyrirtækja var 3.850 milljarðar árið 2009, 1.580 milljarðar árið 2010 og 710 milljarðar árið 2011 og loks 317 milljarðar árið 2012.

## Skattalegar leiðréttingar

Ýmislegt er fært með öðrum hætti í reikningsskilum en í skattskilum. Sem dæmi þá eru söluhagnaður og fyrningar leiðrétt með tilliti til skattalaga. Eftirgjöf skulda sem talin er til tekna hjá fyrirtækinu er einnig skattlögð með ákveðnum hætti. Öll skattskyld fyrirtæki eiga að skila skattframtali óháð því hvort að um dóttur- eða hlutdeildarfélög er að ræða. Hagnaður dótturfélags er því bæði talinn fram hjá dótturfélaginu og móðurfélaginu. Stundum er móðurfélagið dótturfélag annars félags sem er dótturfélag enn annars félags. Sami hagnaðurinn er því stundum talinn fram hjá mörgum félögum. Í skattskilunum er þetta leiðrétt til að skattur sé aðeins greiddur einu sinni af sama hagnaðinum.

Skattskyldur hagnaður skv. ársreikningi fyrirtækja var 979 milljarðar en þegar tekið hafði verið tillit til leiðréttinga var stofninn 468 milljarðar. Skattstofninn var því lækkaður um 512 milljarða eða 52,2%. Leiðréttur skattstofn var því 120 milljörðum eða 20,4% lægri en hann var 2013 en ekki 30,8% hærri, eins og hefði mátt ætla ef skattur væri lagður á hagnað skv. ársreikningi. Þá var tap félaga eftir leiðréttingar 218 milljarðar en ekki 190 milljarðar. Tapið eftir leiðréttingar var því 29 milljörðum hærra en tap skv. ársreikningi. Það var þó engu að síður 84 milljörðum eða 27,8% minna en árið áður.

## Hreinar tekjur og yfirfæranlegt tap

Félög sem rekin hafa verið með tapi geta lækkað skattskyldan hagnað um tap sem myndast hefur hjá félaginu síðastliðin tíu rekstrarár. Það er hins vegar ekki hægt að fresta skatti af hagnaði ef ske kynni að fyrirtækið yrði rekið með tapi á því næsta, menn fá skattinn ekki endurgreiddan og því skiptir máli þegar til lengri tíma er litið hvort að fyrirtæki eru rekin fyrst með hagnaði og svo með tapi eða fyrst með tapi og svo með hagnaði. Það má því segja að það felist ákveðinn styrkur til fyrirtækja í því að þurfa ekki að greiða skatt af tekjum ef þau hafa áður verið rekin með tapi. Fyrirtæki þurfa að fjármagna tapið með

einum eða öðrum hætti og ríkið tekur þátt í þessari fjármögnun með því að leyfa fyrirtækjum að draga yfirfæranlegt tap fyrri ára frá tekjum ársins og lækka þannig skattstofninn. Yfirfæranlegt tap er verðmætt og því gilda ákveðnar reglur um það hvernig leyfilegt er að flytja það á milli félaga t.d. við yfirtöku eða samruna.

Svo háttar til að skattar einstaklinga og lögaðila eru lagðir á og greiddir árlega en ekki miðað við 5, 10 eða 15 ára tímabil, eða jafnvel lífaldur. Einstaklingar og fyrirtæki greiða því misháan skatt af jafnháum tekjum eftir því hvernig og hvenær þeirra er aflað. Það er mikilvægt að hafa þetta í huga þegar fjallað er um skatta og skatthlutföll með sanngirnis-sjónarmið að leiðarljósi.

Eftir að félög höfðu dregið yfirfæranlegt tap frá leiðréttum hagnaði stóð eftir skattstofn upp á 289 milljarða. Skattstofninn var því aftur orðinn 178 milljörðum lægri en hann hafði verið áður en tap hafði verið jafnað á móti tekjum. Aðeins um 29,5% hagnaðar skv. ársreikningi myndaði því hreinar tekjur eða skattstofn.

Árið 2013 voru hreinar tekjur fyrirtækja 259 milljarðar, 30 milljörðum lægri en þær voru 2014. Þá var greiddur skattur af 34,6% hagnaðar fyrirtækja.


Rafræn skattframtöl komu til sögunnar árið 1997. Þá var hagnaður skv. ársreikningi fyrirtækja 60 milljarðar en skattur var þá greiddur af 33 milljörðum. Þess ber að geta að í þá tíð skiluðu margir pappírframtali sem kemur þó ekki að sök þegar innbyrðis hlutfall er skoðað. Alltjént var greiddur skattur af 54,9% hagnaðar skv. ársreikningi. Þetta hlutfall lækkaði niður í 18,3% árið 2004 og 16,9% árið 2007 en hefur síðan verið í kringum 30% að árunum 2011 og 2012 undanskildum sem voru mjög óvenjuleg. Þá var greiddur skattur af 18,2% og 9,9% hagnaðar.

Sem fyrr segir gengu 178 milljarðar af hagnaði ársins 2014 til að jafna tap fyrri ára. Það er talsvert minni lækkun á skattstofni en árin 2010, 2011 og 2012 en þá var skattskyldur hagnaður fyrirtækja lækkaður um 597, 444 og 793 milljarða vegna yfirfæranlegs taps. Þarna var staða fyrirtækjanna mjög slæm og hagnaður sem myndaðist vegna eftirgjafar skulda hefur eytt talsverðu af því tapi sem varð til í hruninu og fyrirtækin áttu á þessum árum.

Upp úr aldamótunum jukust umsvif hvers konar fjármálastarfsemi mikið. Lánastofnanir voru tilbúnar til að lána fjárfestingafélögum sem keyptu upp fyrir-

Milljarðar


## Hagnaður samkvæmt ársreikningi



Hagnaður fyrirtækja jókst mikið á árunum 2002 til 2006 samfara mjög hröðum vexti eigna. Árið 2002 högnuðust fyrirtækin um 334 milljarða en á móti stóð tap upp á 94 milljarða. Fjórum árum síðar högnuðust félög um 1.589 milljarða en tapið var þá 258 milljarðar. Hreinn hagnaður var því 1.331 milljarður eða hátt í sex sinnum meiri en hann hafði verið fjórum árum fyrr. Árið 2008 töpuðu félög 13.715 milljörðum en hagnaður var þá 443 milljarðar. Síðan hefur tapið minnkað en hagnaðurinn aukist. Hagnaður umfram tap var 789 milljarðar árið 2014.

Milljarðar

## Tap samkvæmt ársreikningi



Tap skv. ársreikningi tók að aukast upp úr miðjum fyrsta áratugi aldarinnar þegar alþjóðleg fjárfestingafélög sem voru mjög umsvifamikil miðað við íslenskt atvinnulíf fóru að ryðja sér til rúms. Mörg þessara félaga stóðu ekki undir væntingum og tapið hrannaðist upp. Steininn tók úr við hrun bankanna en þá töpuðust 13,7 billjónir á einu bretti. Ári síðar töpuðust aðrar 3,9 billjónir og enn aftur 1,6 billjónir. Árið 2011 töpuðu fyrirtækin svo aftur 710 milljörðum. Tapið var tæpir 190 milljarðar árið 2014.

tæki, verðbréf og aðrar eignir fyrir lánsfé. Starfsemi þessara félaga teygði anga sína út um allan heim. Oft var mikið lagt undir í þessum viðskiptum sem voru áhættusöm og því gat brugðið til beggja vona. Áhætta fylgir fjárfestingum, sérstaklega ef fjárfest er fyrir lánsfé. Hagur eigandans vænkar þegar eignin hækkar í verði, því meira því meira sem tekið er að láni og fjárfest. Á hinn bóginn vilja lánardrottnar fá lánin endurgreidd með vöxtum og engar refjar, óháð því hvort eignin hækkar eða lækkar í verði.

Eftir langvarandi góðæri voru mörg fyrirtæki, hvort heldur um var að ræða

rekstrarfélög eða fjárfestingarfélög, tilbúin til að fjárfesta fyrir lánsfé. Skuldir fyrirtækja jukust því mikið frá aldamótum og fram á miðjan fyrsta áratug þessarar aldar. Hagnaður fyrirtækja jókst, en líka tapið.

Í árslok árið 2000 fluttu fyrirtækin 241 milljarð yfir til næsta árs. Tapið jókst hægt og bitandi fram til ársins 2005 en þá fluttu fyrirtæki 380 milljarða yfir til næsta árs. Yfirfæranlegt tap jókst um 279 milljarða á milli árunum 2005 og 2006, 398 milljarða á milli árunum 2006 og 2007. Steininn tók svo úr við

# Skattframtöl rekstraraðila 2005 til 2015 - Rekstur

Upphæðir í milljónum kr. á vörðlagi ársins 2014

REKSTRARÁR	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi skattframtala	22.595	24.642	26.595	28.818	29.225	30.256	30.738	31.316	32.028	32.793	33.287
<b>Rekstrartekjur</b>											
Virðisaukaskattsskyld velta	1.633	1.825	2.207	2.336	2.031	1.728	1.769	1.792	1.966	1.995	2.098
Velta undanþegin virðisaukaskatti	687	736	869	883	1.120	1.146	1.279	1.295	1.285	1.268	1.264
Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti	519	631	989	1.260	1.383	827	793	580	593	543	494
Söluhagnaður	40	75	74	94	39	30	23	28	25	29	41
Aðrar tekjur	76	112	133	182	107	249	107	212	92	146	171
Leiðréttingar rekstrartekna m.t.t. árs	-9	-49	-122	-106	-85	-161	-154	-75	364	-40	-158
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>2.946</b>	<b>3.331</b>	<b>4.151</b>	<b>4.649</b>	<b>4.596</b>	<b>3.820</b>	<b>3.817</b>	<b>3.831</b>	<b>4.325</b>	<b>3.942</b>	<b>3.910</b>
<b>Rekstrargjöld</b>											
Hráefniskaup	367	414	733	939	1.433	754	442	457	470	423	358
Vörukaup	811	887	1.017	1.093	988	860	909	969	1.112	1.110	1.180
Afskrifaðar viðskiptakröfur	42	35	33	34	3.652	1.561	243	72	112	102	20
Annar kostnaður	843	931	1.130	1.230	1.267	801	1.105	1.113	989	1.171	1.187
Laun og launatengdur kostnaður	573	658	735	811	711	586	614	645	682	701	741
Sölutap	6	4	3	4	811	14	13	7	7	11	3
Fyrningar	121	115	127	137	208	399	149	157	146	154	159
Önnur rekstrargjöld og leiðréttingar	-134	-161	-245	-134	1.409	114	196	55	-235	-177	-276
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>2.628</b>	<b>2.883</b>	<b>3.533</b>	<b>4.115</b>	<b>10.479</b>	<b>5.088</b>	<b>3.670</b>	<b>3.474</b>	<b>3.284</b>	<b>3.494</b>	<b>3.373</b>
Hagnaður af rekstri	396	545	730	760	532	674	640	609	1.196	659	657
Tap af rekstri	-78	-97	-112	-226	-6.414	-1.943	-492	-252	-155	-211	-120
<b>Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld</b>	<b>318</b>	<b>448</b>	<b>618</b>	<b>534</b>	<b>-5.883</b>	<b>-1.269</b>	<b>147</b>	<b>357</b>	<b>1.041</b>	<b>448</b>	<b>537</b>
<b>Fjármunatekjur og gjöld</b>											
Vaxtatekjur/gjöld	-42	-81	-200	-294	-705	-551	-385	-281	60	-155	-120
Gengishagnaður/tap	144	210	-41	30	-2.196	202	-244	-65	75	-192	78
Arður af hlutabréfum	0	0	74	121	68	15	42	62	44	95	44
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélag	0	0	379	181	-2.020	-1.168	-333	82	306	228	229
Söluhagnaður af hlutabréfum	0	0	323	268	69	45	49	102	319	47	47
Sölutap af hlutabréfum	0	0	-3	-30	-808	-100	-33	-47	-4	-4	-7
Tekjur/ gjöld af fjármálagæmingum	0	0	159	-78	-1.067	-483	-19	4	16	13	31
Tekjur af eftirgjöf skulda	0	0	0	0	0	0	97	308	131	54	54
Tekjur af eftirgjöf skulda skilmálabr.	0	0	0	0	0	0	0	0	21	14	7
Niðurfærsla verðbréfaeignar	0	0	-4	-90	-688	-92	-50	-73	-35	-34	-8
Aðrar fjármunatekjur/gjöld	282	799	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>383</b>	<b>928</b>	<b>685</b>	<b>107</b>	<b>-7.348</b>	<b>-2.130</b>	<b>-877</b>	<b>92</b>	<b>933</b>	<b>67</b>	<b>356</b>
Óreglulegar tekjur/gjöld	61	74	47	59	-148	482	26	39	17	16	23
Aðrar tekjur og gjöld	-91	-155	-20	-75	107	-35	-115	-83	-94	-85	-126
Hagnaður skv. ársreikningi	758	1.396	1.589	1.509	443	898	762	1.114	2.213	749	979
Tap skv. ársreikningi	-86	-102	-258	-883	-13.715	-3.850	-1.580	-710	-317	-303	-190
<b>Samtals</b>	<b>672</b>	<b>1.294</b>	<b>1.331</b>	<b>626</b>	<b>-13.273</b>	<b>-2.952</b>	<b>-818</b>	<b>404</b>	<b>1.897</b>	<b>446</b>	<b>789</b>
Skattalegar leiðréttingar	-506	-1.098	-1.355	-836	5.437	1.645	629	-890	-1.098	-161	-540
Hagnaður fyrir yfirfæranlegt tap	254	320	353	388	251	489	808	646	1.012	587	468
Tap fyrir yfirfæranlegt tap	-87	-124	-377	-598	-8.087	-1.797	-997	-1.132	-213	-303	-218
<b>Hagnaður/Tap fyrir yfirfæranlegt tap</b>	<b>166</b>	<b>197</b>	<b>-24</b>	<b>-210</b>	<b>-7.835</b>	<b>-1.307</b>	<b>-189</b>	<b>-485</b>	<b>799</b>	<b>285</b>	<b>249</b>
Hreinar tekjur	185	256	302	255	160	193	211	202	219	259	289
Yfirfæranlegt tap til næsta árs	345	380	659	1.057	8.742	9.399	9.333	9.406	8.298	7.685	7.606

Tölur sýna upphæðir sem framteljendur, endurskoðendur eða bókarar höfðu skráð á skattframtöl þeirra lögaðila sem höfðu skilað rafrænu skattframtali í lok febrúar sl. og miðast þær við stöðu framtalsgagna á þeim tíma.


# Skattframtöl rekstraraðila 2005 til 2015 - Efnahagur

Upphæðir í milljónum kr. á verðlagi ársins 2014

EIGNIR Í ÁRSLOK	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi skattframtala	22.595	24.642	26.595	28.818	29.225	30.256	30.738	31.316	32.028	32.793	33.287
<b>Rekstreignir</b>											
Handbært fé	950	1.009	1.517	2.164	1.794	1.775	2.172	1.735	1.932	2.147	2.001
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.207	1.472	2.456	2.925	3.353	3.694	3.285	2.834	2.838	2.704	2.853
Birgðir	258	293	371	401	379	289	263	274	289	286	300
Viðskiptakröfur	515	575	741	676	638	545	627	466	445	427	443
Aðrar skammtímakröfur	178	256	362	601	810	321	456	159	148	133	137
Inneign virðisaukaskatts	7	11	15	16	15	13	16	13	14	12	12
Óefnislegar eignir	309	503	652	737	693	631	559	547	624	466	491
Aðrar eignir	952	952	1.117	698	2.360	1.995	540	678	351	281	295
<b>Samtals</b>	<b>4.376</b>	<b>5.071</b>	<b>7.231</b>	<b>8.218</b>	<b>10.043</b>	<b>9.264</b>	<b>7.918</b>	<b>6.705</b>	<b>6.641</b>	<b>6.457</b>	<b>6.534</b>
<b>Fjármunaeignir</b>											
Verðbréf	532	785	1.127	2.021	861	1.025	688	814	952	845	728
Eignarhlutur innlend félög	1.953	3.533	5.220	8.189	4.259	2.698	2.619	2.455	2.614	2.656	3.136
Eignarhlutur erlend félög	1.055	1.569	2.724	3.056	2.893	2.861	2.296	2.128	1.558	1.285	721
Hlutdeild í eigin fé tengdra aðila	8	74	152	3	215	208	187	190	184	170	182
Kröfur á tengda aðila	1.513	1.794	2.618	3.931	4.043	2.833	1.988	1.384	1.311	1.214	1.502
Aðrar kröfur	2.773	5.173	7.978	9.653	9.149	6.963	5.215	4.427	3.781	3.196	2.978
<b>Samtals</b>	<b>7.834</b>	<b>12.928</b>	<b>19.819</b>	<b>26.854</b>	<b>21.421</b>	<b>16.588</b>	<b>12.993</b>	<b>11.397</b>	<b>10.401</b>	<b>9.366</b>	<b>9.248</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>12.210</b>	<b>17.998</b>	<b>27.050</b>	<b>35.072</b>	<b>31.463</b>	<b>25.852</b>	<b>20.911</b>	<b>18.102</b>	<b>17.042</b>	<b>15.823</b>	<b>15.782</b>
<b>Rekstrarskuldir</b>											
Viðskiptaskuldir	398	428	496	538	538	673	877	585	597	572	601
Fyrirfram innheimtar tekjur	56	51	81	53	46	36	29	35	43	47	51
Ógreiddur virðisaukaskattur	23	27	26	26	24	21	23	22	21	21	23
Tekjuskattsskuldbinding	129	245	239	236	19	22	54	40	59	57	114
Eftirlaunaskuldbindingar	7	7	15	19	14	12	9	10	10	10	9
<b>Samtals</b>	<b>613</b>	<b>757</b>	<b>856</b>	<b>871</b>	<b>640</b>	<b>764</b>	<b>993</b>	<b>692</b>	<b>731</b>	<b>707</b>	<b>798</b>
<b>Skuldir vegna fjármögnunar</b>											
Erlendar skammtímaskuldir	321	596	1.050	1.632	378	338	289	43	33	24	32
Aðrar skammtímaskuldir	1.103	1.537	2.165	2.460	4.390	4.329	6.888	5.619	4.789	4.555	4.445
Skuldir við tengda aðila	869	838	1.408	2.486	2.588	3.156	3.347	2.959	3.180	2.882	3.011
Erlendar langtímaskuldir	856	1.610	2.805	4.043	8.606	7.561	5.722	4.437	3.164	3.224	2.735
Aðrar langtímaskuldir	3.763	5.911	8.941	11.857	14.149	11.923	7.290	7.406	6.524	5.566	5.451
Næsta árs afborgun langtímalána	114	177	389	587	811	941	697	481	358	284	200
<b>Samtals</b>	<b>7.027</b>	<b>10.669</b>	<b>16.758</b>	<b>23.065</b>	<b>30.922</b>	<b>28.248</b>	<b>24.233</b>	<b>20.945</b>	<b>18.048</b>	<b>16.534</b>	<b>15.875</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>7.640</b>	<b>11.427</b>	<b>17.614</b>	<b>23.936</b>	<b>31.562</b>	<b>29.011</b>	<b>25.225</b>	<b>21.635</b>	<b>18.778</b>	<b>17.259</b>	<b>16.673</b>
<b>Eigið fé</b>											
Hlutafé/stofnfé	2.473	2.781	3.787	3.601	5.141	4.194	2.801	2.795	2.542	2.255	2.009
Lögbundinn varasjóður	934	1.309	1.251	3.138	3.531	3.256	3.068	2.800	1.758	1.720	1.716
Annað eigið fé	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Samtala eiginfjárliða</b>	<b>3.406</b>	<b>4.090</b>	<b>5.039</b>	<b>6.740</b>	<b>8.671</b>	<b>7.449</b>	<b>5.869</b>	<b>5.595</b>	<b>4.300</b>	<b>3.975</b>	<b>3.725</b>
<b>Annað eigið fé í upphafi árs</b>	<b>686</b>	<b>1.044</b>	<b>2.533</b>	<b>4.167</b>	<b>3.174</b>	<b>-8.704</b>	<b>-9.909</b>	<b>-9.566</b>	<b>-8.648</b>	<b>-5.619</b>	<b>-5.430</b>
Hagnaður/tap	672	1.291	1.309	625	-12.687	-3.016	-817	433	1.896	436	789
Reiknað endurgjald	2	2	2	2	2	1	1	1	1	2	2
Úttekt úr rekstri	74	41	101	181	69	444	181	22	10	11	12
Framlög til rekstrar	68	1	86	1	3	8	9	2	2	3	1
Úthlutaður arður	92	126	191	248	188	74	73	93	107	182	215
Aðrar breytingar á eigin fé	-92	316	742	31	1.600	326	791	146	833	-47	253
<b>Annað eigið fé í lok árs</b>	<b>1.166</b>	<b>2.484</b>	<b>4.377</b>	<b>4.394</b>	<b>-8.170</b>	<b>-11.906</b>	<b>-10.181</b>	<b>-9.102</b>	<b>-6.036</b>	<b>-5.423</b>	<b>-4.616</b>
Eigið fé jákvætt	4.700	6.705	9.608	11.481	9.584	7.007	5.162	5.077	5.464	5.212	5.397
Eigið fé neikvætt	-129	-133	-173	-344	-9.683	-10.167	-9.476	-8.610	-7.201	-6.648	-6.288
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>4.572</b>	<b>6.574</b>	<b>9.415</b>	<b>11.133</b>	<b>502</b>	<b>-4.456</b>	<b>-4.312</b>	<b>-3.507</b>	<b>-1.735</b>	<b>-1.447</b>	<b>-891</b>

Milljarðar


## Hreinar tekjur



Hreinar tekjur eða tekjuskattstofn fyrirtækja jókst mikið á uppgangsárum fjármálastarfsemi í landinu. Frá árinu 2002 til ársins 2006 ríflega þrefaldaðist skattstofn fyrirtækja. Nokkuð dró úr skattskyldum hagnaði árið 2007. Á síðustu árum hefur skattskyldur hagnaður fyrirtækja aukist. Skuldir hafa verið felldar niður og yfirfæranlegt tap hefur verið minnkað og eignir hafa verið endurmetnar.

Milljarðar

## Yfirfæranlegt tap



Um miðjan fyrsta áratug aldarinnar jókst yfirfæranlegt tap félaga mikið. Tapið var að miklu leyti bundið við alþjóðleg fjárfestingafélög. Yfirfæranlegt tap félaga var 292 milljarðar árið 2002 en árið 2006 var það orðið 659 milljarðar og 1.057 milljarðar árið 2007. Yfirfæranlegt tap hafði þannig hátt í fjórtaldast á fimm árum. Steininn tók úr árið 2008 en þá jókst yfirfæranlegt tap félaga um 7.685 milljarða á einu bretti sem var ríflega áttífdöldun á einu ári. Tapið náði hámarki árið 2011 en þá var samanlagt yfirfæranlegt tap 2011. Síðan hefur það lækkað um 1.800 milljarða.

fall bankanna árið 2008 en þá jókst yfirfæranlegt tap um 7.685 milljarða og stóð þá í 8.742 milljörðum. Það jókst svo aftur um 657 milljarða árið 2009 og var þá 9.399 milljarðar. Síðan hefur yfirfæranlegt tap lækkað um 1.793 milljarða eða um 19,1%. Fyrirtæki hafa farið í þrot og skuldir verið afskrifaðar. Yfirfæranlegt tap félaga minnkaði um 80 milljarða eða 1% á milli árunna 2013 og 2014.

Þegar haft er í huga að landsframleiðsla er um 2.000 milljarðar er tapið enn mjög hátt og mun að öllum

líkindum ekki lækka fyrr en þrotabú fallinna banka og fjármálastofnana hætta að skila skattframtali en nú eru bráðum að verða komin átta ár frá falli þessara fyrirtækja.

Það er mikilvægt að hafa í huga að þrátt fyrir að hátt í 40 þúsund skattskyld fyrirtæki séu skráð á grunnskrá þá vega til þess að gera fá félög mjög þungt í íslensku efnahagslífi. Rekstur og efnahagur flestra fyrirtækja snýst um smámuni miðað við þessi stórfyrirtæki, sem eru þó þrátt fyrir allt smá á alþjóðavísu.

## Eignir, skuldir og eigið fé

Oftar en ekki þurfa menn eitthvað meira en tvær hendur tómar til að hefja rekstur og reka fyrirtæki. Það má þó ímynda sér að skemmtikraftar og uppstandarar gætu troðið upp án nokkurs undirbúnings eða tækjabúnaðar. Atriðið yrði sjálfsagt áhugaverðara af menn bættu við hljóðfæri, sem kallar á fjárfestingu í tækjum og búnaði. Ef hljóðfærið er keypt fyrir fermingapeningana að hluta og á 36 mánaða raðgreiðslum að hluta má segja að nýja fyrirtækið samanstandi af hljóðfæri annars vegar og yfirdráttarláni og sparifé hins vegar. Á móti eignum standa þannig skuldir og eigið fé.

Hljóðfærið borgar sig hins vegar ekki nema tekjuakinn sem hljóðfærið skapar dugi til að greiða afborganir og vexti af láni til 36 mánaða. Tækin þurfa því að standa undir fjárfestingunni, þ.e. vöxtum og afborgunum, en eftir því sem afborgunum fjölga og meira er greitt niður eignast fyrirtækið meira í tækjunum. Hugsanlega hefur fjárfestirinn eitthvað upp úr kraftinu fyrir sjálfan sig, annað en lævi blandna ánægjuna af því að starfa við eitthvað sem hann hefur áhuga á, því fyrst þarf hann að standa í skilum og greiða niður lánið. Ef eitthvað er eftir þá er það eign fyrirtækisins.

Fjárfestir, sem gæti fengið greidda vexti ef hann hefði geymt spariféð sitt á bankareikningi myndi væntanlega vilja fá jafnmikla ávöxtun á spariféð með því að leggja sparnaðinn í fyrirtækið sitt. Hann veit að það er ekki víst að fyrirtækið gangi og að það er hætta á því að hann þurfi að greiða afborganir og vexti af láninu með sínum eigin peningum en ekki tekjunum sem koma inn í rekstrinum. Hann á því á hættu á að tapa sparifénu sínu, missa hljóðfærið og standa uppi slyppur og snauður ef illa gengur, reynslunni ríkari. Fjárfesting í hljóðfæri verður því að standa undir afborgunum og vöxtum og gott betur því annars hættir hann við þessi áform og geymir peningana sína í bankanum sem kostar 450 kr. á mánuði, eða öðrum eignum sem gefa betri ávöxtun. Fyrirtæki verða því að ávaxta eignirnar sem eru bundnar í fyrirtækinu.

### Eignir

Fyrirtæki áttu 15.782 milljarða í ýmsum eignum árið 2014, sem var 41 milljarði minna en árið 2013. Árið 1997 skiluðu ríflega 9.905 fyrirtæki rafrænu skattframtali




eða um 74,2% fyrirtækja á skattgrunnskrá. Þessi fyrirtæki áttu 1.136 milljarða í eignir sem höfðu myndast í gegnum árin og áratugina. Efnahagur fyrirtækja tók að blása út upp úr aldamótunum þegar auðveldara varð fyrir fyrirtæki að fá lán fyrir fjárfestingum. Árið 2000 áttu fyrirtæki 4.413 milljarða í eignum. Eignir jukust um 4.173 milljarða eða 94,5% fram til ársins 2003. Þær jukust aftur um 3.624 milljarða árið 2004, 5.788 milljarða árið 2005 og 9.051 milljarð árið 2006. Þá áttu fyrirtækin í landinu 27.050 milljarða í samanlögðum eignum. Efnahagur fyrirtækjanna hélt áfram að tútna út fram til ársins 2007 en þá jukust eignir um 8.023 milljarða og voru, þ.e. 35.072 milljarðar. Aukningin ein og sér árið 2007 var 81,8% meiri en samanlagðar eignir árið 2000.


Uppgangur fjármálastarfsemi í landinu breytti efnahagsreikningi fyrirtækja nokkuð. Þótt rekstrarfjármunir ykjust mikið jukust fjármunaeygnir meira en vægi varanlegra rekstrarfjármuna. Vægi krafna og eignarhluta í innlendum og erlendum félögum jókst mikið. Árið 1997 töldu fyrirtæki fram 439 milljarða í varanlegum rekstrarfjármunum, þ.e. mannvirkjum, vélum og tækjum sem voru um 38,7% eigna fyrirtækja. 15,5% voru bundin í viðskiptakröfum, 9,3% voru eignarhlutur í innlendum félögum. Aðrar kröfur, þ.e. allar langtímakröfur og áhættufé, s.s. lán til aðila sem eru að hefja áhættusaman rekstur eða einhvers konar tilraunastarfsemi og eignir sem hafa ekki ákveðið öruggt verðgildi voru þá 2,1% af efnahagsreikningi fyrirtækjanna.

Árið 2007 voru varanlegir rekstrarfjármunir 2.925 milljarðar, sem voru þá 8,3% af efnahagsreikningi fyrirtækjanna. Aðrar kröfur voru þá 27,5% efnahagsreiknings. Um 32,1% eigna fyrirtækja var bundið í eignarhlutum í innlendum og erlendum félögum en 1997 höfðu um 10,7% eigna verið bundin í þessum eignum. Eignarhlutir í innlendum félögum eru í reynd eignarhluti í bókfærðu eigin fé þessara félaga sem eignarhluturinn er í sem og félaganna sem telja fram eignarhlutinn og því má í reynd segja að sama eigin fé sé talið fram hjá fleiri en einu félagi.


Frá árinu 2007 hefur efnahagsreikningur félaga dregist saman um 19.290 milljarða, eða 55%. Efnahagur félaga er því ríflega helmingi minni en hann var árið 2007. Hann minnkaði um 3.609 milljarða árið 2008, 5.611 milljarða árið 2009 og 4.941 milljarð árið 2010. Síðan hefur hægt á samdrættinum. Efnahagur skrapp saman um 2.808 milljarða árið



Upp úr aldamótum jukust eignir fyrirtækja mjög hratt. Árið 2002 voru samanlagðar eignir fyrirtækja um 6.579 milljarðar. Fimm árum síðar, árið 2007, var efnahagur félaganna orðinn rúmar 35 billjónir og hafði þá vaxið um 433% á fimm árum. Eftir hrun hefur efnahagur íslenskra fyrirtækja minnkað aftur um 19,3 billjónir eða 55%.



Eignaaukninguna upp úr aldamótum má að miklu leyti rekja til þess að auðveldara varð að fá fé að láni. Eignir jukust og hækkuðu því í verði á þessum tíma en jafnframt jukust skuldir sem aldrei fyrir. Árið 2002 skulduðu fyrirtækin í landinu um 3.967 milljarða en fimm árum síðar höfðu skuldirnar ríflega sexfaldast og stóðu í 23,9 billjónum. Árið 2008 rýrnuðu eða töpuðust 3,6 billjónir í eignum en á sama tíma jukust skuldirnar um rúmar 7,6 billjónir.



Munur á eignum og skuldum er eigið fé fyrirtækjanna. Á árunum 2002 til 2007 jukust eignir um 433,1%, skuldir um 503,4% og eigið fé um 32,4%. Skuldir fyrirtækja voru rúmum 4.314 milljörðum hærra en eignir árið 2010 en síðan hafa eignir og skuldir minnkað, skuldirnar meira en eignirnar og því hefur aftur dregið saman með eignum og skuldum.

2011, 1.060 milljarða árið 2012 og 1.218 milljarða árið 2013. Loks minnkaði efnahagur um 41 milljarð árið 2014.

Samdrátt efnahags á árabílinu 2007 til 2014 má að miklu leyti rekja til annarra krafna sem hafa lækkað um 6.674 milljarða þannig að rekja má 34,6% samdráttar efnahags til annarra krafna. Þá hefur eignarhlutur í innlendum dótturfélögum minnkað um 2.585 milljarða og eignarhlutur í innlendum félögum sem eru ekki dótturfélög um 2.468 milljarða og því má rekja 26,2% samdráttar efnahagsins til þessara eigna. Verðbréfaeign hefur minnkað um 1.293 milljarða sem skýrir 6,7% samdráttarins. Vaxtareiknaðar kröfur á tengda aðila hafa dregist saman um 2.227 milljarða. Eignarhlutur í erlendum félögum hefur dregist saman um 2.336 milljarða. Þessar eignir sem allar hafa að gera með fjármála- og fjárfestingastarfsemi hafa dregist saman um 17.583 milljarða og því má rekja um 91,2% samdráttar efnahags til þessara eigna.

Reyndar er áhugavert að sjá að eign í innlendum félögum jókst um 480 milljarða árið 2014. Þar af jókst eign í innlendum dótturfélögum um 18,8% og eignarhluti í innlendum félögum um 12%. Eignarhluti í erlendum félögum minnkaði hins vegar um 565 milljarða en þar af minnkaði eign í erlendum félögum um 225 milljarða eða 60,4% og eignarhluti í erlendum dótturfélögum um 340 milljarða eða 37,2%.

## Rekstrarfjármunir

Sem fyrr segir er það hefðbundin starfsemi sem á að skila tekjum inn í reksturinn til að hægt sé að greiða kostnað sem fellur til við að afla þessara tekna og halda þeim við. Það eru tekjurnar sem eignirnar skapa sem skipta hér máli. Eignir er hægt að selja og ávaxta andvirðið með öðrum hætti en í rekstrinum.

Þó að rekstrarfjármunir, sem myndu teljast undirstaða hefðbundinnar framleiðslu og verðmætasköpunar, framleiðslutæki, mannvirki og lóðir, vegi ekki ýkja þungt í efnahag fyrirtækja í landinu þegar á heildina er litið þá telst það engu að síður til nokkurra tíðinda að varanlegir rekstrarfjármunir jukust um 41 milljarð sem er 4,5% hækkun á milli ára og mannvirki og lóðir hækkuðu um 109 milljarða eða 6% árið 2014. Þetta er í fyrsta skipti frá árinu 2008 sem aðrir varanlegir rekstrarfjármunir aukast á milli ára og ef frá er talin 41,7% hækkun á verðmæti mannvirkja og lóða árið 2008 þá hafa mannvirki og lóðir lítið breyst á undanförunum árum. Það

er athyglisvert að varanlegir rekstrarfjármunir jukust um 32% árið 2009 eftir að hafa minnkað um 15,8% árið 2008. Líklega hafa margir ekki verið búnir að átta sig á því að óveðursský efnahagslegs stórviðris væru farin að hrannast upp árið 2008 og haldið áfram að fjárfesta í framleiðslutækjum. Varanlegir rekstrarfjármunir rýrnuðu svo aftur um 22,3% á árunum 2008 til 2011.

Ýmis önnur hráefni þarf til framleiðslu en vélar og framleiðslutæki, innréttingar og búnað, verkfæri, áhöld og húsnæði. Aðrir rekstrarfjármunir eru hráefni sem þarf til framleiðslunnar, vörur og verk sem ekki er búið að klára og fullunnar vörur sem ekki er búið að selja. Þá eiga verslanir oft vörur sem ætlaðar eru til endursölu á lager, þ.e. birgðir sem ekki eru framleiddar af fyrirtækinu sjálfu eru færðar fyrirtækinu til eigna. Rekstrareignir fyrirtækja voru um 3.746 milljarðar árið 2014. Þær höfðu þá aukist um 184 milljarða eða 5,2% á milli ára.

## Fjármunaeignir

Fyrir utan rekstrarfjármuni þá þurfa fyrirtæki að eiga handbært fé og aðrar fjármunaeignir til að geta staðið í skilum. Á móti fjármunaeignum standa svo fjármunaskuldir. Munur á hreinum rekstrareignum og hreinum fjármunaeignum er eigið fé eigenda. Rekstrareignir standa þannig á móti lánum og framlagi eigenda. Fyrirtæki áttu 11.249 milljarða í handbæru fé og viðskiptakröfum árið 2014, sem var 264 milljörðum minna en árið áður.

Það voru fyrst og fremst fjármunaeignir sem jukust í aðdraganda hrunsins. Fjármunaeignir voru 292 milljarðar þegar rafræn skattframtöl komu til sögunnar. Þá voru rekstrareignir um 844 milljarðar en þar af voru varanlegir rekstrarfjármunir um 439 milljarðar. Fjármunaeignir jukust mjög hratt fram til ársins 2007 og voru þá orðnar 29.018 milljarðar á móti rekstrareignum sem voru þá um 5.183 milljarðar. Fjármunaeignir höfðu þá aukist um 26.311 milljarða á sjö árum eða hátt í 11-faldast á meðan rekstrareignir höfðu aukist um 290,2%. Síðan hafa fjármunaeignir dregist saman um 17.769 milljarða eða um 61,2% á sama tíma og rekstrareignir hafa dregist saman um rúman fjórðung.

## Skuldir

Sem fyrr segir eru eignir fyrirtækja fjármagnaðar með framlagi eigenda og skuldum við lánardrottina. Ef reksturinn skilar hagnaði og eitthvað er eftir eftir að búið er að greiða vexti og skatta geta eigendur ýmist greitt út hagnaðinn eða

fjárfest hann aftur í rekstrinum. Ef fyrirtækið er í vexti og stendur frammi fyrir arðvænlegum verkefnum sem krefjast aukinnar fjárfestingar er hagnaðurinn endurfjárfestur í þessum verkefnum en annars er hann greiddur út þannig að hluthafar geti sjálfir ráðstafað fénu.

Sumir hafa haldið því fram að ekki eigi að skipta máli hvort fyrirtæki eða einstök verkefni eru fjármögnuð með framlagi eigenda, þ.e. eigin fé, eða lánsfé. Í fullkomnum heimi myndu vextir taka mið af áhættu og kröfu um ávöxtun á hverjum tíma. Þegar tekið er tillit til áhættu og ávöxtunar standa lánardrottinnar sem geta lánað til ákveðinna verkefna því frammi fyrir sömu kostum og eigendurnir þegar þeir velja á milli ólíkra ávöxtunarleiða. Það er hins vegar leyfilegt að draga vexti frá hagnaði en ekki arð og því er í reynd ódýrara að fjármagna verkefni með lánsfé en eigin fé eigenda. Ríkið niðurgreiðir vaxtakostnað félaga og það er því talið ódýrara að fjármagna verkefni með lánsfé en eigin fé og þeim mun meira sem tekið er að láni þeim mun meiri er áhætta lánardrottins á sama tíma og hagnaðarvon skuldunauta sem geta látið peninga lánardrottins vinna fyrir sig eykst.

Ef eignir fyrirtækisins eru fjármagnaðar að 9/10 hlutum með lánsfé og 1/10 með hlutafé, sem er framlag eiganda, myndi 10% ávöxtun á eignir þýða 100% ávöxtun á hlutafé. Freistingin er því sú að greiða sem mest út úr fyrirtækinu og taka sem mest að láni en þá eykst jafnframt hættan á því að menn geti ekki staðið í skilum. Þetta þýðir jafnframt að þeir sem væru tilbúnir til að sætta sig við 10% ávöxtun á eigið fé væru tilbúnir til að greiða tífalt bókfært verð fyrir hlut í fyrirtækinu. Þetta hefur verið kallað að gíra sig upp sem getur komið mönnum í koll þegar á brattan sækir, sérstaklega ef ekki er hægt að skipta niður í tæka tíð.

Það er ljóst að margföldun á efnahagsreikningi fyrirtækjanna í landinu upp úr aldamótum verður ekki rakin nema að hluta til hagnaðar sem varð til í framleiðslufyrirtækjum sem buðu vöru til kaups gegn sanngjörnu endurgjaldi og var svo endurfjárfestur í arðbærum verkefnum innan sömu fyrirtækja. Skuldir fyrirtækja jukust samfara auknum umsvifum fjármálastarfsemi í landinu. Eignirnar sem voru að miklu leyti verðbréf, eða eignarhlutir í innlendum og erlendum félögum, voru að mestu keyptar fyrir lánsfé. Á meðan virði þessara eigna jókst, sem það gerði framan af, unnu peningar lánar-

drottna fyrir eigendur fyrirtækjanna og eigið fé fyrirtækjanna jókst gríðarlega hratt, sem aftur jók veðhæfi þannig að hægt væri að endurtaka leikinn. Um leið og eignirnar hættu að hækka í verði fór málið að vandast.

Árið 2000 skulduðu fyrirtæki 3.395 milljarða. Skuldirnar jukust um 572 milljarða fram til ársins 2002. Árið 2003 jukust skuldir um 1.456 milljarða. Þær jukust um 2.217 milljarða á milli árunum 2003 og 2004 og tæpa 3.787 milljarða á milli árunum 2004 og 2005 og stóðu þá í 11.427 milljörðum. Á þessum tíma höfðu skuldirnar farið úr u.þ.b. 1,5 landsframleiðslu í hátt í 6,4 landsframleiðslur. Ævintýrið var þó bara rétt að byrja því nú fyrst byrjuðu skuldir fyrirtækja að aukast fyrir alvöru. Skuldir jukust um 6.188 milljarða á milli árunum 2005 og 2006, og 6.322 milljarða á milli árunum 2006 og 2007. Árið 2008 féllu eignir um 3.609 milljarða. Skuldir héldu hins vegar áfram að aukast, nú um 7.626 milljarða. Þá stóðu skuldir fyrirtækja í landinu í 31,6 billjónum sem var ríflega 16-föld landsframleiðsla.


Frá árinu 2008 hafa skuldir minnkað um 14.889 milljarða eða 47,2%. Þær voru 16.673 milljarðar árið 2014 og höfðu þá lækkað um 586 milljarða frá árinu áður eða 3,4%. Skuldirnar minnkuðu því hraðar en eignir sem minnkuðu um 41 milljarð eða 0,3% og því hefur samanlagt eigið fé aukist.

### Rekstrarskuldir

Aðeins hluti skulda hefur með rekstur fyrirtækja að gera. Þó að í reynd ætti að vera hægt að rekja allar fjárfestingar til eigna sem skapa síðan tekjur og hagnað sem stendur undir vöxtum af lánnum og arði af hlutabréfum þá var aðeins hluti skuldaaukningarinnar vegna fjárfestingar í rekstrareignum og enn minna skuldir sem stofnað var til vegna rekstrarins sjálfs. Ýmsar skuldir tengdar rekstrinum, viðskiptaskuldir, skattaskuldir og eftirlaunaskuldbindingar voru samanlagt um 798 milljarðar árið 2014. Þessar skuldir dragast frá rekstrareignum sem voru 4.533 milljarðar. Það má því segja að hreinar rekstrareignir fyrirtækja hafi verið 3.734 milljarðar. Þessar eignir sköpuðu samanlagt 537 milljarða í tekjur sem þýðir að ávöxtun rekstrareigna var um 14,4%. Þetta er það hæsta sem sést hefur frá hrúni ef frá er talið árið 2012 en þá var rekstrarhagnaður um 26,2% af hreinum rekstrareignum. Stór hluti rekstrartekna það árið, eða 364 milljarðar, var hins vegar leiðréttingar með

Milljarðar


### Jákvætt eigið fé



brátt fyrir að hátt í helmingur fyrirtækja hafi ekki átt fyrir skuldum árið 2008 var hópur fyrirtækja sem átti fyrir skuldum á þessum tíma. Í miðri kreppunni árið 2010 var enn mun meira eigið fé í íslenskum fyrirtækjum en var áður en ævintýrið hófst árið 2002. Árið 2002 áttu fyrirtæki um 2.705 milljarða í eigin fé samanborið við 5.162 milljarða árið 2010. Síðan hefur eigið fé fyrirtækja verið í kringum 5,3 billjónir.

Milljarðar


### Skuldir umfram eignir



Í aðdraganda hrunsins jókst tap fyrirtækja allnokkuð. Þrátt fyrir að hagnaður margra fyrirtækja hafi aukist mikið á þessum tíma var meiru hætt og tapið því meira. Skuldir umfram eignir jukust. Þegar fjármálakerfið féll töpuðust gríðarlegar fjárhæðir. Skuldir umfram eignir voru tæpar 9,7 billjónir árið 2008 og tæpar 10,2 billjónir árið 2009. Síðan hefur neikvætt eigið fé í fyrirtækjum sem skulda meira en þau eiga minnkað um tæpar 3,9 billjónir.

Milljarðar

### Rekstrareignir og fjármunaeygnir



Þó að hér sé um grófa flokkun að ræða má glögglega greina gríðarlega aukningu fjármunaeygna sem hefst árið 2002 og endar 2007. Handbært fé, sem hér er flokkað sem rekstrareign, jókst um 1.828 milljarða á þessum tíma. Á árunum 2007 til 2010 lækkuðu fjármunaeygnir mjög hratt en rekstrareignirnar hafa hins vegar ekki lækkað jafnmikið. Allt frá árinu 2006 hefur handbært fé verið í kringum tvær billjónir.

tilliti til ársreiknings. Þá er merkilegt að rekstrartekjur sem hlutfall af rekstrareignum minnkaði úr 166,9% í 56,8% á árunum 2007 til 2009. Það mætti því ætla að fjárfesting í rekstrarfjármunum á þessum tíma hafi ekki skilað sér í auknum tekjum. Frá árinu 2008 hafa eignirnar hins vegar skapað meiri sölu og aukinn hagnað. Rekstrartekjur sem hlutfall af rekstrareignum voru um 104,7% árið 2014.

## Fjármunaskuldir

Skuldir sem stofnað var til vegna fjárfestinga voru tæpir 15.875 milljarðar árið 2014. Á móti fjármunaskuldum stóðu eignir upp á 11.249 milljarða. Hreinar skuldir vegna fjármögnunar voru því 4.625 milljarðar. Þær lækkuðu um 395 milljarða á milli ára.

”

## Ólíkt langtímaskuldunum minnkuðu skammtímaskuldirnar niður í 378 milljarða árið 2008 og hafa lækkað síðan ár frá ári

Uppgangurinn í aðdraganda hrunsins var fyrst og fremst bundinn við fjármuna- eignir og fjármunaskuldir. Lán voru tekin til að kaupa verðbréf en ekki rekstrareignir. Verð verðbréfa byggir ekki aðeins á bókfærðu verði eignanna heldur væntingum um vöxt og hagnað umfram það sem getur talist eðlilegt miðað við áhættuna sem tekin er. Áhættan eykst eftir því sem meira er greitt fyrir hagnað í óvissri framtíð. Þess vegna eru nýsköpunarfyrirtæki t.d. sérlega áhættusöm. Þeir sem keyptu hlutabréf árið 2004 hafa margir orðið svekktir þegar framtíðarhorfur gerbreyttust fimm árum síðar. Verðbréfin reyndust lítils virði en skuldirnar héldu hins vegar verðgildi sínu á meðan peningaverð þeirra hækkaði.

Fram undir aldamót voru hreinar fjármunaskuldir talsvert hærrí en eignirnar. Fyrirtæki skulduðu um 310 milljörðum meira en þau áttu í fjármunaeignum árið 2000 en síðan fóru fjármunaeignir að verða hærrí en fjármunaskuldir. Á þessum árum varð nokkur umbreyting á efnahagslífinu. Hreinar fjármunaeignir voru 274 milljarðar árið 2002 en síðan jukust þær mun hraðar en skuldirnar og

voru orðnar 3.268 árið 2005 og 5.954 milljarðar árið 2007. Árið 2008 urðu svo alger umskipti þegar skuldirnar hækkuðu og eignir féllu í verði. Þá voru hreinar fjármunaskuldir 7.707 milljarðar, þær voru 9.885 milljarðar árið 2009 en síðan hafa skuldirnar minnkað hraðar en eignirnar og skuldir umfram eignir hafa minnkað. Þær voru 4.625 milljarðar árið 2014, 5.259 milljörðum minni en árið 2009.

Langtímaskuldir eru stærsti einstaki skuldaliðurinn í framtölum rekstrar- aðila. Árið 2014 voru langtímaskuldir um 32,7% skulda fyrirtækja. Þá voru um 16,4% skulda rekstraraðila erlendar langtímaskuldir. Þá var ríflega fjórðungur skulda, 26,7%, skammtímaskuldir. Frá árinu 2008 hafa langtímaskuldir fyrirtækja minnkað um 8.698 milljarða og langtímaskuldir í erlendum gjaldmiðlum

hafa lækkað um 5.870 milljarða, samtals um 14.568 milljarða. Því voru um 97,8% skuldalækkunarinnar langtímaskuldir. Árið 2007 skulduðu fyrirtæki ríflega 4.043 milljarða í langtímaskuldum í erlendum gjaldmiðli. Ári síðar voru þessar skuldir komnar upp í 8.606 milljarða. Þær höfðu hækkað um 4.562 milljarða eða 112,8% á einu ári. Síðan hafa þessar skuldir lækkað um 5.870 milljarða og standa nú í 2.735 milljörðum. Árið 2014 voru um 16,6% skulda fyrirtækja í erlendum gjaldmiðli. Þar af voru erlendar skammtímaskuldir 33 milljarðar.

Þróun erlendra skammtímaskulda er reyndar mjög athyglisverð. Árið 2005 voru erlendar skammtímaskuldir 596 milljarðar. Þær voru 1.050 milljarðar árið 2006 og 1.632 milljarðar árið 2007. Ólíkt langtímaskuldunum minnkuðu skammtímaskuldirnar niður í 378 milljarða árið 2008 og hafa lækkað síðan ár frá ári.

## Eigið fé

Munurinn á eignum og skuldum fyrirtækisins er eign eigenda þess. Eigið fé samanstendur yfirleitt af hlutafé, lög- bundnum varasjóði, hagnaði sem hefur

verið endurfjárfestur í fyrirtækinu og fé sem hluthafar hafa greitt inn í fyrirtækið. Þegar búið er að selja eignir og greiða lánardrottnum stendur eigið fé eftir sem er eign hluthafa í fyrirtækinu. Það er það sem þeir hætta í rekstrinum og ef reksturinn gengur ekki sem skyldi er hætt við að hluthafar tapi sínum hlut í fyrirtækinu.

Fjármál hlutafélaga eru ekkert einkamál hluthafa. Eigið fé er yfirleitt minna en skuldir félagsins og því er alltaf hætt við því að óprúttir stjórnendur hafi hagsmuni eigenda félagsins í fyrirrúmi en skeyti engu um hagsmuni lánardrottna, viðskiptavina og jafnvel starfsmanna. Í viðskiptalífinu er það vel þekkt að skuldseigir menn gangi á bak orða sinna, standi ekki við gerða samninga, keyri allt í þrot og skilji aðra eftir í súpunni. Þá er spurning hvort að það sé þess virði að leggja í kostnaðarsöm málaferli til að reyna að ná fram rétti gagnvart mönnum sem ekkert eiga og einskis svífast.

Lánastofnanir standa frammi fyrir því að lána fyrirtækjum þar sem ábyrgð og tap eigenda takmarkast við eigið fé hluthafa en hluthafar geta grætt þeim mun meira því meira sem þeir taka að láni. Þegar ávinningur og áhætta eru vegin og metin kann það að vera kalt mat stjórnenda að hagsmunum hluthafa sé best borgið með því varpa hagsmunum annarra aðila að rekstrinum fyrir róða. Skuldir fyrirtækja eru iðulega hærrí en eigið fé og því er ljóst að lánardrottinn eiga oft mun meira undir því komið að reksturinn gangi heldur en hluthafarnir.

Þó að eigið fé fyrirtækisins sé eign hluthafa þá er það í reynd eign fyrirtækisins sem er sérstök löggjörð. Hluthafar geta því ekki ráðstafað eignum fyrirtækisins af eigin geðþótta. Hluthafar bera takmarkaða ábyrgð á skuldum fyrirtækisins en á móti kemur að reynt er að tryggja rétt annarra sem eiga hagsmuna að gæta í fyrirtækinu, annarra hluthafa og lánardrottna. Fjárhagur fyrirtækisins og eigenda er því aðskilinn með lögum og strangar reglur gilda um það hvernig hluthöfum ber að ganga um eitur félagsins, sérstaklega um alla úttekt verðmæta úr rekstrinum. Fjárhagur hlutafélaga er því ekki einkamál hluthafanna og ber hlutafélögum því meðal annars að skila ársreikningi til ársreikningaskrár.

Fyrirtæki sem eiga miklar skuldlausar eignir, eignir sem má hæglega selja til að mæta áföllum, og hafa grandvara og heiðarlega stjórnendur sem hafa getið sér gott orð eru augljóslega sterkari heldur

en fyrirtæki þar sem allt er haft í óreiðu og sukki. Lánastofnanir eru því tilbúnar til að lána traustum fyrirtækjum á hagstæðum vöxtum án frekari trygginga. Þannig fara hagsmunir lánardrottna og hluthafa saman í traustum fyrirtækjum undir styrkri stjórn ábyggilegra manna.

Það hefur verið áhugavert að fylgjast með því hvernig eigið fé félaga hefur þróast frá aldamótum. Árið 2000 var samanlagt eigið fé 1.018 milljarðar. Þá voru 4.335 fyrirtæki með neikvætt eigið fé sem var tæpir 65 milljarðar. Jákvætt eigið fé var því 1.084 milljarðar. Árið 2002 var eigið fé komið í 2.612 milljarða. Árið 2002 jókst eigið fé fyrirtækja um 1.050 milljarða eða 67,2%. Þá var neikvætt eigið fé 94 milljarðar.


Eigið fé jókst mjög hratt um miðjan fyrsta áratuginn. Það jókst um 1.407 milljarða árið 2004, 2.002 milljarða árið 2005 og 2.841 milljarð árið 2006. Árin 2004, 2005 og 2006 jókst eigið fé fyrirtækja um 44,5%, 43,8% og 43,2%. Þarna var samanlagt eigið fé allra fyrirtækja í landinu orðið 9.415 milljarðar og hafði ríflega 9,2-faldast á sex árum. Neikvætt eigið fé hafði aukist um 166,6%, ekki nándar nærri því eins mikið og eigið fé í þeim fyrirtækjum sem áttu eignir umfram skuldir. Eigið fé jókst um 1.718 milljarða árið 2007. Þarna náði eigið fé hámarki og stóð þá samanlagt í rúmum 11.133 milljörðum. Á þessum tíma var landsframléiðsla rúmum 2.000 milljarðar og eignir einstaklinga um 5.000 milljarðar.

Árið 2008 urðu svo alger umskipti þegar fjármálakerfi landsins hrundi til grunna og gott betur. Samanlagt eigið fé fyrirtækja lækkaði um 10.632 milljarða á einu bretti og stóð þá í 502 milljörðum. Það er reyndar merkilegt að á þessum örlagatímum var þó enn töluvert eigið fé í fyrirtækjunum en árið 2008 var eigið fé fyrirtækja sem áttu eignir umfram skuldir um 9.584 milljarðar. Á sama tíma voru 11.487 fyrirtæki sem skulduðu 9.683 milljörðum meira en þau áttu. Árið 2009 rýrnaði samanlagt eigið fé aftur um 4.456 milljarða. Skuldir voru þá 10.167 milljörðum hærri en eignir. Engu að síður var jákvætt eigið fé enn rúmar sjö billjónir. Eignirnar þurrkuðust út á sama tíma og skuldirnar héldu áfram að hækka.

Árið 2010 virðist hafa orðið nokkur breyting á. Þarna jókst samanlagt eigið fé um 144 milljarða og var þá 4.312 milljarðar. Síðan hefur það aukist frá ári til árs, samtals um 3.421 milljarð. Jákvætt eigið fé hélt þó áfram að minnka og var 1.846 milljörðum minna árið 2010 en árið áður eða 5.162 milljarðar. Það ýmist hækkaði

Milljarðar


## Rekstur og fjármögnun



Undir venjulegum kringumstæðum ætti ráðstöfunarfé fyrirtækisins að vera jafnt tekjum að frá-dregnu því sem rennur aftur til fjárfestinga. Á rekstrarhlíðinni er ráðstöfunarfé þannig jafnt rekstrar-hagnaði að frá-dreginni hækkun á rekstrareignum en á fjármögnunarhlíðinni ætti ráðstöfunarféð að vera jafnt vaxtagreiðslum og arði að frá-dreginni hækkun á skuldum. Myndin sýnir ráðstöfunarfé fyrirtækja í landinu námundað út frá rekstrarhlíð annars vegar og fjármögnunarhlíðinni hins vegar. Undir venjulegum kringumstæðum fylgist þetta nokkuð vel að. Þá sýnir þróun rekstrarhlíðar og fjármögnunar hversu mikið hefur verið greitt út úr fyrirtækjunum.

Milljarðar


## Úthlutaður arður og úttekt úr rekstri



Frá árinu 2002 og fram til ársins 2007 jukust arðgreiðslur og úttekt úr rekstri mikið. Mikið dró úr arðgreiðslum eftir hrun en árið 2009 voru 444 milljarðar teknir út úr fyrirtækjunum í landinu. Árið 2002 hafði úttektin verið um níu milljarðar. Ári síðar var úttekt úr rekstri 181 milljarðar. Það er ekki ólíklegt að þessi mikla aukning hafi orðið vegna félagslita eða gjaldþrota.

Milljarðar

## Laun, leiga, vextir og arður



Afrakstur af starfsemi fyrirtækisins skiptist á milli starfsmanna, leigusala, lánardrottna og eigenda fyrirtækjanna. Fyrir aldamótin voru laun og launatengd gjöld mun hærri en aðrar greiðslur út úr fyrirtækjunum. Frá árinu 2002 og fram til ársins 2007 jukust arður og vaxtagreiðslur mun hraðar en laun. Í hruninu lækkuðu laun en vaxtagreiðslur jukust. Árið 2009 voru launagreiðslur 711 milljarðar en vaxtagjöld umfram vaxtatekjur voru 705 milljarðar. Fram til ársins 2012 lækkuðu vextir og úttekt en hækkðu aftur árin 2013 og 2014.

eða lækkaði á árunum 2010 til 2014 en í árslok árið 2014 áttu félög skuldausar eignir sem voru metnar á 5.397 milljarða. Það er mikilvægt að hafa í huga að þegar fjallað er um eigið fé fyrirtækja þá er iðulega um aðskilin félög að ræða. Samanlagt eigið fé fyrirtækja þurkaðist út þegar fjármálastofnanir lentu í vandræðum og féllu saman. Aðstæður á alþjóðlegum fjármálamerkuðum breyttust sem hafði mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir hag landsmanna sem hafa þurft að glíma við afleiðingarnar á undanförunum árum. Þótt enn séu ýmis mál óuppperð verður ekki betur séð en að efnahagslífið sé nú aftur að færast í eðlilegt horf.

## Hlutafé

Eigið fé fyrirtækisins lýsir annars vegar tiltrú hluthafa á fyrirtækinu þar sem þeir eru tilbúnir til að leggja eigur sínar að veði í fyrirtækinu. Hins vegar tryggir það lánardrottna sem geta gengið að eigin fé fyrirtækisins ef ráðagerðir og áform renna út í sandinn. Hlutafé og varasjóður eru sá hluti eiginfjár sem ekki má greiða út og verður að vera til í félaginu til að tryggja stöðu annarra aðila en hlutahafa.

Árið 2000 var hlutafé skv. skattframtölum 545 milljarðar. Það jókst um 309 milljarða árið 2001 og 911 milljarða árið 2002. Árið 2005 var hlutafé fyrirtækja orðið 2.781 milljarður og hafði þá ríflega 5-faldast á fimm árum. Hlutafé fyrirtækja jókst um 1.006 milljarða árið 2006, minnkaði hins vegar um 186 milljarða árið 2007, en jókst svo aftur um 1.539 milljarða árið 2008 og stóð þá í 5.141 milljarði. Frá árinu 2008 fram til ársins 2014 minnkaði hlutafé íslenskra fyrirtækja um 3.131 milljarð og stóð þá í 2.009 milljörðum.

Það er út af fyrir sig áhugavert að nafnvirði hlutabréfa í eigu einstaklinga var ekki nema rúmum 53 milljarðar í árslok árið 2014 þannig að aðeins lítið brot hlutafjár í landinu er talið fram á skattframtölum einstaklinga. Mismunurinn er því í eigu annarra lögaðila, innlendra og erlendra. Fyrirtæki töldu fram hlutdeild í innlendum félögum upp á 3.136 milljarða. Hlutdeildin er ekki alltaf færð á nafnvirði og þá getur hún einnig verið margtalin þegar um eignarhaldsfélög er að ræða sem eiga hluti í öðrum eignarhaldsfélögum. Þá skila lífeyrissjóðir ekki skattframtali.

## Annað eigið fé

Hlutafé og lögbundinn varasjóður er yfirlétt aðeins hluti af eigin fé fyrirtækja. Annað eigið fé er hagnaður og framlög

til rekstrarins sem leggjast við eigið fé en tap, úttektir og arður dragast frá. Í upphafi ársins 2014 var samanlagt annað eigið fé fyrirtækja neikvætt um 5.430 milljarða en í lok árs hafði það hækkað um 814 milljarða og stóð í 4.616 milljörðum. Hagnaður var 789 milljarðar en útgreiddur arður var 215 milljarðar. Aðrar breytingar á eigin fé voru 250 milljarðar.

Eigið fé í lok árs samanstóð því af 2.009 milljörðum í hlutafé, 1.716 milljörðum í lögbundnum varasjóði en á móti stóðu 4.616 milljarðar í skuldum umfram eignir. Samanlagt eigið fé var því neikvætt um 891 milljarð. Jákvaðt eigið fé var rúmum 5.397 milljarðar en 11.687 fyrirtæki skulduðu 6.288 milljarða umfram eignir, þ.e. voru með neikvætt eigið fé.

## Úttekt og arður

Eigendur geta að ákveðnum skilyrðum uppfylltum greitt hagnað út úr félaginu. Þeir sem stofna félag eða kaupa hlutabréf vænta þess að fá hagnað af rekstri greiddan út sem arð og það sem ekki er greitt út sem hækkun á hlutabréfaverði. Lánardrottnar fá vexti, leigusalar leigu og hluthafar arð. Arðurinn er það sem er greitt til eigenda eða endurgjald eiganda af fjárfestingu sinni í fyrirtækinu. Arður er greiddur af eigin fé fyrirtækisins sem er hagnaður fyrri ára. Hluthafar vilja að þeim sé umbunað fyrir að mæta afgangi. Þeir vilja því fá hærri ávöxtun á eign sína í fyrirtækinu en lánardrottnar fá á lánin. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að vextir eru frádráttarþærir í rekstrinum en arður er greiddur út af hagnaði eftir skatta þá er augljóslega ódýrara að fjármagna verkefni með lánsfé en eigin fé hluthafa. Það er því hætt við að fyrirtæki taki meira að láni en góðu hófi gegnir sem getur komið þeim í koll eins og dæmin sanna.

Eins og gefur að skilja eru allar tekjur einstaklinga skattskyldar og því er hætt við því að þeir sem eru í aðstöðu til að taka verðmæti út úr fyrirtækjum geri það án þess að telja það fram sem tekjur. Úttekt úr rekstri er hins vegar skattskyld eins og ef um launagreiðslur væri að ræða. Eigið fé var lækkað um 12 milljarða árið 2014 vegna úttektar eigenda. Þetta er ekki ósvipuð upphæð og var tekin út úr félögum 2012 og 2013 en mun meira var tekið út úr félögum fyrir þann tíma. Árið 2005 var 41 milljarður tekinn út úr félögum, 101 milljarður var tekinn út árið 2006, 181 milljarður árið 2007, 69 milljarðar árið 2008 og 444 milljarðar árið 2009. Þá var önnur úttekt 181 milljarðar árið 2010.

Árið 2014 voru greiddir 215 milljarðar í arð. Þetta er 33 milljörðum meira en var greitt út árið 2013. Arðgreiðslur jukust umtalsvert upp úr aldamótunum. Þær náðu svo hámarki árið 2007 en þá voru þó ekki nema 248 milljarðar greiddir út í arð. Árið 2008 voru svo greiddir út 188 milljarðar til eigenda íslenskra fyrirtækja. Árið 2009 og 2010 voru 73 og 74 milljarðar greiddir út en síðan hafa arðgreiðslur farið vaxandi. Nú vantar ekki nema 33 milljarða upp á að arðgreiðslur verði jafnháar og þær voru árið 2007. Arður er ákveðinn og greiddur út af hagnaði fyrri ára. Arður sem var greiddur út árið 2014 er því greiddur af öðru eigin fé fyrri ára.

Það er áhugavert að einstaklingar töldu ekki fram nema 28 milljarða í arð af innlendum hlutabréfum. Rétt um 13% arðgreiðslna eru því talin fram hjá einstaklingum. Arður félaga af innlendum hlutabréfum var ekki nema 38 milljarðar, samtals töldu einstaklingar og félög því fram 66 milljarða í arð, sem voru um 30,8% þess arðs sem félög úthlutuðu. Lífeyrissjóðir eru ekki skattskyldir og skila því ekki skattframtali, frekar en góðgerðar- og líknarfélög sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Þá skila erlend félög ekki skattframtali hér á landi.

## Að lokum

Nú er brátt að verða liðinn heill áratugur frá því að efnahagslegt stórvirði skall á landinu með víðkunnum afleiðingum. Þegar rýnt er í kortin má glögglega rekja upphafið til ársins 2002. Þá hófst gríðarlegur uppgangur fjármálastarfsemi sem endaði með hrúni fimm árum síðar. Fyrirtækin í landinu þurftu að aðlaga sig gerbreyttum aðstæðum. Að öðrum fimm árum liðnum var landið að mestu komið fyrir vind og á lygnan sjó. Þó að enn séu ákveðin mál tengd hrúninu óuppperð bar ekki á öðru árin 2013 og 2014 en að rekstur fyrirtækjanna í landinu væri að komast í eðlilegt horf.

Reynslan sýnir að fjármögnun er úrslitaatriði í rekstri en það er ekki ofsagt að skuldaklaffinn hefur riðið mörgum heimilum, fyrirtækjum, þjóðum og ríkjum á slig, eins og dæmin sanna. Það er alltaf vissara að hafa borð fyrir báru. Nú þegar hefur hægst um verður fróðlegt að fylgjast með því í framhaldinu hvort að landsmenn hafi látið sér ósköpin að kenningu verða eða hvort að leikurinn verður hafinn að nýju þar sem frá var horfið. ■



Kristjana Ingimarsdóttir frá RSK ræðir við ráðstefnugest.

# UTmessan 2016

Hin árlega UTmessa var haldin í Hörpu 5. og 6. febrúar sl. en hún hefur verið haldin þar síðan 2011. Fyrri dag ráðstefnunnar voru haldnir fyrirlestrar um ýmis mál tengd því nýjasta í upplýsingatækni, s.s. um rafræn gagnamál, samfélagsmiðla, sýndarveruleika og upplýsingaöryggi. Fyrirlesarar voru víða að og er ljóst að gríðarleg þekking fór um Hörpu þessa helgi og sóttu margir aðilar úr íslensku atvinnulífi messuna sem uppselt var á. Á seinni degi ráðstefnunnar var svo öllum frjálst að koma og kynna sér viðburði sem í boði voru, en aðgangur þann dag var ókeypis. Hátt í 10.000 manns gerðu sér ferð í Hörpu á laugardeginum.

Ríkisskattstjóri var með bás á annarri hæð við innganginn að Silfurbergi og var þar kynntur rafrænn persónuafsláttur, rafræn skilríki og annað tengt rafrænni stjórnsýslu embættisins. Mikill áhugi var á rafrænum persónuafslætti og afnámi skattkorta og sýnd voru kynningarmyndbönd sem varða rafrænan persónuafslátt og skiptingar á honum. Margir áttu leið hjá og kynntu sér þær breytingar sem ýmist eru í vændum eða eru nú þegar komnar í framkvæmd.

Á lokahófi UTmessunnar voru UT-verðlaun Ský 2016 veitt og hlaut ríkisskattstjóri verðlaunin fyrir framúrskarandi framlag á sviði upplýsingatækni, fyrir að hafa skapað verðmæti og auðgað líf Íslendinga með hagnýtingu á upplýsingatækni.

TBT

# Aflandsfélög og upplýsingaskipti

Aflandsríki, skattaparadís, skattleyndarríki, skatthol, lágs-kattaríki – allt eru þetta hugtök sem hafa verið mikið í fréttum undanfarið í kjölfar gagnaleka frá Mossack Fonseca lögfræðiskrifstofunni í Panama. Lögfræðistofan er ein af þeim stærstu í Panama og hefur sérhæft sig í þjónustu við viðskiptavinum sem vilja lágmarka skattgreiðslur sínar. Þó svo að gagnalekinn og Panamaskjölin svokölluðu hafi beint sjónum almennings að Panama, Mossack Fonseca og þeim einstaklingum sem nú þegar hafa verið nafngreindir verður að hafa í huga að mun fleiri ríki og mun fleiri þjónustuaðilar veita sambærilega þjónustu. Panamaskjölin hafa í raun opnað augu almennings fyrir því hvers kyns þjónustu hægt sé að fá og hvaða leiðir hægt sé að fara viljir þú lágmarka skattgreiðslur þínar, dylja eignarhald, fjármagna glæpi og/eða hryðjuverkastarfsemi og þvo peninga. Hugtökinn sem nefnd voru hér að framan hafa á sér neikvæðan blæ þó svo að skattaparadís kunni að vekja upp myndir af heitum suðrænum pálmaeyjum í huga lesenda. Hugtökinn eiga það sameiginlegt að þau vísa til landsvæða þar sem lágir eða engir skattar eru lagðir á lögaðila, lagaumhverfið styður við leynd á raunveru-


legu eignarhaldi og lágmarkar skýrslugerð og -skil s.s. ársreikninga til yfirvalda.

Þá ber einnig að hafa í huga að það er ekki ólöglegt að stofna erlenda lögaðila og eiga eignir erlendis. Það er aftur á móti ólöglegt að gefa eignir og tekjur erlendis ekki upp til skatts í því ríki sem þú ert heimilisfastur og þá er að sjálfsgöðu ólöglegt að dylja eignarhald til þess að komast hjá réttmætum skattgreiðslum eða þeim skyldum sem lög um verðbréfavíðskipti, samkeppni o.þ.h. kveða á um. Ekki þarf að hafa fleiri orð um ólögmatið sem felst í því að fjármagna glæpi, hryðjuverkastarfsemi og peningaþvætti.

Að öllu þessu virtu þá hlýtur sú spurning að vakna af hverju fólk telji ástæðu til að flytja peninga og/eða eignir til erlendra lögaðila sem staðsettir eru í þeim ríkjum sem þekkt eru fyrir leyndarhjúp um starfsemi, því ekki er þessi þjónusta ókeypis. Sá ávinningur sem fæst hlýtur alltaf að þurfa að vera meiri en sá kostnaður sem lendir á skattaðilanum vegna aflandsfélagsins. Á heimasíðum þeirra sem sjá um ráðgjöf og þjónustu við aflandsfélög er oft að finna upptalningu á ástæðum fyrir því að setja á fót lögaðila í aflandsríki. Meðal ástæðna

er nefnt að hægt sé að fela eignir vegna dómsmála, aukin leynd vegna eignarhalds t.d. vegna erfðamála eða skilnaðar, þagnarskylda, lækkun skatta, dreifð fjárfestingaráhætta og möguleikar til að sniðganga ýmis lagaskilyrði. Af þessari upptalningu er ljóst að helstu ástæðurnar eru leynd og sniðganga af einhverju tagi. Í langflestum tilfellum er óhætt að halda því fram að stofnun lögaðila í lágs-kattaríkjum sé gerð í því skyni að dylja eignarhald og halda tekjum og/eða eignum frá skattlagningu á lögmætan og ólögmatan hátt. Lögaðilar sem stofnaðir eru í aflandsríkjum geta leitt til þess að skattar sparast á lögmætan hátt en í flestum tilvikum er um að ræða svokölluð skúffufyrirtæki sem ekki hafa neina raunverulega starfsemi og þar að auki virðast margir eigendur aflandsfélaga „gleyma“ eða ekki átta sig á þeirri skyldu sem á þeim hvílir að telja erlendu eignirnar, og eftir atvikum tekjurnar, rétt fram í heimaríkinu.

OECD, Evrópusambandið og Bandaríkin hafa á síðustu árum bent á skaðsemi þess að fela eignir og tekjur í aflandsríkjum og hafa barist fyrir auknu gagnsæi á þessu sviði. Á síðustu fimm árum hefur orðið gríðarmikil þróun og framför á þessu sviði þó svo að



Félög eins og lögfræðistofan Mossack Fonseca í Panama spila lykilhlutverk í stofnun svokallaðra aflandsfélaga. Margir velta eflaust fyrir sér hvernig þessir fjármagnshringir virki í raun og veru, hverjir séu þar í aðalhlutverkum og hverjir græða. Hér verður leitast við að skýra það á einfaldan hátt.

Tökum sem dæmi aðila sem á mikla fjármuni sem hann vill greiða sem minnsta skatta af. Hann snýr sér því til skattasérfræðings, t.d. í banka, og óskar eftir leiðbeiningum.

Eigandi fjármagnsins gæti flutt peningana í svissneskan banka og opnað þar reikning í eigin nafni en í kjölfar nýlegs regluverks í kringum upplýsingaskipti er það of áhættusamt. **Skattasérfræðingurinn** ráðleggur honum því að stofna félag á lágs-kattasvæði sem yrði eigandi banka-reiknings í Sviss. Skattasérfræðingurinn kemur ekki að stofnun félagsins. Hann veitir aðeins ráðgjöf, hvort sem viðskiptavinurinn vill vera á svæði þar sem alls engin skattheimta er til staðar eða mjög lítil. Skattasérfræðingurinn leiðbeinir viðskiptavininum því eingöngu inn á þau lágs-kattasvæði sem henta aðstæðum viðskiptavinarins best hverju sinni.



baráttan hafi staðið yfir í lengri tíma.

Á árinu 2000 birti OECD skýrslu þar sem listuð voru upp þau ríki sem telst vera skattaskjól samkvæmt ákveðnum mælistikum. Á árunum 2000 – 2002 samþykkti 31 ríki að gangast undir staðal um gegnsæi og upplýsingaskipti á sviði skattamála. Í dag eru engin ríki á þessum lista OECD þar sem þau hafa öll undirgengist nefndan staðal. Öll ríki sem máli skipta (helstu fjármála- miðstöðvar þar með taldar) hafa þannig í dag náð að uppfylla þær lágmarkskröfur sem OECD gerir til upplýsingaskipta skv. beiðni og gagnsæis í skattamálum. Í ljósi Panamalekans má spyrja hvort að ekki sé þörf á að gera ríkari kröfur um gagnsæi, bókhaldsskyldu, upplýsingaskyldu til stjórnvalda o.fl. eða hvort um sé að ræða ákveðinn fortíðarvanda. Ef gera á ríkari kröfur á þessu sviði kallar það á að nægilega mörg áhrifamikil ríki samþykki slíkar kröfur og að almennt verði samþykkt til hvers kyns viðbragða eigi að grípa samþykki önnur ríki ekki að gangast undir nýjar og strangari kröfur.

OECD hefur svo beitt sér fyrir gerð upplýsingaskiptasamninga á sviði skattamála og þurfa ríki að gera að minnsta kosti 12 slíka samninga ásamt því að uppfylla skilyrði í staðlinum svo þau lendi ekki á lista yfir ríki sem ekki eru samvinnufús. Til að tryggja rétta innleiðingu á staðlinum

og síðast en ekki síst til að tryggja rétta framkvæmd var ráðist í það verkefni að rýna framkvæmd og innleiðingu í öllum ríkjunum (e. Peer Review). Sú rýni leiddi í ljós ýmsa misbrestir hjá mörgum ríkjum. Til að mynda má nefna að á sumum stöðum höfðu yfirvöld ekki heimildir til að afla gagna frá skattaðilum eða þjónustuveitendum, þá var bókhaldsskylda oft lítil eða engin sem og skylda til að gera ársreikninga. Í þessum tilfellum var ríkjunum veittur frestur til að koma hlutunum í lag eða að öðrum kosti lenda á listanum ægilega. Þá er fyrirhugað að framkvæma aðra rýni svipaða þeirri sem fram hefur farið en með það að markmiði að skoða betur m.a. framkvæmd upplýsingaskipta og reynsluna af upplýsingaskiptasamningunum.

OECD hefur einnig beitt sér fyrir innleiðingu á staðli um upplýsingaskipti á fjárhagsupplýsingum. Þau ríki sem ekki hafa samþykkt að innleiða þennan staðal eru Panama og Bahrain. Samkvæmt staðlinum eiga ríki að skiptast á upplýsingum um fjárhagsreikninga og þá þurfa fjármála- stofnanir að innleiða nýja verkferla þegar fjárhagsreikningar eru stofnaðir.

Að síðustu má benda á BEPS verkefnið hjá OECD. BEPS stendur fyrir Base Erosion and Profit Shifting og hefur OECD sett fram aðgerðaráætlun til að berjast gegn tilfærslu og rýrnun skattstofna. Aðgerðaráætlunin

hefur að geyma úrræði fyrir stjórnvöld til að hindra skattaðila í að flytja skattstofna m.a. til ríkja sem leggja lítinn eða engan skatt á tekjur og eignir. Aðgerðirnar hafa að geyma lagabreytingatillögur, tillögur um breytta framkvæmd hjá stjórnvöldum, aukna upplýsingaskyldu og tillögur um breytingar á tvísköttunarsamningsfyrirmynd OECD. Í framtíðinni er svo gert ráð fyrir rýni á innleiðingu og framkvæmd ríkja á aðgerðaráætluninni.

Af framanrituðu má sjá að ýmislegt hefur gerst í baráttunni gegn skattaskjólum og ljóst að í nánustu framtíð verður áfram fókus á mál þeim tengdum. Lekinn á Panamaskjölunum sýnir okkur að halda verður baráttunni áfram og að ekki megi slaka á því að skattaðilar með einbeittan brotavilja reyna alltaf að finna nýjar leiðir. Þá hafa Panamaskjölin sýnt okkur hversu langt einstakir skattaðilar eru viljugir til að ganga til að hylja slóð sína með stofnun lögaðila í mörgum fjarlægum ríkjum og með flókin eignatengsl. Peningarnir sjálfir fara hins vegar ekki svo langt. Þeir eru alla jafna í Sviss eða Lúxemborg á meðan „eigendurnir“ eru skráðir í Panama, á Bresku Jómfrúareyjum og þess háttar stöðum. Raunverulegu eigendurnir eru svo m.a. á Íslandi, í Bretlandi, Norðurlöndunum eða Þýskalandi.



Félag í eigu fjármagns- eigandans

Le Monde

Skattasérfræðingurinn fær fyrirtæki eins og **Mossack Fonseca** til að stofna félag fyrir sig t.d. í Panama. Fyrirtækið sér um alla stjórnsýslulega vinnu í kringum stofnun aflandsfélagsins. Það hefur jafnframt yfir ákveðnum úrræðum að ráða til að auka ógegnisæi hvað raunverulegt eignarhald á félaginu varðar. Niðurstaðan er því að öllu er ráðstafað þannig að tengsl viðskiptavinar við aflandsfélagið eru algjörlega hulin.

Stærsti þáttur þess að viðhalda ógegnisæinu eru nokkurs konar „leikarar“ sem sitja í stjórnnum hundruða aflandsfélaga í stað raunverulegra eigenda þeirra. Þessir leikarar undirrita alla pappíra án þess að hafa nein

raunveruleg völd eða umráð í félaginu. Þeir eru algjörlega skáldaðir og sinna allri pappírsvinnu vegna félagsins.

Hafi fyrirtækið sinnt starfi sínu vel og sem skyldi kemur raunverulegur eigandi félagsins aldrei fram á sjónarsviðið. Þökk sé fyrirtækjum eins og Mossack Fonseca getur hann samt sem áður haft öll eðlileg umráð yfir félaginu og slóð raunverulegs eignarhalds er vel hulin. ■

ÁP/JGJ

# DÓMAR

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 281/2015

## Eftirgjöf skulda – lækkun á stofnverði

Með dómi Hæstaréttar Íslands sem kveðinn var upp þann 28. janúar 2016 var dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. janúar 2015, í máli sem A1988 hf. höfðaði á hendur íslenska ríkinu, staðfestur.

Málavextir eru þeir að áfrýjandi, sem áður hét HF. Eimskipafélag Íslands, gerði nauðasamning við kröfuhafa sína á árinu 2009. Nauðasamningurinn var staðfestur í Héraðsdómi Reykjavíkur og samkvæmt samningnum var ýmis rekstur áfrýjanda seldur og hluti af skuldum hans gefinn eftir. Samtals námu eftirgefnar skuldir kr. 90.992.523.593 og var sú eftirgjöf tekjufærð í skattframtali áfrýjanda 2010 vegna rekstrarársins 2009.

Í sama framtali færði áfrýjandi kr. 55.410.845.133 til frádráttar skattskyldum tekjum undir liðnum „Niðurfelldar skuldir færðar á móti fjárfestingu“. Áfrýjandi byggði gjaldfærsluna á 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga sem er svohljóðandi:

*„Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ.e. kaup- eða framleiðsluverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en að frádrægnum óendurkræfum styrkjum, afsláttum, eftirgjöfum skulda og skaðabótum sem til falla í sambandi við kaup þeirra, framleiðslu, breytingar eða endurbætur.“*

Umræddar skuldir voru vegna lána sem áfrýjandi tók vegna fjárfestinga á árunum 2004, 2006 og 2007 sem og lána sem tekin voru til að efna skuldbindingar til kaupa á hlutabréfum samkvæmt söluréttarsamningi.

Ríkisskattstjóri endurákvæðaði opinber gjöld áfrýjanda og felldi niður tilfærðan frádrátt. Sú endurákvörðun var kærð til yfirséðanefndar sem staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra. Í úrskurði yfirséðanefndar kom fram að umræddar skuldir hefðu verið gefnar eftir samkvæmt nauðasamningi áfrýjanda við kröfuhafa sína og voru þannig liður í almennri eftirgjöf skulda. Frádráttur áfrýjanda gæti þannig ekki byggst á 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga.

Fyrir héraðsdómi krafðist áfrýjandi þess að bæði úrskurður ríkisskattstjóra og úrskurður yfirséðanefndar yrðu felldir úr gildi með dómi. Til stuðnings kröfum sínum vísaði áfrýjandi til orðalags í 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga þar sem fram kemur að stofnverð eigna teljist kostnaðarverð þeirra að frádrægnum m.a. *eftirgjöfum skulda sem til falla í sambandi við kaup þeirra*. Taldi áfrýjandi að ákvæðið fæli í sér að fjárhæð eftirgefina skulda beri að draga frá kaupverði eigna þegar stofnverð þeirra er leitt fram.

Áfrýjandi benti á að þær skuldir hans sem felldar voru niður hafi stafað af lánnum sem veitt höfðu verið til fjárfestinga í eignarhlutum í félögum. Skuldarnar hafi þannig verið tilkomnar vegna kaupa áfrýjanda á tilteknum eignum. Í 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga væri ekki að finna skilyrði um að lækkun á stofnverði væri háð því að eftirgjöf skulda færi fram á sama tíma og kaup færu fram.

Áfrýjandi hafnaði jafnframt þeirri túlkun skattýfirvalda að ákvæði 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga ætti ekki við þar sem skuldir félagsins voru gefnar eftir við nauðasamning en ekki beint í sambandi við kaupin. Taldi áfrýjandi að ákvæðið bæri að skýra samkvæmt orðanna hljóðan. Ákvæðið sé ívilnandi og slík ákvæði verði að skýra rúmt og ekki þrengra en orðalag þeirra gefi til kynna.

Áfrýjandi hélt því ennfremur fram að þegar orðin *eftirgjöf skulda* í ákvæðinu væru skýrð yrði að taka mið af þeim aðstæðum sem reyni á í notkun þess. Álitafnið sé hvort að til skuldar hafi verið stofnað í sambandi við kaup eigna – eðli máls sam-

kvæmt hljóti eftirgjöfin að koma til síðar. Yrði fallist á túlkun skattýfirvalda þá hafi hugtakið hvorki efnislega merkingu í ákvæðinu til samræmis við kröfurétt né væri inntak þess skýrt í samræmi við eðlilega skýringu samkvæmt orðanna hljóðan.

Þá benti áfrýjandi á að ákvæði laga um tekjuskatt geri almennt ráð fyrir því að ekki komi til skattlagningar vegna tekjufærslu á eftirgjöf skulda. Í tilvikum áfrýjanda voru skuldir vegna kaupa á hlutum í félögum gefnar eftir í nauðasamningum. Tap af verðryrnun keypts hlutafjár sé ekki hægt að draga frá skattskyldum tekjum og því sé ekki rekstrartap til að færa á móti tekjufærslunni. Ójafnræði sé því með rekstrarfélögum sem ganga til nauðasamninga allt eftir því hvernig tap þeirra komi til. Rangur skýringarkostur af hálfu skattýfirvalda leiði þannig til ólöglegs ójafnræðis og er í andstöðu við skýrt orðalag 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga.

Að lokum vísaði áfrýjandi til ákvæða 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem gerð er sú krafa til skattalaga að þau séu skýr og ótvíræð. Ekki verði þannig lögð á önnur opinber gjöld en þau sem lög heimila og skýra þarf slíkar lagaheimildir þröngt.

Íslenska ríkið, stefndi, krafðist sýknu og til stuðnings kröfum sínum var vísað til þess að almenna reglan væri sú að stofnverð eigna sé kostnaðarverð þeirra sbr. 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga. Ákvæðið kveði svo á um tilteknar heimildir til frádráttar frá stofnverði, þ.á.m. eftirgefnar skuldir sem til falla í sambandi við kaup viðkomandi eigna.

Tilvitnað ákvæði heimili ekki að öll eftirgjöf á skuldum sem stofnað hefur verið til vegna eignakaupa komi til lækkunar á stofnverði. Þær skuldir áfrýjanda sem gefnar voru eftir voru eftirgefnar á grundvelli nauðasamninga en ekki á grundvelli kaupa á eignunum, breytinga á þeim eða endurbótum.

Stefndi benti á að ákvæði 12. gr. tekjuskattslaga væri skipað undir kaflaheitið *Sameiginleg ákvæði um söluhagnað eignar*. Þau atvik sem hafi bein áhrif á stofnverð eignarinnar skuli koma fram við ákvörðun á söluhagnaði þeirrar eignar. Bágar fjárhagsaðstæður skuldara hafi almennt ekki áhrif á stofnverð eignarinnar við ákvörðun söluhagnaðar.

Stefndi mótmælti þeirri fullyrðingu áfrýjanda að tekjuskattslög gerðu ekki ráð fyrir skattlagningu vegna tekjufærslu á eftirgefnum skuldum vegna nauðasamninga. Lögin kveði þvert á móti alveg skýrt á um að eftirgefnar skuldir vegna nauðasamninga skuli tekjufæra – ákvæði 3. tölul. 28. gr. laganna hafi að geyma undanþágu frá þessari skýru reglu sem taki til einstaklinga utan rekstrar. Vilji lög-

gjafans sé því alveg skýr hvað þetta varðar.

Stefndi benti á að heimilt væri að draga frá rekstrartekjum sannanlega tapað hlutfé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota og að hið sama eigi við um hlutfé sem fært hefur verið niður í kjölfar nauðasamninga. Þá taldi stefndi ekki unnt að fallast á að skattskylda eftirgjafa skuldar sé háð því að andvirði láns hafi verið varið til gjaldfæranlegra rekstraraðfanga eða að til staðar sé nýtanlegt rekstrartap.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að þær skuldir sem deilt er um og færðar voru niður á grundvelli nauðasamnings stefnanda við kröfuhafa hafi hvorki verið gefnar eftir í sambandi við kaup eða fjárfestingu áfrýjanda á eignarhlutunum. Samkvæmt beinni orðskýringu á 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga taldi dóm-

urinn að greint ákvæði væri nægjanlega skýrt og ótvírætt að þessu leyti og í samræmi við lögskýringarsjónarmið. Ekki væri því unnt að fallast á það með áfrýjanda að byggja gjaldfærsluna sem deilt var um á 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga.

Í forsendum Hæstaréttar Íslands kemur fram að ágreiningslaust sé að skuldir þær sem um ræðir hafi myndast í atvinnurekstri áfrýjanda. Samkvæmt gagnályktun frá 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga teldist þannig sú fjárhæð sem áfrýjandi fékk gefna eftir af skuldum sínum með nauðasamningi til skattskyldra tekna hans í skilningi 7. gr. tekjuskattslaga.

*Kröfum áfrýjanda var því hafnað og íslenska ríkið sýknað.*

## Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 282/2015

# Eftirgjöf skulda – tekjufærsla

Með dómi Hæstaréttar Íslands sem kveðinn var upp þann 28. janúar 2016 var dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp þann 21. janúar 2015 í máli sem A1988 hf. höfðaði á hendur íslenska ríkinu, staðfestur.

Málavextir eru þeir að áfrýjandi, sem áður hét HF. Eimskipafélag Íslands, gerði nauðasamning við kröfuhafa sína á árinu 2009. Nauðasamningurinn var staðfestur í Héraðsdómi Reykjavíkur og samkvæmt samningnum var ýmis rekstur áfrýjanda seldur og hluti af skuldum félagsins gefinn eftir. Samtals námu eftirgefnar skuldir kr. 90.992.523.593 og var sú eftirgjöf tekjufærð í skattframtali áfrýjanda 2010 vegna rekstrarársins 2009.

Ríkisskattstjóri féllst á, í kjölfar bréfaskrifta, með úrskurði dags. 22. september 2011 að leggja skattframtal áfrýjanda til grundvallar álagningu opinberra gjalda 2010 að gerðri þeirri breytingu að felldur var niður frádráttur að fjárhæð kr. 55.410.845.133 undir liðnum „Niðurfelldar skuldir færðar á móti fjárfestingu“. Í úrskurði ríkisskattstjóra var ekki hróflað við tekjufærslu áfrýjanda á eftirgefnum skuldum að fjárhæð kr. 90.992.523.593.

Áfrýjandi kærði úrskurð ríkisskattstjóra til yfirsattanefndar og krafðist aðallega ómerkingar á úrskurðinum og að framtalið yrði lagt óbreytt til grundvallar álagningu

opinberra gjalda. Til vara krafðist áfrýjandi þess að tekjufærslu eftirgefna skulda yrði hagað í samræmi við bráðabirgða-ákvæði XXXVI við tekjuskattslögin og að skattstofn hans yrði þannig lækkaður um kr. 7.422.423.853 frá því sem ákveðið var í úrskurði ríkisskattstjóra.

Yfirsattanefnd kvað upp úrskurð sinn 10. október 2012 og hafnaði kröfu áfrýjanda. Varakröfunni var vísað frá þar sem hún kom fyrst fram í kærnu til nefndarinnar og lá því ekki fyrir ákvörðun ríkisskattstjóra um það efni sem kærnanlegt væri til yfirsattanefndar.

Fyrir héraðsdómi krafðist áfrýjandi þess að viðurkennt yrði með dómi að ekki hafi myndast skattskyldar tekjur vegna eftirgjafar skulda áfrýjanda skv. nauðasamningi. Til stuðnings kröfum sínum vísaði áfrýjandi til þess að hann hefði ekki öðlast nein þau gæði sem metin yrðu til peningaverðs við eftirgjöf skuldanna.

Áfrýjandi vísaði til 1. mgr. 7. gr. tekjuskattslaga þar sem fram komi að til skattskyldra tekna teljist hvers konar gæði sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs. Líta verði til þess hvort þær skuldir sem eftirgefnar voru hafi falið í sér verðmæti fyrir áfrýjanda. Umræddar kröfur hafi verið verðlausar bæði fyrir hann og kröfuhafa.

Á þeim tíma sem nauðasamningur var undirbúinn var eigið fé áfrýjanda nei-

kvætt og greiðslugeta ekki til staðar fyrir þeim skuldum sem síðar voru gefnar eftir. Kröfurnar voru þannig verðlausar bæði að mati kröfuhafa og áfrýjanda. Eftirgjöfin leiddi þannig ekki til þess að áfrýjanda hlotnuðust skattskyldar tekjur í skilningi tilvitnaðs ákvæði tekjuskattslaga.

Áfrýjandi hélt því fram að hafi eftirgjöf skulda ekki valdið aukningu á hreinni eign skuldara þá teljist eftirgjöfin ekki tekjur. Skattaðilinn eigi þá ekki fyrir skuldinni og krafan þannig í raun verðlaus. Þetta leiði af eðli máls því valkosturinn við nauðasamning, þ.e. gjaldþrot, leiði til þess að ekkert greiðist upp í skuldinar umfram eignir. Greiðsla tekjuskatts af þeim skuldum sem gefnar voru eftir með nauðasamningi sé til þess fallin að skuldari verði aftur ógjaldfær sem geti svo aftur leitt til gjaldþrots. Slíkt sé í andstöðu við tilgang nauðasamninga.

Þá vísaði áfrýjandi til eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt. Í þeim lögum hafi verið að finna ákvæði sem kveðið hefði á um að eftirgjöf skulda teldist ekki til tekna ef sannast hefði við gjaldþrot, nauðasamning eða á annan fullnægjandi hátt að ekki væru til eignir fyrir skuldunum. Umrætt ákvæði hefði náð bæði til einstaklinga og lögaðila. Áfrýjandi hélt því fram að með lögfestingu á 3. tölul. 28. gr. laga nr. 40/1978, nú laga nr. 90/2003, hafi einstaklingar utan atvinnurekstrar verið

undanþegnir skatti af eftirgjöf skulda við nauðasamning þrátt fyrir að niðurfelling skuldanna fæli í sér að eigið fé þeirra yrði jákvætt. Orðalag í greinargerð með breytingunni benti ekki til þess að hröfla ætti við þeirri reglu sem gildir um verðlausar kröfur í atvinnurekstri.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og studdi kröfur sínar þeim rökum að tekjufærsla umræddra eftirgefina skulda stefnanda hafi verið í samræmi við ákvæði tekjuskattslaga.

Stefndi vísaði til ákvæðis 9. tölul. C-liðar 7. gr. tekjuskattslaga þar sem fram komi að til tekna teljist sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna sem eigi séu sérstaklega undanþegnar í lögunum eða sérlögum. Almenna reglan sé sú að allar tekjur, í hvaða formi sem þær eru, teljist til skattskyldra tekna með þeim undantekningum sem nánar sé mælt fyrir um í lögunum. Tekjuhugtakið sé þannig mjög víðtækt og taki til hvers konar gæða sem skattaðila hlotnast þar með talið þess ávinnings sem felst í því að lánardrottinn falla frá kröfum sínum.

Stefndi benti á að almennt væri stofnað til skulda í atvinnurekstri vegna kostnaðar við öflun rekstraráðfanga sem dreginn hafi verið frá tekjum. Eftirgjöf skulda í rekstri leiði því almennt til þess að tekjufæra beri þá fjárhæð sem skuldari þarf ekki að greiða. Þannig leiðréttist m.a. áður gjaldfærður rekstrarkostnaður.

Þá var á það bent af hálfu stefnda að í 28. gr. tekjuskattslaga sé upptalning á því hvað teljist ekki til tekna. Í 3. tölul. 28. gr. komi sérstaklega fram að eignaauci vegna eftirgjafar skulda samkvæmt nauðasamningi teljist ekki til skattskyldra tekna hjá einstaklingum utan rekstrar. Þannig sé í lögunum miðað við að eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri skuli teljast til tekna sbr. m.a. bráðabirgðaákvæði sem lögfest var með lögum nr. 104/2010. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 104/2010 kemur m.a. fram að í öllum tilvikum beri að telja til skattskyldra tekna eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri og að sú regla sé ótvíræð.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að óumdeilt sé að áfrýjandi

hafi fengið skuldir niðurfelldar með nauðasamningi við kröfuhafa. Þá sé jafnframt óumdeilt að áfrýjandi hafi tekjufært umrædda niðurfellingu.

Þá er í dómnum vísað til þess að ákvæði 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga beri að skýra samkvæmt orðanna hljóðan þannig að ef um er að ræða eftirgjöf skulda á grundvelli nauðasamnings og skuldirnar hafa myndast í atvinnurekstri beri að tekjufæra slíka eftirgjöf. Orðrétt segir svo í dómnum:

*„Þá telur dómurinn að málsástæður stefnanda um að eftirgjöf skuldanna hafi ekki haft í för með sér verðmætaukningu hjá stefnanda, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2003, eigi ekki við rök að styðjast, enda verður ekki betur séð en að eftirgjöfin hafi nýst honum við áframhaldandi rekstur fyrirtækisins.“*

Hæstiréttur Íslands staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna. Íslenska ríkið var þannig sýknað af kröfu áfrýjanda.

## Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 615/2015

# Hlutabréf – söluréttur – kaupréttur

Hæstiréttur staðfesti þann 28. apríl 2016 dóm Héraðsdóms Reykjavíkur og sýknaði íslenska ríkið af kröfum stefnanda.

Í málinu krafðist Þ þess aðallega að héraðsdómur yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað en til vara að tekjuskattsstofn hans, eins og hann hafði verið ákvarðaður með úrskurði ríkisskattstjóra og síðar úrskurði yfirsattanefndar, yrði lækkaður um 596.091.170 kr.

Málavextir voru þeir að með samningum í júní 2004 og september 2005 keypti FB ehf., sem Þ var einn eigandi að, hlutabréf í SF hf. af því félagi að nafnverði 50.000.000 kr. á árinu 2004 og 100.000.000 kr. á árinu 2005. Kaupsamningarnir kváðu á um það að félagið mætti ekki selja bréfin innan tveggja ára, auk þess sem Þ, sem var forstjóri SF hf. á þessum tíma, var óheimilt að veðsetja eða framselja eignarhlut sinn í FB ehf. á gildistíma samninganna. Þá gerðu félögin einnig með sér samning samhliða kaupsamningnum frá september 2015 sem veitti FB ehf. einhliða sölurétt og SF einhliða kauprétt á fyrrgreindum hlutum í SF hf. Þá var samningurinn útbúinn á þá leið að ekki hefði orðið neinn hagnaður af sölu

félagsins á þeim bréfum til SF hf. hvort sem sölu- eða kauprétturinn hefði verið nýttur, til dæmis ef Þ hefði látið af störfum að eigin ósk eða verið sagt upp störfum vegna vanefnda á starfskyldum sínum. Í júní 2006 var Þ sagt upp störfum af öðrum orsökum og við það varð sölu- og kauprétturinn á grundvelli samningsins ekki virkur. FB ehf. seldi hlutabréfin á almennum markaði viku síðar með verulegum hagnaði.

Með úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirsattanefndar voru opinber gjöld Þ vegna gjaldársins 2007 endurákvörðuð eins og umræddar tekjur væru tekjur hans vegna starfstengdra hlunninda. Í dómi Hæstaréttar kom fram að 1. mgr. 1. töluliðar A. liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt tæki bæði til nýrra og áður óþekktra tegunda starfstengdra greiðslna féllu þær á annað borð undir hina almennu skilgreiningu ákvæðisins. Hæstiréttur taldi að í samræmi við ákvæðið væri ekkert því til fyrirstöðu að skattyfirvöld tækju á álitamálum, sem slíki nýbreytni í starfstengdum greiðslum kynnu að fylgja, eftir því sem þau kæmu upp í skattframkvæmd. Þá var með vísan til efnis

samninganna og 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 fallist á með stefnda að líta skyldi framhjá því í skattalegu tilliti að hin starfstengdu hlunnindi hefðu með umræddum samningum verið látin falla einkahlutafélagi Þ í skaut, þar sem hann hefði notið hlunnindanna í raun. Verðmætin sem fólgin voru í hlunnindunum hefðu með réttu verið skattskyld hjá Þ sem tekjur samkvæmt 1. mgr. 1. töluliðar A. liðar 7. gr. laganna. Þá var talið að samningarnir hefðu haft sömu fjárhagslegu áhrif fyrir Þ og ef hann hefði fengið skilyrtan rétt til að kaupa hlutabréf í SF hf. vegna starfs síns hjá félaginu, sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003. Hæstiréttur sagði að við ákvörðun skattskyldra tekna áfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 1. töluliðar A. liðar 7. gr. laganna væri því rétt að líta til reglunnar í öðrum málslið 9. gr. auk meðalhófsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 og miða tekjurnar við mismun á kaupverði hlutabréfanna og söluverði þeirra, en við sölu hafa hefði fyrst komið í ljós hvert hefði verið raunverulegt virði hinna starfstengdu hlunninda Þ. Samkvæmt framansögðu var íslenska ríkið sýknað af kröfu Þ.

# Skattalegt heimilisfesti – föst búseta – lögheimili

Héraðsdómur staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra og sýknaði ríkisskattstjóra og íslenska ríkið af öllum kröfum stefnanda.

Í málinu krafðist stefnandi þess að úrskurður ríkisskattstjóra frá 20. febrúar 2015 yrði ógiltur en úrskurðurinn var þess efnis að ríkisskattstjóri taldi heimilisfesti stefnanda hér á landi og bæri hann þar með fulla og ótakmarkaða skattskyldu hérlandis samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, vegna tekna sinna og eigna á tímabilinu frá 5. mars 2003 til 10. janúar 2011.

Málavextir voru þeir helstir að stefnandi vann sem sjómaður hjá Sjólaskipum hf. og hafði unnið sem vinnslustjóri um borð í togurum félagsins sem voru við veiðar við Afríkustrendur og gerðir út frá Míritaníu. Á árunum 2006-2010 vann stefnandi á togaranum Alpha sem gerður var út frá Afríku.

Vinnufyrirkomulagið var í s.k. lotum, þ.e. tveggja mánaða úthald á sjó og einn mánuður í landi án vinnuskyldu. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi var stefnandi 242 daga á sjó árlega en var í fríu í 121 dag á ári. Frá árinu 2006 til og með ársins 2009 var vinnuskylda stefnanda með áþekku móti en árið 2010 var stefnandi 100 daga í útlöndum, 244 daga á Íslandi og 21 dag annars staðar.

Upphaf málsins er að rekja til ákvörðunar skattrannsóknarstjóra að hefja rannsókn á skattskilum stefnanda á árunum 2006-2010. Í kjölfar skýrslutöku sem stefnandi var boðaður í hjá skattrannsóknarstjóra var stefnanda birt skýrslan og honum gefinn kostur á að koma að andmælum, sem hann gerði. Að fengnum athugasemdum stefnanda tók skattrannsóknarstjóri saman nýja skýrslu um mál stefnanda og var þar m.a. tekin afstaða til andmæla hans. Í skýrslu skattrannsóknarstjóra kom m.a. fram að samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands þá hafi stefnandi verið með skráð lögheimili í Míritaníu frá 5. mars 2003 til 10. janúar 2011. Stefnandi hafi þó ekki lagt fram nein gögn þess efnis að hann hafi verið með skráð lögheimili erlendis eða haft þar fast aðsetur.

Skattrannsóknarstjóri sendi ríkisskattstjóra mál stefnanda til meðferðar þann 3. desember 2014, sbr. 6. mgr. 103. gr. tekjuskattslaga.

Í byrjun árs 2015 tilkynnti ríkisskattstjóri stefnanda að ekki yrði annað ráðið af skýrslu skattrannsóknarstjóra en að stefnandi hefði ekki fellt niður fasta búsetu hér á landi þrátt fyrir skráningu til Þjóðskrár og væri því fyrirhugað að kveða upp úrskurð þess efnis að stefnandi teldist ekki hafa fellt niður skattalegt heimilisfesti á Íslandi á tímabilinu frá 5. mars 2003 til 27. nóvember 2013. Stefnandi kom á framfæri skriflegum athugasemdum á þá leið að vinnuveitandi hafi skuldbundið sig til að hafa samskipti við stjórnvöld í Míritaníu en hafi stefnandi átt að vera skráður hér á landi hafi það verið á ábyrgð vinnuveitanda að sjá til þess, enda bæri vinnuveitanda að standa skil á greiðslu skatta. Þann 20. febrúar 2015 kvað ríkisskattstjóri upp úrskurð þess efnis að stefnandi teldist vera með skattalegt heimilisfesti og bæri þar með fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sbr. 1. gr. tekjuskattslaga.

Fyrir héraðsdómi voru málsástæður stefnanda þær að ríkisskattstjóra hafi borið að miða við það hvar stefnandi hafi átt lögheimili meiri hluta ársins eða stundaði aðalvatninn sína, enda hefði hann þar bækistöð, við mat á því hvar skyldi miða við að föst búseta stefnanda væri. Í þessu sambandi vísaði stefnandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 250/2012 en í þeim dómi var talið að ríkisskattstjóri væri ekki bundinn af því hvar lögheimili aðila væri né af tilkynningu um aðsetursskipti, heldur skipti það fyrst og fremst máli hvar aðili hefði fasta búsetu á því tímabili sem um var deilt.

Stefndu byggðu sýknukröfu sína á því að fjarvera stefnanda frá Íslandi hefði helgast af vinnu hans en ekki af því að hann hefði raunverulega fellt niður búsetu og heimilisfesti hér á landi. Var í þessu sambandi vísað til 2. mgr. 1. gr. tekjuskattslaga þar sem segir að í úrskurðarvaldi ríkisskattstjóra um heimilisfesti manna hér á landi felist það að

tekið sé mið af lögum nr. 21/1990, um lögheimili, eftir því sem við eigi. Stefndu vísuðu til skýrslu skattrannsóknarstjóra þar sem yrði með engu móti séð að stefnandi hafi átt lögheimili í Míritaníu í skilningi lögheimilislaga. Þá hafi stefnandi verið skráður í hjúskap allan þann tíma sem hann kvaðst hafa búið í Míritaníu, þ.e. frá mars 2003 til maí 2010 en samkvæmt skráningu í Þjóðskrá var eiginkona stefnanda skráð til lögheimilis hér á landi ofangreint tímabil, sbr. 7. gr. lögheimilislaga um lögheimili hjóna. Ennfremur vísuðu stefndu til þess að í dómaframkvæmd hafi það verið talið skipta mestu máli hvar einstaklingur hefði haft fasta búsetu á því tímabili sem um ræði, óháð lögheimilisskráningu í Þjóðskrá. Þannig sé tekið mið af raunverulegum aðstæðum viðkomandi eins og tengslum hans við landið, dvöl hans hérlandis, tekjuöflun, fjármálaumsvif, nýtingu þjónustu hins opinbera o.fl. og hafi stefnandi fullnægt öllum þessum viðmiðunum. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á það að hafa greitt skatta til míritanska ríkisins, þrátt fyrir tilmæli yfirvalda þar um.

Í niðurstöðu héraðsdóms var m.a. vísað til þess sem fram kom af hálfu stefnanda í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra, þ.e. að stefnandi hefði aldrei komið í húsnæðið sem vinnuveitandi hafði útvegað honum í Míritaníu. Þá hafi önnur atriði eins og ráðstöfun fjármuna hér á landi, fast heimili hjá eiginkonu og börnum og yfirlit eigna hérlandis, staðfest að föst búseta stefnanda hafi með réttu verið hér á landi en ekki í Míritaníu. Þar sem stefnandi hafi ekki orðið við áskorun stefndu um að leggja fram gögn þess efnis að stefnandi hafi raunverulega átt lögheimili í Míritaníu, talið þar fram og greitt skatta til míritanska ríkisins, þá teljist stefnandi vera heimilisfastur hér á landi og beri því fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi samkvæmt 1. gr. tekjuskattslaga á tímabilinu sem um ræddi. Voru stefndu því sýknaðir af kröfum stefnanda.

# Tekjuskattur – einkahlutafélag

Hæstiréttur Íslands staðfesti dóm héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. apríl 2015 og sýknaði þar með íslenska ríkið af kröfum áfrýjanda.

Í málinu var deilt um þá ákvörðun ríkisskattstjóra að færa áfrýjanda til tekna í skattframtali 2007, 115.735.507 krónur vegna láns sem Miðland ehf. lánaði áfrýjanda vegna kaupa hans á 50% hlutfjár í félaginu árið 2006. Á eyðublaði um kaup og sölu hlutabréfa sem fylgdi skattframtali áfrýjanda 2008 kom fram að fyrrgreint hlutfé í Miðlandi ehf. hafi verið selt á árinu 2007 og söluhagnaður að fjárhæð 305.942.716 krónur hafi verið færður áfrýjanda til tekna sem fjármagnstekjur í reit 3.8 í skattframtali og greiddi áfrýjandi því 10% í fjármagnstekjuskatt í ríkissjóð af umræddum söluhagnaði.

Komst ríkisskattstjóri að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum, dags. 21. desember 2012, að Miðland ehf. hefði lánað áfrýjanda fyrir kaupverðinu en slík lánveiting til hluthafa og stjórnarmanna félags væri óheimil samkvæmt lögum um einkahlutafélög og hlutafélög og skyldi teljast til skattskyldra gjafa. Vísaði ríkisskattstjóri til ákvæða 1. og 5. mgr. 96. gr. og 2. mgr. 4. töluliðar A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög til grundvallar breytingum sínum þess efnis að um tekjur en ekki fjár-

magnstekjur væri að ræða. Jafnframt bætti ríkisskattstjóri við 25% álagi skv. 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, við framangreinda hækkun skattstofns áfrýjanda gjaldárið 2007 og nam fjárhæð þess 28.933.877 krónum.

Áfrýjandi krafðist þess aðallega að ógiltur yrði með dómi úrskurður ríkisskattstjóra, dags. 21. desember 2012. Til vara krafðist áfrýjandi þess að tekjuskatts- og útsvarsstofni hans, samkvæmt sama úrskurði ríkisskattstjóra yrði breytt og hann lækkaður um sem næmi 28.125.000 krónum. Til þrautavara krafðist áfrýjandi þess að fellt yrði niður álag samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra að fjárhæð 28.933.877 krónur og stofn til tekjuskatts og útsvars lækkaður samsvarandi.

Til stuðnings kröfu sinni um ógildingu úrskurðar ríkisskattstjóra taldi áfrýjandi að frestur sem ríkisskattstjóra væri ætlaður til endurákvörðunar opinberra gjalda, sbr. 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003 hafi verið liðinn. Þá taldi áfrýjandi að rannsókn málsins hefði verið áfátt og ætti að leiða til ómerkingar þess. Þá taldi áfrýjandi að lánveitingin fæli ekki í sér varanlega yfirfærslu réttinda og fæli lánveitingin þar með ekki í sér tekjur fyrir viðtakanda lánsins skv. 7. gr. laga nr. 90/2003.

Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti féllst dómurinn á

það með stefnda, íslenska ríkinu, að ekki hefðu legið fyrir fullnægjandi upplýsingar í skilningi 2. mgr. 97. gr. í skattframtali áfrýjanda og hafi því frestur ríkisskattstjóra til endurákvörðunar árið 2012 á opinberum gjöldum áfrýjanda árið 2007 ekki verið liðinn. Var aðalkrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina á þessari forsendu. Þá féllst dómurinn ekki á þá málsástæðu áfrýjanda að rannsókn málsins hefði verið áfátt og að ríkisskattstjóri hefði ekki haft allar forsendur sem byggja mátti á í málinu. Þannig var ekki fallist á það með áfrýjanda að tilurð yfirtekinnar skuldar hefði eitthvað vægi í þessu sambandi.

Hvað snerti varakröfu áfrýjanda þá var ekki fallist á að yfirtaka áfrýjanda á skuld fyrri hluthafa við Miðland ehf. breytti því að um var að ræða fjármögnun félagsins vegna kaupa stefnanda á hlutum í því. Dómurinn taldi Miðland ehf. hafa fjármagnað kaup áfrýjanda á hlutum hans í félaginu og hafi því verið um að ræða lánveitingu andstæða 79. gr. laganna og taldi þannig lánsfjárhæðina frá Miðlandi ehf. til stefnanda í heild til skattskyldrar gjafar, sbr. 2. mgr. 4. töluliðar A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Þá taldi dómurinn annmarka á skattframtali áfrýjanda slíka að skilyrði væru til að beita álagi á vantalda skattstofna samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003.

# Hlutdeild í eignarrétti – gjöf

Hæstiréttur Íslands staðfesti dóm héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. júní 2014 og var því íslenska ríkið sýknað af kröfum áfrýjanda.

Í málinu var um það deilt hvort að eignir sem féllu stefnanda í skaut samkvæmt fjárskiptasamningi sem gerður var á milli hennar og fyrrum sambúðarmanns hennar, M, skyldu skattlagðar sem gjafir samkvæmt 2. málslið 4. töluliðar A. liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Samkvæmt fjárskiptasamningnum skyldi áfrýjandi fá í sinn hlut fasteign sem í samningnum var verðmetin að fjárhæð 50.000.000 kr., auk peningagreiðslu að fjárhæð 40.000.000 kr.

Áfrýjandi krafðist þess að úrskurður yfirskattanefndar yrði felldur úr gildi að hluta þannig að breytingar á opinberum gjöldum stefnanda árin 2007-2009, sem fólu í sér tekjuviðbót fyrir gjaldárin 2007 og 2008, féllu niður eða yrðu lækkaðar og að tekjuálag vegna framangreindra gjaldára yrði fellt niður eða lækkað.

Féllst Hæstiréttur ekki á ofangreint og taldi að um hefði verið að ræða eignayfirfærslu án nokkurs endurgjalds og væri því um gjöf að ræða samkvæmt ofangreindu ákvæði tekjuskattslaga. Þannig hefði áfrýjandi ekki lagt fram gögn um framlag hennar til eignarmyndunar í

sambúð hennar og fyrrverandi maka. Þá voru óverulegar tekjur stefnanda á þeim tíma sem sambúðin varði ekki taldar hafa skapað grundvöll fyrir hlutdeild í eignarrétti að ofangreindri fasteign og peningagreiðslu.

Hæstiréttur taldi málsmeðferð skattyfirvalda ekki hafa brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, 12. gr. laganna um meðalhóf eða 13. gr. þeirra um andmælarétt. Loks taldi Hæstiréttur ekki að skilyrði 3. mgr. 108. gr. tekjuskattslaga væru uppfyllt til þess að fella niður álag samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laganna.

# Viðbótarauðlegðarskattur

Í málinu krafðist stefnandi þess að felldar yrðu úr gildi ákvarðanir ríkisskattstjóra um álagningu viðbótarauðlegðarskatts á stefnanda vegna tekjuáranna 2010, 2011 og 2012 og að stefnda yrði gert að endurgreiða stefnanda 49.958.522 kr. með vöxtum. Stefnandi krafðist þess til vara að felld yrði úr gildi ákvörðun ríkisskattstjóra um álagningu viðbótarauðlegðarskatts á stefnanda vegna tekjuársins 2011 og stefnda gert að endurgreiða stefnanda 16.452.332 krónur auk vaxta.

Ágreiningsefni þessa máls snerist um lögmæti viðbótarauðlegðarskatts sem lagður var á stefnanda gjaldárin 2012, 2013 og 2014 vegna tekjuáranna 2010, 2011 og 2012 á grundvelli 24. gr. laga nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða XXXIII í lögum nr. 90/2003, lögum nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, og lögum nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. ákvæði til bráðabirgða XXXIX og XLVII í lögum nr. 90/2003.

Stefnandi taldi ofangreind bráðabirgða-ákvæði laga nr. 90/2003, fara í bága við meginreglu stjórnskipunarréttarins um meðalhóf þar sem álagning viðbótarauðlegðarskattsins hafi leitt til þess að stefnandi hafi glatað öllum eða næstum öllum ráðstöfunarrétti á tekjum sem hann aflaði þessi ár. Þá taldi stefnandi að álagning skattsins hefði falið í sér brot á ákvæðum 65., 72. og 76. gr. stjórnarskrár Íslands.

Stefndi taldi ekki mega jafna álagningu viðbótarauðlegðarskattsins við eignarnám skv. 72. gr. stjórnarskrár Íslands. Mörk eignarnáms og auðlegðarskatts væru auðséð og um eðlisólíka hluti væri að ræða. Annars vegar væri um að ræða eignarskattlagningu og hins vegar skyldu eiganda eignar til að láta hana af hendi að öllu leyti eða hluta gegn eignarnámsbótum. Stefnandi hafnaði því einnig að í auðlegðarskattinum fælist óheimil eignaupptaka, enda væri með eignaupptöku átt við það að hlutir eða önnur verðmæti, sem stæðu í tilteknu sambandi við refsiverðan verknað, væru með dómi eða sátt lagðir til ríkissjóðs án þess að endurgjald komi fyrir. Þá tók stefndi fram að auðlegðarskattur væri lagður á með almennum skilyrðum og hafnaði því að skatturinn bryti gegn jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr., enda mælti ákvæðið fyrir um bann við mismunun. Allir þeir sem væru í sambærilegri stöðu og stefnandi hefðu sætt sams konar álagningu auðlegðarskatts og viðbótarauðlegðarskatts. Það væri því ekki um að ræða mismunun í skilningi jafnræðisreglunnar.

Dómurinn taldi það eitt og sér að stefnandi hafi þurft að ráðstafa stórum hluta tekna sinna eins og þær voru á umræddum tekjuárum til greiðslu álagðra opinberra gjalda, þ.e. fjármagnstekjuskatts, auðlegðarskatts og viðbótarauðlegðarskatts ekki leiða til þess að lögin um auðlegðarskatt færu í

bága 72., 76. og 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Dómurinn taldi ennfremur að sú ákvörðun löggjafans að undanþiggja rétt manna til eftirlauna og lífeyris auðlegðarskattsstofni færi ekki í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar enda væri sú undanþága almenn og gilti um alla skattaðila, þar á meðal stefnanda. Þá yrði heldur ekki fallist á að þær forsendur sem lögju að baki auðlegðarskattinum færu í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þá yrði ekki talið að lög um auðlegðarskatt hafi farið í bága við meginreglur stjórnskipunarréttar um meðalhóf. Væri þá tekið tillit til þess markmiðs laganna að afla ríkissjóði tekna og til þess að draga úr fjárlagahalla og einnig þess að skatturinn hafi verið lagður á tímabundið og hafi verið með háu fríeignamarki. Niðurstaða dómsins var því sú að umrædd álagning viðbótarauðlegðarskatts hafi ekki farið í bága við 72., 76. og 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá féllst dómurinn ekki á það að lög um auðlegðarskatt hefðu falið í sér afturvirka skattlagningu er bryti í bága við 77. gr. stjórnarskrárinnar. Viðbótarauðlegðarskattsstofn stefnanda, sem deilt var um í málinu, var lagður á eignir stefnanda eins og þær voru í lok árána 2010, 2011, 2012, en lög um auðlegðarskatt öðluðust gildi 23. desember 2009, sbr. ákvæði til bráðabirgða XXXIII í lögum um tekjuskatt og 23. desember 2011, sbr. ákvæði til bráðabirgða XLVII í lögum um tekjuskatt.

# Virðisaukaskattur – innskattur

Hæstiréttur Íslands staðfesti dóm héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. maí 2015 og sýknaði þar með íslenska ríkið af kröfum áfrýjanda.

Í málinu var um það deilt hvort stefnanda, Vörðuholti ehf., hefði verið heimilt að nýta til frádráttar innskatti virðisaukaskatt sem félagið Gott mál ehf. hafði innheimt í útgefnum reikningum til stefnanda.

Stefnandi krafðist þess að stefnda yrði gert að þola ógildingunni úrskurðar yfirskattanefndar nr. 70/2014 og úrskurðar ríkisskattstjóra frá 16. september 2013.

Jafnframt krafðist stefnandi 2.816.680 kr. úr hendi stefnda auk nánar tilgreindra dráttarvaxta. Stefnandi krafðist þess til vara að felld yrði niður álag sem honum hafði verið gert að greiða samkvæmt ofangreindum úrskurðum.

Í málinu var það óumdeilt að Gott mál ehf. var ekki með opið virðisaukaskattsnúmer þegar innsköttun stefnanda átti sér stað og var stefnanda af þeim orsökum endurákvarðaður áður álagður virðisaukaskattur með úrskurði ríkisskattstjóra sem síðar var staðfestur með úrskurði yfirskattanefndar.

Í málatilbúnaði stefnanda var því haldið fram að honum hafi verið heimill umræddur frádráttur innskatts á þeim forsendum að útgefandi reikninganna, Gott mál ehf., hafi verið á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskiptin áttu sér stað og ætti stefnandi þar með rétt á að njóta innskattsfrádráttar með vísan til 2. málslíðar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Var því haldið fram af hálfu stefnanda að í ofangreindri laga-reglu fælist ekki að Gott mál ehf. hefði á sama tíma þurft að vera með opið virðis-

aukaskattsúmer. Af hálfu stefnda var því á hinn bóginn haldið fram að þessi tvö skilyrði færu saman og að ekki væri hægt að líta svo á að aðili með lokað virðisaukaskattsúmer gæti samt sem áður verið skráður á virðisaukaskattsskrá í skilningi ofangreindrar lagareglu.

Hæstiréttur gat tekið undir það með stefnanda að framsetning 2. málslíðar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 væri ekki að öllu leyti eins skýr og æskilegt væri. Máli sínu til stuðnings vísaði dómurinn til 5. gr. laga nr. 50/1988 og ákvæða reglugerðar nr. 515/1996, sbr. 8. gr. hennar, þar sem mætti ráða að lokun virðisaukaskattsnumers

annars vegar og afskráning af virðisaukaskattsskrá hins vegar, þyrfti ekki endilega að fara saman í öllum tilvikum líkt og byggt er á í málalíbúnaði stefnanda. Á hinn bóginn þá taldi dómurinn að regla 2. málslíðar 1. mgr. 16. gr. fæli það í sér að skattaðila bæri sjálfum að kanna það við færslu innskatts vegna einstakra viðskiptavina hvort viðsemjandinn hafi verið á virðisaukaskattsskrá þegar viðskiptin áttu sér stað. Þessu til stuðnings vísaði dómurinn til athugasemda með frumvarpi sem varð að lögum nr. 163/2010.

Dómurinn taldi að fyrirsvarsmönnum stefnanda hefði ekki getað dulist, að

undangenginni skoðun á upplýsingavef ríkisskattstjóra, að Gott mál ehf. var ekki með opið virðisaukaskattsúmer á þeim tíma þegar umrædd viðskipti áttu sér stað. Á grundvelli þeirrar staðreyndar mátti stefnanda vera það ljóst að ekki stæðu skilyrði til þess að Gott mál ehf. innheimti virðisaukaskatt af þjónustu sinni, sem stefnandi gæti fært til frádráttar innskatti eða að minnsta kosti hafi sú staðreynd gefið stefnanda ástæðu til að kanna málið betur.

Að framangreindu virtu staðfesti Hæstiréttur hinn áfrýjaða dóm og var íslenska ríkið þar með sýknað af kröfum áfrýjanda.

## Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-986/2015

# Starfslok – söluhagnaður – endurgjald

Stefnandi fór fram á það að úrskurður yfirsattanefndar (YSKN) nr. 93/2014, frá 7. maí 2014, og ákvörðun ríkisskattstjóra dags. 19. desember 2012, yrðu ógilt með dómi. Þá krafðist stefnandi þess að stefndi greiddi stefnanda allar ofteknar skattgreiðslur á grundvelli ákvörðunar ríkisskattstjóra og úrskurðar YSKN. Þá krafðist stefnandi þess jafnframt að aðfarargerð sýslumannsins á Vesturlandi yrði ógilt með dómi.

Ágreiningur málsins snerist í meginatriðum um það hvort að sá fjárhagslegi ávinningur sem stefnanda féll í skaut við uppgjör starfslokasamnings við Baug Group hf. árið 2007 skyldi teljast til tekjuskattstofns hans sem launþega skv. 1. tölul. 61. gr. laga nr. 90/2003, og kæmi þar með til skattlagningar eftir ákvæði 1. mgr. 66. gr. laganna í þeirri mynd sem ákvæðið var þegar atvik þessa máls áttu sér stað.

Taka þurfti afstöðu til þess í málinu hvort samningar þeir sem stefnandi gerði við BGE Eignarhaldsfélag ehf. og Baug Group hf. 5. desember 2003 og 8. mars 2006 og við Baug Group hf. 15. júní 2007 hafi veitt stefnanda slík sérkjör og verið í slíkum efnislegum tengslum við starf hans hjá félaginu að líta bæri á söluhagnað hans af bréfunum, þ.e. þann mismun sem var á innlausnarverði bréfanna eins og það var ákvarðað í kaupréttarsamningum 5. desember 2003 og 8. mars 2006 og því verði sem bréfin voru seld á samkvæmt starfs-

lokasamningi stefnanda 15. júní 2007 - sem endurgjald fyrir vinnu í skilningi 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003.

Samkvæmt málalíbúnaði stefnanda bar að skattleggja ofangreindar tekjur sem fjármagnstekjur skv. þágildandi 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 og í samræmi við það hvernig umræddar tekjur voru taldar fram í skattframtali stefnanda gjaldárið 2008. Í úrskurði yfirsattanefndar, sem stefnandi krafðist ógildingar á, komst nefndin að þeirri niðurstöðu að mismunurinn sem var á innlausnarverði hlutabréfanna samkvæmt þeim kvöðum sem lagðar voru á stefnanda í síðastnefndu samningnum og endanlegu söluverði bréfanna sem féll stefnanda í skaut við uppgjör starfslokasamningsins hafi falið í sér launatekjur eða samsvarandi tekjur til handa stefnanda.

Við mat á því hvort ofangreindar tekjur teldust launatekjur skv. A-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 eða fjármagnstekjur skv. C-lið sömu greinar, taldi dómurinn það hafa úrslitaþýðingu hvort að tekjurnar yrðu taldar endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt væri af hendi fyrir annan aðila, í skilningi 1. tölul. A-liðar 7. gr., en samkvæmt ákvæðinu falla þar undir „aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki.“ Þannig taldi dómurinn það mestu máli

skipta við mat á því hvort að ávinningur skattaðila samkvæmt samningnum um hlutabréfaviðskipti félli undir 1. tölul. A-liðar 7. gr. stæði í slíkum efnislegum tengslum við starfið að eðlilegt væri að líta á ávinninginn sem endurgjald fyrir vinnuframlag starfsmanns.

Dómurinn taldi hafið yfir allan vafa að þau kjör sem stefnanda voru veitt með samningunum 5. desember 2003 og 8. mars 2006 hefðu verið veitt í tengslum við starf hans hjá Baugi Group hf. og teldust því þar með starfstengd hlunnindi hans í skilningi 1. tölulíðar A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Féllst dómurinn ekki á þá málsástæðu stefnanda að fyrri samningnum hafi í reynd verið vikið til hliðar með gerð starfslokasamningsins, enda lægi fyrir að stefnandi hefði notið verulegs ávinnings af sölu hlutabréfa sinna í Baugi Group hf. en í úrskurði yfirsattanefndar var lagt til grundvallar að sá ávinningur og þar með skattskyld hlunnindi stefnanda hafi numið alls 217.438.562. Var það ennfremur ekki talið hafa þýðingu þótt stefnandi hafi fengið andvirði þessa fjár greitt í formi hlutabréfa í Stoðum hf., enda hafi því ekki verið haldið fram af hálfu stefnanda að hlutabréfin hefðu ekki endurspeglað það verðgildi sem að framan greinir þegar uppgjórið samkvæmt starfslokasamningnum fór fram.

Dómurinn taldi að samkvæmt eðli og innihaldi þeirra samninga sem stefn-



andi hafði gert við vinnuveitanda sinn ásamt þeim sjónarmiðum sem komið hefðu fram í rökstuðningi úrskurðar yfirsattanefndar að öðru leyti yrði að telja hafið yfir allan vafa að þau kjör sem stefnanda voru veitt með samningnum 5. desember 2003 og 8. mars 2006 hafi verið veitt í tengslum við starf hans hjá Baugi Group hf. og teldust því þar með starfstengd hlunnindi hans í skilningi 1. tölulíðar A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Þá

féllst dómurinn ekki á það með stefnanda að skattyfirvöld hafi brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnssýslulaga, nr. 37/1993, gegn jafnræðisreglu 11. gr. laganna og meðalhófsreglu 12. gr. laganna, auk ákvæða laga nr. 90/2003.

Dómurinn féllst því ekki á neinar málsástæður stefnanda um að slíkir annmarkar hafi verið á úrskurði yfirsattanefndar að ógilda bæri úrskurðinn og væri því ekkert tilefni í málinu til að fjalla um

kröfur stefnanda um ógildingu úrskurðar ríkisskattstjóra frá 19. desember 2012, endurgreiðslu ofttekinnna skattgreiðslna og ógildingu aðfarargerðar sýslumannsins á Vesturlandi, 5. mars 2015, enda væru kröfur og málsástæður stefnanda að því leyti bundnar þeirri efnislegu forsendu að fallist yrði á málsástæður stefnanda um ógildingu úrskurðar yfirsattanefndar.

Var stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.

## Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. maí 2016 í máli nr. E-5148/2014

# Tekjufærsla – endurtekin málsmeðferð

Í málinu krafðist S þess að úrskurður ríkisskattstjóra, dags. 21. desember 2012, og úrskurður yfirsattanefndar nr. 145/2014, dags. 18. júní 2014, þar sem endurákvörðuð voru gjöld stefnanda gjaldárin 2007, 2008 og 2009, verði felld úr gildi. Þá krafðist stefnandi þess til vara að fyrrgreindir úrskurðir ríkisskattstjóra og yfirsattanefndar yrðu felldir úr gildi að hluta og breytt á þá leið að 25% álag á endurákværðaða skattstofna samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003, að fjárhæð 400.316.000 krónur yrði felld niður.

Málavextir voru þeir að með úrskurði yfirsattanefndar sem staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra staðfesti nefndin að tekjur stefnanda vegna kaupa hans á hlutabréfum í Kaupþing banka hf. á grundvelli kaupréttar á árunum 2006, 2007 og 2008 bæri að skattleggja á Íslandi en ekki í Bretlandi. Yfirsattanefnd staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra um að færa bæri stefnanda til tekna sem laun samtals 1.601.264.000 kr. vegna tekjuáranna 2006, 2007, 2008 með vísan til 1. tölul. A-liðar 7. gr. og 9. gr. laga nr. 90/2003, að viðbættu 25% álagi að fjárhæð samtals 400.316.000 kr., sbr. 2. mgr. 108. gr. sömu laga.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hafði einnig skattamál stefnanda til skoðunar vegna sömu tekjuára en þeirri skoðun lauk með bréfi þann 23. desember 2010 þar sem sagði að ekki væri tilefni til frekari aðgerða af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Stefnandi taldi sig bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 2. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 og 16. gr. tvísköttunarsamnings á milli Íslands og

Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og hafi því skattlagningarrétturinn vegna kaupréttarins verið í Bretlandi en ekki á Íslandi. Stefnandi hélt því ennfremur fram að kauprétturinn hafi verið hluti af launakjörum hans sem starfsmanns Kaupþings banka en ekki sem stjórnarmanns. Þá taldi stefnandi að endurákvörðun ríkisskattstjóra og úrskurður yfirsattanefndar brytu gegn banni við endurtekinni málsmeðferð til úrlausnar um refsiverða háttsemi vegna sama atviks samkvæmt 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu (MSE).

Dómurinn tók undir með stefnda og taldi endurákvörðun ríkisskattstjóra ekki brjóta gegn 4. gr. 7. viðauka MSE enda væru ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ríkisins hliðsett stjórnvöld þar sem ríkisskattstjóri fari með skatteftirlit sem eftir atvikum ljúki með endurákvörðun opinberra gjalda, en skattrannsóknarstjóri með rannsókn skattsvika og annarra skattalagabrota og taki síðan ákvörðun um refsimeðferð í kjölfar rannsóknar. Sú staðreynd að skattrannsóknarstjóri hafi lokið rannsókn sinni á skattskilum stefnanda án refsingar hafi ekki áhrif á heimild ríkisskattstjóra til endurákvörðunar á opinberum gjöldum stefnanda og brjóti því ekki gegn 4. gr. 7. viðauka MSE sem kveði á um bann við endurtekinni málsmeðferð til úrlausnar um refsiverða háttsemi vegna sama atviks.

Hvað varðaði síðari málsástæðu stefnanda þess efnis að fara bæri með umræddar tekjur vegna kaupréttarins sem launatekjur en ekki stjórnarlausn þá vísaði

dómurinn í 5. másl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög en þar sé kveðið á um að formaður félagsstjórnar skuli ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin feli honum að vinna fyrir sig. Taldi dómurinn að umrædd verkefni sem stefnanda voru falin samkvæmt ráðningarsamningi hans við Kaupþing banka skyldu teljast til stjórnarstarfa stefnanda til viðbótar við þau almennu störf stjórnarformanns sem hann hafði áður tekið að sér. Væri því um að ræða tekjur vegna stjórnarsetu stefnanda í bankanum.

Þannig taldi dómurinn að samkvæmt 16. gr. tvísköttunarsamnings milli Íslands og Stóra-Bretlands og Norður-Írlands mætti skattleggja stjórnarlausn og svipað endurgjald í því ríki þar sem félagið sem greiði launin sé heimilisfast. Þannig eigi heimaland félags skattlagningarréttinn og skipti því ekki máli hvort hluti vinnunnar hafi verið inntur af hendi í heimalandi stjórnarmannsins.

Með vísan til 16. gr. tvísköttunarsamnings á milli Íslands og Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og 3. gr. laga nr. 90/2003 var það því niðurstaða dómsins að tekjur stefnanda vegna kaupréttar hans á hlutabréfum í Kaupþingi hf. væru skattskyldar á Íslandi. Þá þótti stefnandi ekki hafa sýnt fram á að aðstæður hafi verið með hætti sem greinir í 3. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 þannig að fella bæri álag niður og var því þeirri kröfu stefnanda einnig hafnað.

# Úrskurðir yfirskattanefndar

337/2015

## Fjármagnstekjuskattur sveitarfélags

Kærandi er sveitarfélag. Ágreiningur málsins varðar það hvort vaxtatekjur kæranda beri að ákvæða samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eða hvort um sé að ræða vexti af kröfum eða inneignum sem ekki séu tengdar atvinnurekstri í skilningi 2. mgr. 8. gr. sömu laga. Af hálfu kæranda er byggt á því í málinu að ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 eigi við í tilviki kæranda þannig að um tímaviðmiðun tekjufærslu vaxtatekna fari eftir sömu reglum og í tilviki einstaklinga, enda sé um að ræða vexti sem ekki séu tengdir atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi í skilningi greinds ákvæðis. Beri því að líta til þess hvenær vextir af kröfu hafi verið greiddir eða verið greiðslukræfir við tekjufærslu vaxta.

Í niðurstöðu yfirskattanefndar segir að vafalaust þyki að meðferð fjármuna sveitarfélaga og umsýsla henni tengd verði ekki talin til atvinnurekstrar í skilningi laga nr. 90/2003. Tekjufærslu vaxtatekna kæranda skuli því fara eftir ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003.

*Tekjufærsla vaxtatekna sveitarfélaga fer eftir ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003.*

340/2015

## Bifreiðaviðskipti einstaklinga talin skattskyld

Kærandur eru einstaklingar. Ríkisskattstjóri færði kærendum til tekna meintan vantalin söluhagnað vegna seldra bifreiða á árunum 2008 til og með 2012, sbr. 8. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 1. mgr. 16. gr. og 21. gr. sömu laga. Af hálfu kæranda er gerð krafa um lækun söluhagnaðar vegna sölu tilgreindra bifreiða. Ríkisskattstjóri taldi að kærandur hefðu selt 109 bifreiðar á umræddum árum og við ákvörðun söluhagnaðar tók hann að hluta

tillit til framlagðra upplýsinga um áfallinn kostnað, m.a. vegna váttrygginga og bifreiðagjalda.

Í niðurstöðu yfirskattanefndar segir að samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, teljist hagnaður af sölu lausafjár, sem ekki er heimilt að fyrna, að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Hagnaður í þessu sambandi teljist mismunur á stofnverði viðkomandi eignar og söliverði, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 90/2003. Í 2. mgr. 16. gr. laganna segi að hagnaður manns af slíkri sölu teljist þó ekki til tekna, enda geri hann líklegt að salan falli ekki undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans eða að eignarinnar hafi ekki verið aflað í þeim tilgangi að selja hana aftur með hagnaði. Samkvæmt því bæri það undir kærandur að sýna fram á að umrædd ökutæki hafi ekki verið keypt með það í huga að selja þau aftur með hagnaði. Í kærnu til yfirskattanefndar færðu kærandur rök fyrir því að 17 tilgreind ökutæki hafi verið til eigin nota og beri því að lækka tekjufærðan söluhagnað vegna sölu þessara ökutækja.

Í niðurstöðu yfirskattanefndar segir að við þær aðstæður að sýnt þyki að hagnaður af sölu lausafjár falli undir 1. mgr. 16. gr. laga nr. 90/2003, svo sem gildi í tilviki kæranda, verði að ganga út frá því að það gildi um öll slík viðskipti viðkomandi aðila á árinu hvort heldur hann hafi haft persónuleg not af hinu selda eða ekki, nema sérstaklega sé sýnt fram á annað. Taldi yfirskattanefnd að ekki hefði verið sýnt fram á að hagnaður af viðskiptum af 17 tilgreindum ökutækjum skyldi falla undir ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 90/2003. Tók yfirskattanefnd fram að miðað við úrskurðafrákvæmd á því sviði sem hér um ræðir yrði að telja að umfang þessara ökutækjaviðskipta einna, sem kærandur tiltaka að hafi ekki farið fram í hagnaðarskyni, hafi verið slíkt að borið hefði undir kærandur að færa að því sérstök rök að greint skattleysisákvæði tæki til viðskiptanna.

Yfirskattanefnd staðfesti því ákvörðun ríkisskattstjóra um að fara með söluhagnað kæranda af ökutækjaviðskiptum þeirra samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 90/2003, en telja verði að í henni felist hin almenna regla um meðferð söluhagnaðar af lausafé sem ekki er heimilt að fyrna og fellur ekki undir atvinnurekstur.

*Um söluhagnað af bifreiðaviðskiptum einstaklings fer samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 90/2003, þegar viðskipti eru umtalsverð og ekki er um atvinnurekstur að ræða.*

345/2016

## Arðsúthlutun umfram hlutafjáreign

Kærandi er eigandi 15,46% hlutar í A Ltd. sem skráð er á Ermarsundseyjunni Jersey. Eigendur annarra hluta í félaginu voru foreldrar kæranda með 53,62% og tvö systkini hans.

Arðsúthlutun úr félaginu nam kr. 54.000.000 á árinu 2009 og færði kærandi til tekna á skattframtali sínu arð að fjárhæð kr. 18.000.000 frá félaginu. Ríkisskattstjóri færði kæranda til tekna á skattframtali 2010 kr. 9.651.600 sem skattskylda gjöf samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, á þeim forsendum að greiðslan hefði ekki verið í samræmi við eignarhluta hans og að hluta arðgreiðslunnar yrði að virða sem gjöf frá foreldrum hans. Ríkisskattstjóri bætti 25% álagi á framangreinda tekjufærslu, sbr. 108. gr. laga nr. 90/2003. Við meðferð málsins hjá ríkisskattstjóra komu fram þær skýringar um tilhögun arðgreiðslna úr A Ltd. að foreldrar kæranda hefðu afsalað sér arðgreiðslum frá félaginu þar sem þau hefðu ekki verið í sérstakri fjárförf og kosið að eigið fé félagsins yrði ekki lækkað með frekari arðgreiðslum.

Í niðurstöðu yfirskattanefndar segir að samkvæmt íslenski löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög sé meginreglan

sú að allir hlutir skuli hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð hluta nema annað sé ákveðið í samþykktum félags, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 12. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Eftir því sem næst verði komist gildi sambærilegar reglur um félög með takmarkaðri ábyrgð á Jersey (e. limited company) þar sem A Ltd. var skráð, þ.e. meginregla um jafnan rétt hluta sem síðan er heimilt að víkja frá með ákvæðum í samþykktum eða öðrum sérstökum ráðstöfunum. Vafalaust sé að ef gerður er greinarmunur í samþykktum félags á rétti hluthafa til arðs beri almennt að byggja á því við skattlagningu samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, enda liggi þá fyrir áður en til arðsúthlutunar kemur að hluthafi eigi ekki kröfu á hendur félaginu til frekari arðs en leiði af samþykktum. Öðru máli gegni hins vegar ef ójöfn skipting arðs er eingöngu byggð á samkomulagi hluthafanna sjálfra sín á milli um aðra réttarstöðu að þessu leyti en leiði af lögum og samþykktum, enda sé félagið jafnan ekki aðili að slíkum samningum og ekki bundið af þeim. Við skattlagningu arðs í slíkum tilvikum verði því að byggja á meginreglu laga um jafnan rétt miðað við fjárhæð hluta. Við arðsúthlutun sæti hluthafi því skattlagningu þess arðs sem hann á rétt á samkvæmt samþykktum félags. Af þessu þyki jafnframt leiða að skattleggja beri ávinning annarra hluthafa af slíkum samningi, sem hafi í för með sér greiðslur vegna arðsúthlutunar umfram hlutafjáreign, sem gjöf í skilningi 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003.

Af hálfu kæranda hafi ekki verið sýnt fram á það í málinu að hluthafar í A Ltd., sem voru eigendur 53,62% hlutafjár í félaginu þegar til arðsúthlutunar kom á árinu 2009, hafi ekki átt rétt til arðs í samræmi við eignarhlut sinn í félaginu í samræmi við framangreint. Að þessu virtu og eins og málið lá fyrir var fallist á með ríkisskattstjóra að virða bæri hinar umdeildu greiðslur til kæranda í tengslum við arðsúthlutun A Ltd. sem beina gjöf til hans samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 að því marki sem þær voru umfram hlutafjáreign kæranda í hinu erlenda félagi. Kröfu kæranda var því hafnað. Álagsbeiting ríkisskattstjóra var staðfest.

*Arðsúthlutun umfram hlutafjáreign ber að skattleggja sem gjöf.*

**354/2015**

### **Tekjufærsla vegna sölu bréfa á óeðlilega háu verði til eigin félags**

Ríkisskattstjóri færði kæranda til skattskyldra tekna í skattframtölum hans árin 2009 og 2010, samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 4. tölul. C-liðar 7. gr. sömu laga, mismun á söluverði hlutabréfa við sölu þeirra frá kæranda til A Holding SA og matsverði hlutabréfanna samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra, sbr. 2. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003. Var annars vegar um að ræða sölu hlutabréfa í X ehf. að nafnverði 100.000.000 kr. fyrir sömu fjárhæð á árinu 2008 og hins vegar sölu hlutabréfa í Y Invest að nafnverði 5.706.832 kr. fyrir 100.000.000 kr. á árinu 2008 og að nafnverði 3.638.750 kr. fyrir 45.397.961 kr. á árinu 2009. Voru breytingar ríkisskattstjóra byggðar á því að kærandi hefði selt A Holding SA, er væri að öllu leyti í eigu hans og barna hans, umrædd hlutabréf á óeðlilega háu verði í skilningi 2. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 og að mismunur söluverðs og matsverðs fæli í sér úthlutun verðmæta af fjármunum A Holding SA til kæranda. Ríkisskattstjóri taldi hlutabréfin í X ehf. einskis virði við sölu en lagði mat á gangverð hlutabréfa í Y Invest, sem er skráð í Danmörku, á grundvelli upplýsinga um bókfært verð eigin fjár félagsins í ársreikningum þess, þ.e. svokallað innra virði. Við hækkan fjármagnstekjuskattstofns kæranda gjaldárin 2009 og 2010, sem af framangreindum breytingum leiddi, bætti ríkisskattstjóri 25% álagi samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003. Af hálfu kæranda er þess aðallega krafist að úrskurður ríkisskattstjóra verði felldur úr gildi í heild eða að hluta. Til vara er krafist niðurfellingar 25% álags.

Fram kom í málinu að aðaleign X ehf. voru hlutabréf í E hf. Hlutabréf í því félagi urðu verðlaus í október 2008. Byggði ríkisskattstjóri á því að sala bréfanna hefði átt sér stað þann 8. október 2008 þegar greiðsla vegna viðskiptanna fór fram. Yfirskattanevnd taldi að kærandi hefði ekki sýnt fram á að sala hlutabréfanna hefði farið fram fyrr á árinu.

Yfirskattanevnd þótti einsýnt með vísan til gagna málsins að söluverð hlutabréfanna í X ehf. af hendi kæranda til A Holding SA hafi verið óeðlilega hátt. Þá hafi ekki neitt staðið því í vegi að ríkisskattstjóri ákvarðaði matsverð á þeim grundvelli sem hann gerði, enda yrði að telja óyggjandi að hlutafjáreign kæranda í X ehf. hafi verið verðlaus eða því sem

næst verðlaus í hendi kæranda við ráðstöfun hennar til A Holding SA þannig að hin umdeilda tekjuviðbót hafi ekki verið ofákvörðuð. Samkvæmt þessu varð krafa kæranda ekki tekin til greina á þeim grundvelli að ákvæði 2. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 tæki ekki til viðskiptanna. Að því athuguðu og þar sem ekki var út af fyrir sig ágreiningur um skattlagningu teknanna hjá kæranda sem arðstekna samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 4. tölul. C-liðar 7. gr. sömu laga, var kröfum kæranda varðandi þetta kæruatriði hafnað.

Við verðmat hlutabréfa í A Holding SA miðaði ríkisskattstjóri við hlutfall eigin fjár af skráðu heildarhlutafé félagsins, þ.e. innra virðis félagsins í árslok 2008 og 2009, en samkvæmt því hefði gengi bréfanna í viðskiptunum átt að vera 0,900 en ekki 17,523 fyrra árið og 0,950 en ekki 12,476 síðara árið. Í þeim tilvikum þegar glöggra upplýsinga nýtur ekki um gangverð hlutabréfa í viðskiptum taldi yfirskattanevnd að almennt væri viðhlítandi að byggja mat á gangverði hlutabréfa á bókfærðu verði eigin fjár viðkomandi félags samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi þess, sbr. lög nr. 3/2006, um ársreikninga. Taldi yfirskattanevnd því að ekkert hafi staðið því í vegi að ríkisskattstjóri ákvarðaði verðmæti hinna seldu hlutabréfa í A Holding á þeim grundvelli sem hann gerði. Var krafa kæranda um ógildingun hinna umræddu breytinga og niðurfellingu álags því ekki tekin til greina.

*Sala eigna til eigin félags á óeðlilega háu verði – yfirverð skattlagt sem arður.*

**10/2016**

### **Virðisaukaskattur - Skilgreining á hugtakinu „einkalofftar“, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988**

Kærandi er einkahlutafélag og hefur samkvæmt samþykktum frá 31. desember 2002 að tilgangi innflutning, kaup, sölu og útleigu flugvéla, rekstur flugvéla og fasteigna, flugkennslu og aðra skylda starfsemi, lánastarfsemi sem og ráðgjöf. Samkvæmt eignaskrá með skattframtali kæranda árið 2010 átti félagið í ársbyrjun 2009 þrjár flugvélar, en tvær þeirra voru seldar á árinu. Samkvæmt skýrslu stjórnar með ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2009 voru eigendur félagsins tveir með jafnan eignarhlut. Fram kom af hálfu kæranda að kærandi væri „flugklúbbur með útleigu loftfara“ og

leigði út loftför til aðila „sem nota flugvélina fyrir sjálfa sig og farþega sína“. Einnig kom fram hjá kæranda að margir leigutakar flugvéla í eigu kæranda séu atvinnuflugmenn sem taki loftför á leigu í þeim tilgangi að viðhalda flugréttindum sínum. Samkvæmt fyrrgreindum ársreikningi fyrir rekstrarárið 2009 voru tekjuliðir kæranda á því ári þrífættir, þ.e. tekjur af félagsaðild, félagsgjöld og gjöld fyrir æfingaflug. Ráðið varð af umfjöllun ríkisskattstjóra að fyrstnefndur liður fælist í eingreiðslu fyrir aðild að þjónustu kæranda, en það nefnir kærandi „inn-göngu félaga í flugklúbbinn“. Umrædd „félagsgjöld“ virðast samkvæmt því sem rakið er í greindu bréfi fela í sér mán-aðarlegar greiðslur leigutaka flugvéla, en

falist hafi í útleigu loftfara án flugmanns. Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga þessara, sbr. a-lið 48. gr. laga nr. 111/1992, telst sala og útleiga loftfara og skipa ekki til skattskyldrar veltu. Tekið er fram að undanþágan nái þó ekki til skipa sem eru undir sex metrum að lengd, „skemmtibáta eða einkalofftara“. Ekki er að finna í ákvæðum laganna skilgreiningu á hugtakinu „einkalofftör“. Þá verður ekki séð að í öðrum settum lögum sé að finna skilgreiningu á þessu hugtaki. Í reglugerð nr. 904/2005, um flug loftfara í millilandaflugi um íslenska lofthelgi, hljóðar skilgreining í 2. gr. reglugerðarinnar, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 60/1998, um loftferðir, þannig: „Flugstarfsemi, sem stunduð er fyrst og fremst ánægjunnar

flutningaflugi („Starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi“) og verkflugi („Starfræksla loftfars í sérhæfðri starfsemi og þjónustu, svo sem í landbúnaði, byggingavinnu, við ljósmyndun, landmælingar, athuganir og eftirlit úr lofti, leit og björgun, auglýsingaflugi o.s.frv.“). Skilgreiningar í eldri reglugerðum um þessi efni, sbr. reglugerð nr. 488/1997, um almannaflug, og þar áður reglugerð nr. 142/1991, um almannaflug, voru með hliðstæðum hætti, þó þannig að notuð voru hugtökin „atvinnuflug“ eða „atvinnuflutningar“ um flutningaflug.

Við skýringu á umræddu ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 verður að hafa í huga að um undantekningu er að ræða frá meginreglu 1. mgr. 11. gr. laganna um að öll sala eða afhending vöru eða þjónustu teljist til skattskyldrar veltu. Verður það ekki skýrt rýmri skýringu en felst í beinu orðalagi þessu. Telja verður að það sé í samræmi við almennan mál-skilning að flugvél sem notuð er til eigin nota umráðanda hverju sinni (hér leigutaka) teljist einkalofftar. Að þessu virtu og með vísan til skilgreiningar loftferðalög-gjafar á hugtakinu einkaflug þykir rétt að byggja á þessum skilningi, sbr. og skattframkvæmd. Eins og fyrr segir verður lagt til grundvallar að loftför kæranda hafi verið notuð eingöngu í eigin þágu þess aðila sem hafði leiguumráð þeirra, þannig að um einkaflug hafi verið að ræða. Í samræmi við framanritað verður því talið að um útleigu einkalofftara í skilningi 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 hafi verið að ræða í tilviki kæranda.

Samkvæmt framansögðu þótti ríkisskattstjóri réttilega hafa fært rekstrartekjur kæranda á árinu 2009 í reit 1010 í skattframtali félagsins árið 2010. Jafnframt var fallist á það með ríkisskattstjóra að tilgreindar tekjur kæranda af félagsgjöldum og félagsaðild fælu í sér endurgjald fyrir veitta þjónustu, þ.e. afnot af loftförum og flugaðstöðu félagsins, þannig að rétt væri að telja þær tekjur allar í greindan reit skattframtalsins, sbr. einnig ákvæði um skattverð til virðisaukaskatts í 7. gr. laga nr. 50/1988, svo og til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands frá 4. nóvember 2004 í málinu nr. 189/2004 (Spölur ehf. gegn íslenska ríkinu). Kröfu kæranda var því hafnað.

*Starfsemi kæranda sem m.a. leigði út flugvélar til viðhalds flugréttinda talin virðisaukaskattsskyld.*

gjöld fyrir æfingaflug væru innheimt á grundvelli flug tíma viðkomandi „félagsmanns“. Af hálfu ríkisskattstjóra hefur verið litið á alla fyrrgreinda tekjuliði sem endurgjald fyrir veitta þjónustu kæranda sem fólgin væri í útleigu loftfara. Þá taldi ríkisskattstjóri að endurgjaldið gæti ekki fallið undir undanþáguákvæði 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988. Hvað þetta varðar vísaði ríkisskattstjóri til þess að í skattframkvæmd hefði verið litið svo á að umrætt undanþáguákvæði tæki aðeins til loftfara sem skráð væru sem atvinnu-loftför í loftfaraskrá flugmálastjórnar, enda væri rekstraraðili einnig handhafi tilskilinna leyfa til atvinnuflugs, þ.e. flugrekstrarleyfis samkvæmt 80. gr. laga nr. 60/1998, um loftferðir.

Út af fyrir sig er ekki deilt um að á árinu 2009 hafi kærandi haft með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, sem

vegna eða til öflunar frekari réttinda og ekkert endurgjald kemur fyrir. Það telst ekki til endurgjalds þótt þátttakendur í fluginu skipti með sér beinum kostnaði vegna þess. Það telst einkaflug þótt maður fljúgi í tengslum við starf sitt, ef hann hefur hvorki hagnað af rekstri loftfarsins né fái hann greitt sérstaklega fyrir að stýra því.“ Sama skilgreining kemur fram í reglugerð nr. 400/2008, um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands. Virðist hugtakið notað í þessum skilningi að því leyti sem það er að finna í lögum, sbr. 28. gr. f. laga nr. 60/1998, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2009. Einkaflug í þessum skilningi telst almannaflug samkvæmt 28. gr. e. sömu laga, en svo gildir einnig m.a. um kennsluflug, sbr. m.a. reglugerð nr. 694/2010, um almannaflug flugvéla, þar sem almannaflug er skilgreint sem „Flug loftfars, annað en flutningaflug eða verkflug“, sbr. og þargreindar skilgreiningar á

28/2016

## Söluhagnaður vegna sölu greiðslumarks - Frestun færð á íbúðarhúsnæði - Ekki talið að um lok búrekstrar hafi verið að ræða

Skattframtali kæranda árið 2014 fylgdi landbúnaðarskýrsla vegna búrekstrar þeirra. Þar færðu þau til tekna frestaðan söluhagnað vegna sölu á fullvirðisrétti (greiðslumarki) frá árinu 2011. Umræddur söluhagnaður var færður til lækkunar stofnverði íbúðarhúsnæðis. Söluhagnaðinum hafði verið frestað um tvenn áramót samkvæmt heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Taldi ríkisskattstjóri að kærendum væri óheimilt að færa söluhagnaðinn til lækkunar stofnverði íbúðarhúsnæðis þar sem skilyrðum 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003 væri ekki fullnægt.

Hjá yfirsattanefnd kom fram að í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003 sé áskilið að skattaðili noti hið keypta húsnæði fyrir eigin íbúð í a.m.k. tvö ár eftir kaupdag. Með hliðsjón af því og tilgangi að baki ákvæðinu hafi það verið skýrt svo í skatt- og úrskurðaframkvæmd að almennt hljóti slík endurfjárfesting í íbúðarhúsnæði, sem lagaákvæðið fjallar um, að tengjast búskaparlokum. Af hálfu kæranda kom fram að þau hefðu selt mestan hluta eigna tengdum búrekstri sínum á árinu 2011, þ.e. eignir vegna mjólkurframleiðslu og nautgriparæktar, en haldið eftir eignum sínum tengdum sauðfjárrækt. Með kaupsamningnum hafi kærundur þó einnig skuldbundið sig til að selja kaupandanum hinar undanskildu eignir eigi síðar en á árinu 2020 og kaupandi að sama skapi skuldbundið sig til að kaupa þær eignir innan sama tíma. Í málinu er ágreiningslaust að kærundur stunda enn búrekstur á jörðinni, þ.e. sauðfjárrækt, enda verður að líta svo á að með greindum kaupsamningi hafi kærundur áskilið sér slík not af jörðinni a.m.k. til ársins 2020. Fram kom hjá ríkisskattstjóra að samkvæmt þjóðskrá væri lögheimili kæranda einnig skráð á bújörðinni. Er búrekstrarlokum þannig ekki fyrir að fara í tilviki þeirra né verður talið að um slíkar breytingar hafi verið að ræða á starfseminni sem jafna megi til búrekstrarloka. Taldi yfirsattanefnd því að í tilviki kæranda hafi skilyrði 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003 ekki verið uppfyllt. Með vísan til þessa var kröfu kæranda hafnað.

*Frestun skattlagningar samkvæmt 4. mgr. 15. gr. hefur í skattframkvæmd verið talin tengjast búskaparlokum.*

30/2016

## Endurgreiðsla virðisaukaskatts til ríkisstofnunar vegna vinnu sérfræðinga við uppsetningu hugbúnaðar og aðra sérfræðipjónustu vegna tölvukerfis kæranda

Kærandi í máli þessu er ríkisstofnun. Ágreiningsefni málsins varðar rétt kæranda til endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. einnig III. kafla reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 55/1997, skal endurgreiða ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt við kaup á þargreindri þjónustu eða vöru. Ríkisskattstjóri synjaði kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna þriggja reikninga frá Advania hf. á þeim grundvelli að um væri að ræða vinnu hugbúnaðarsérfræðings við uppfærslu á stöðluðum hugbúnaði sem félli ekki undir ákvæði 5. tölul. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988. Var niðurstaða ríkisskattstjóra reist á úrskurði yfirsattanefndar nr. 334/2006, einkum því orðalagi í úrskurðinum að greiðslur fyrir uppfærslu eða nýjar útgáfur af hugbúnaði yrði að virða með sama hætti og kaup á fjöldaframleiddum hugbúnaði. Slíkar greiðslur féllu ekki undir 5. tölul. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 þar sem þær heyrðu undir vöruhugtak 1. mgr. 2. sömu laga. Fram kom í úrskurði ríkisskattstjóra að vinna hugbúnaðarsérfræðings við uppfærslu á stöðluðum hugbúnaði þætti vera í beinu framhaldi af vinnunni við smíði hugbúnaðarins í upphafi.

Í málinu lá fyrir uppfærslusamningur og sölureikningur og í niðurstöðu sinni fjallar yfirsattanefnd um efni þessara gagna. Yfirsattanefnd fjallaði einnig um úrskurð sinn nr. 334/2006 og tók fram að þar reyndi einkum á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna greiðslna á grundvelli sölureikninga sem báru með sér mánaðarlegar greiðslur samkvæmt þjónustusamningum um hugbúnað eða greiðslur fyrir notkunaleyfi hugbúnaðar. Í forsendum úrskurðarins hafi verið áréttað að samkvæmt úrskurðaframkvæmd yfirsattanefndar hefði verið litið svo á að endurgreiðsluákvæði 5. tölul. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 tæki ekki til kaupa á fjöldaframleiddum (stöðluðum) tölvuforritum sem telja yrði að félli undir vöruhugtak laga um virðis-

aukaskatt, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Hið sama hefði verið talið gilda þegar keyptur væri réttur til afnota af fjöldaframleiddum hugbúnaði með greiðslu notendaleyfis. Tekið var fram að virða yrði greiðslur fyrir uppfærslu eða nýjar útgáfur hugbúnaðar með sama hætti. Á hinn bóginn hefði verið litið svo á að vinna sérfræðinga m.a. við aðlögun staðlaðs hugbúnaðar að þörfum viðkomandi sveitarfélags eða ríkisstofnunar félli undir endurgreiðsluákvæðið, svo og kennsla í notkun hugbúnaðar og leiðbeiningaþjónusta ásamt uppsetningu hugbúnaðar án tengsla við sölu vélbúnaðar. Var um þetta vísað til fyrri úrskurða yfirsattanefndar. Ágreiningsefni í umræddum úrskurði yfirsattanefndar nr. 334/2006 laut ekki sérstaklega að vinnu sérfræðinga við uppfærslu á hugbúnaði, eins og um er deilt í tilviki kæranda. Kom fram að sú ályktun yrði ekki dregin af niðurstöðu úrskurðarins að öll vinna sérfræðinga í tengslum við uppfærslur eða nýjar útgáfur af hugbúnaði væri ekki kræf til endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt 5. tölul. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, enda hafi með úrskurðinum verið fallist á að leiðbeininga- og viðhaldsþjónusta vegna selds hugbúnaðar teldist sérfræðipjónusta í skilningi umrædds ákvæðis. Hins vegar þóttu þeir liðir, er vörðuðu uppfærslugjald vegna hugbúnaðar, ekki falla undir endurgreiðsluheimild.

Að því virtu sem fram er komið um grundvöll sölureikninga Advania hf., sem mál þetta varðar, svo og að virtum gögnum málsins að öðru leyti, þóttu ekki efni til að draga í efa að um hafi verið að ræða vinnu sérfræðinga við uppsetningu hugbúnaðar og aðra sérfræðipjónustu vegna tölvukerfis kæranda, en ekki endurgjald vegna fjöldaframleidds hugbúnaðar. Í úrskurðaframkvæmd hafi verið talið að vinna sérfræðinga við uppsetningu hugbúnaðar falli undir umrætt endurgreiðsluákvæði laga nr. 50/1988. Hafi það ekki þýðingu í þessu sambandi þótt um vinnu við uppsetningu á uppfærslu við hugbúnað hafi verið að ræða. Samkvæmt þessu var krafa kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts af umræddum sölureikningum tekin til greina.

*Fallist var á endurgreiðslu virðisaukaskatts til ríkisstofnunar vegna vinnu sérfræðinga við uppsetningu hugbúnaðar og aðra sérfræðipjónustu vegna tölvukerfis stofnunarinnar.*



# Rafræn samskipti

Soffía Valgarðsdóttir

*Eftirlitssviði*

Við sem vinnum hjá ríkisskattstjóra höfum öll orðið vör við aukna áherslu á rafræna stjórnsýslu í störfum embættisins. Í febrúar sl. hlaut embættið, ásamt Skúla Eggerti Þórðarsyni, Upplýsingatækniverðlaun SKÝ 2016 en þau voru veitt vegna þess árangurs sem stofnunin hefur náð á sviði rafrænnar stjórnsýslu undanfarin ár. Í umsögn um verðlaunin kom m.a. fram að embættið hafi verið í fararbroddi og frumkvöðull í nýtingu upplýsingatækni sem auðgar líf flestra Íslendinga. Ríkisskattstjóri hefur einnig verið leiðandi í mörgum öðrum verkefnum í rafrænni stjórnsýslu og er Leiðréttingin gott dæmi um vel heppnað verkefni hjá embættinu en samskipti við viðskiptavinum fóru þar nánast eingöngu fram á rafrænu formi og tókst það með eindæmum vel. Sem starfsmaður ríkisskattstjóra er ég mjög stolt af embættinu fyrir þessa viðurkenningu og það frumkvöðlastar sem unnið hefur verið í nýtingu upplýsingatækni.

Lögaðilum á skattgrunnskrá hefur fjölgað mikið á undanförunum árum og verkefni ríkisskattstjóra hafa aukist samhlíða því. Mjög mikilvægt er því að nútímatækni sé vel nýtt svo mál séu unnin með þeim hætti að tími bæði starfsmanna og viðskiptavina nýtist sem best. Með því aukast líkur á að hægt sé að sinna öllum þeim brýnu málum sem embættið þarf að takast á við. Frá árinu 1992 til 2014 fjölgaði einstaklingum á skattgrunnskrá um 36,9% og fyrirtækjum um 316,1%.

Nýting almennings á tölvutækni hefur aukist mikið á undanförunum árum og í skýrslu Hagstofunnar frá september 2014 kom fram að 97% einstaklinga á aldrinum 16-74 ára höfðu notað tölvu undanfarna 3 mánuði. Af því má álykta að flestir ættu í dag að hafa möguleika á því að nýta sér rafræn samskipti í auknum mæli.

Nútímasamskipti eru oftar en ekki rafræn í stað formlegra bréfa. Það að senda formlegt bréf getur verið tímafrekt og krefst þess að bréf sé prentað út og sent í almennum pósti. Sú leið er talsvert dýrari og um leið minna umhverfisvæn en að hafa samskiptin rafræn. Með rafrænum samskiptum styttest boðleiðir og er þá stundum hægt að leysa einföld mál á fljótvirkan hátt. Bréfaskipti geta tekið langan tíma og orðið til þess að starfsmaður þarf jafnvel að setja sig inn í mál að nýju sem hefði ekki verið raunin með skjótvirkari samskipta-leið. Samskipti verða með þeim hætti jafnframt persónulegri og einfaldari. Þegar samskipti eru með rafrænum hætti býður það viðskiptavinum upp á greiðari aðgang að starfsmanni ríkisskattstjóra sem vinnur með mál hans þar sem honum berast skilaboðin beint.

Skjölun verður einfaldari og fljótlegri þegar hægt er að hafa samskipti rafræn. Þá þarf t.d. ekki lengur að skanna inn svarbréf frá gjaldendum heldur flytja þau yfir í skjalakerfi á auðveldan hátt. Öll slík samskipti er



unnt að vista og það takmarkast ekki einungis við þau formlegu. Hið sama á við hjá viðskiptavininum sem mun að líkindum upplifa þægindi af því að eiga samskiptin vistuð á rafrænu formi.

Í sumum flóknari málum getur verið gagnlegt, fyrir bæði starfsmann RSK og viðskiptavin, að geta nýtt rafræna leit í texta samskipta til að finna ákveðin atriði sem huga þarf að. Það verður mögulegt þegar öll gögn eru vistuð á samhæfðan rafrænan hátt en er ekki hægt ef skjal er skannað inn á hefðbundinn hátt. Fyrir gjaldanda er þetta þó háð því að hann sé með tölvukerfi sem ræður við slíka textaleit en í framtíðinni mætti einnig hugsa sér rafrænt viðmót hjá ríkisskattstjóra þar sem viðskiptavinur hafi aðgang að öllum samskiptum sínum við embættið.

Undanfarna mánuði hef ég prófað mig áfram með tölvupóstsamskipti við gjaldendur sem eru með útgefna launamiða á aðila eða félög sem hafa verið afskráð af virðisaukaskattsskrá. Í upphafi samskiptanna þarf að nálgast netfang viðkomandi og er einfaldast að gera það með símtali. Ég hef hringt í forsvarsmenn félaga, eða aðilana sjálfa ef þetta eru einstaklingar í rekstri, og útskýrt um hvað málið snýst. Því næst spyr ég hvort ég geti sent þeim fyrirspurn í tölvupósti og hafa þeir hingað til allir tekið vel í það og gefið upp annað hvort sitt

netfang eða netfang þess sem getur svarað. Almennt hef ég fengið viðbrögð fljótt við fyrirspurnum og hafa flest allir svarað með tölvupósti í framhaldinu. Þeir aðilar sem ekki hafa svarað innan þess frests sem gefinn er fá sent bréf á hefðbundinn hátt.

Á margan hátt væri betra ef hægt væri að fara formlegri leið en tölvupóst í þessum samskiptum og koma rafrænu skilríkin þar sterklega til greina. Ef samskiptin færu fram í gegnum vef ríkisskattstjóra með notkun rafrænna skilríkja eins og gert var í Leiðréttingunni myndi það hafa marga kosti í för með sér. Fyrir utan ofangreint má nefna að gjaldandi gæti séð öll samskipti sín við ríkisskattstjóra á sama stað, auðvelt væri að sjá hvort viðskiptavinur hefði opnað fyrirspurn en jafnframt gæti hann séð hvort starfsmaður ríkisskattstjóra væri búinn að sjá svar hans. Auðvelt væri að rekja öll samskipti þar sem tímastimpill samskipta væri vistaður. Slík samskipti eru í góðu samræmi við kröfur samfélagsins um opið aðgengi einstaklinga að upplýsingum sem hið opinbera geymir um þá og mikla áherslu ríkisskattstjóra á rafræna stjórnsýslu.

Er það von mín að frekari skref verði stigin í þá átt að auka hlut rafrænna samskipta hjá ríkisskattstjóra og helst að nær öll samskipti verði á rafrænu formi þar sem hægt er að koma því við. ■

# Upplýsingatafla RSK 2016

## Staðgreiðsla opinberra gjalda 2016

### Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum.

Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 336.032 kr. .... 37,13%
- Af næstu 500.955 kr. .... 38,35%
- Af fjárhæð umfram 836.990 kr. .... 46,25%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 51.920 kr.

### Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

- Af fyrstu 77.123\* kr. .... 37,13%
- Af næstu 114.973 kr. .... 38,35%
- Af launum umfram 192.096\*\* kr. .... 46,25%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

\*  $4.032.420/366 \times 7 = 77.123$  \*\*  $10.043.880/366 \times 7 = 192.096$

### Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2016 ..... 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr. .... 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2016 ..... 1.678.001 kr.

## Persónuafsláttur 2016

- Einn mánuður..... 51.920 kr.
- Hálfur mánuður ..... 25.960 kr.
- 14 dagar..... 23.832 kr.
- Ein vika ..... 11.916 kr.

## Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald ..... 7,35%
- Viðbót v/sjómannanna á fiskiskipum ..... 0,65%

## Frádráttur vegna almenns aksturs

- 1.000 km, pr. km: ..... 110 kr.
- 1.001 - 2.000 km: ..... 108 kr.
- 2.001 - 3.000 km: ..... 106 kr.
- 3.001 - 4.000 km: ..... 93 kr.
- 4.001 - 5.000 km: ..... 91 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á rsk.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

## Virðisaukaskattur

- Almenn skattþrep ..... 24%
- Sérstakt skattþrep ..... 11%

## Barnabætur 2016

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. júlí og 1. október.

- Hjón/sambúðarfólk
  - með fyrsta barni ..... 199.839 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 237.949 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 119.300 kr.
- Einstæðir foreldrar
  - með fyrsta barni ..... 332.950 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 341.541 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 119.300 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is.

## Vaxtabætur 2016

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi ..... 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri ..... 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki ..... 600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar.

Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

## Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2015

Gildir frá 1. 11. 2015

- Gisting og fæði í einn sólarhring ..... 26.000 kr.
- Gisting í einn sólarhring ..... 14.800 kr.
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag ..... 11.200 kr.
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag ..... 5.600 kr.

## Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2014

Gildir frá 1. 12. 2014

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	208	125	133	80
■ Flokkur 2	SDR	177	106	113	67
■ Flokkur 3	SDR	156	94	100	60
■ Flokkur 4	SDR	139	83	89	54